
2
Lyfjahampur og kannabislyf verði leyfð í lækningaskyni


8
Stórgripaslátrun hefur aukist mjög á síðustu þremur árum


24–25
Um 80% af fóðrinu er eigin framleiðsla

# Bændablaðið

4. tölublað 2021 ● Fimmtudagur 25. febrúar ● Blað nr. 581 ● 27. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is



Þessir fuglar á Kasthúsatjörninni á Álftanesi voru greinilega komnir í vorhugleiðingar enda hefur ísinn verið að gefa eftir í hlýindunum að undanförnu. Á liðnum mánuðum hefur fjöldi tilfella verið staðfestur um smit af völdum fuglaflensuveirunnar H5N8 í vað- og sundfuglum í Evrópu. Fréttir berast nú af hraðri útbreiðslu fuglaflensunnar og hefur smitið borist víða með farfuglum eins og stokkönd. Hefur smit komist í alifuglastofna, m.a. í Svíþjóð, Danmörku, Þýskalandi og víðar. Hefur milljónum fugla þegar verið slátrað vegna þessa. Miklar líkur eru því taldar á að fuglaflensan berist til Íslands með farfuglum í vor. Er sértaklega talin hætta á að smit geti borist með farfuglunum í landnámshænur og aðra alifugla sem fá að ráfa um frjálsir utanhúss. Mynd / HKr.

Matvælastofnun:

## Töluverðar líkur á að nýtt afbrigði fuglaflensu berist til Íslands

**Sérfræðingahópur um fuglaflensu, sem í eiga sæti fulltrúar Matvælastofnunar, Tilraunastöðvar HÍ að Keldum og Háskóla Íslands, fylgist vel með þróun fuglaflensunnar í heiminum og þá sérstaklega á vetrar- og viðkomustöðum íslenskra farfugla.**

Auður Lilja Arnþórsdóttir, sérgreinadýralæknir smitsjúkdóma og faraldsfræði hjá Mast, segir í svari við fyrirspurn Bændablaðsins um möguleikann á að nýtt afbrigði fuglaflensu H5N8 berist til Íslands.



Auður Lilja Arnþórsdóttir.

„Hópurinn álítur að töluverðar líkur séu á að hið alvarlega afbrigði veirunnar, sem nú er mest um í Evrópu, berist til landsins með villtum fuglum á næstu mánuðum, að óbreyttu.“

### *Í íslenskum álftum á Írlandi*

„Matið er meðal annars byggt á því að veiran greindist fyrr í vetur í íslenskum álftum sem hafa vetursetu á Írlandi. Það er því mikilvægt að fuglaeigendur hér á landi geri ráðstafanir til að verja fuglana sína fyrir smiti frá villtum fuglum. Ef fuglaflensa greinist í alifuglum eða öðrum fuglum í haldi þarf að grípa til niðurskurðar á öllum fuglum á viðkomandi stað og gera sérstakar ráðstafanir um vöktun og sóttvarnir á stóru svæði umhverfis hann og aðra staði sem honum eru tengdir.“

Auður segir að afleiðingar fuglaflensu á alifuglabúum séu mjög alvarlegar og því mikils um vert að koma í veg fyrir að smit berist inn á þau.

Ítarlegar upplýsingar um fuglaflensu og mikilvægustu sóttvarnir er að finna á vef Matvælastofnunar. Fuglaeigendur eru hvattir til að tilkynna Matvælastofnun ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi eða aukin dauðsföll meðal fuglanna. Jafnframt er almenningur beðinn um að tilkynna til stofnunarinnar ef villtir fuglar finnast dauðir, nema ef augljóst er að þeir hafi drepist af slysförum.

Tilkynningar má skrá sem ábendingu á vef Matvælastofnunar, www.mast.is, hringja í síma 530-4800 eða senda tölvupóst á mast@mast.is. /VH

*– Sjá nánar í fréttaskýringu um fuglaflensuna á bls. 20*

Einn geitfjárræktandi sótti um styrk úr Matvælasjóði og fékk höfnun:

# Umsögn með höfnun lýsir fádæma fordómum

– segir Anna María Flygenring, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands

**Einn geitfjárræktandi var í hópi umsækjenda um styrk úr Matvælasjóði. Hann fékk höfnun. Anna María Flygenring, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands, segir í sjálfu sér ekkert um það að segja, sumir umsækjenda fengu styrki, aðrir ekki. Hún velti hins vegar fyrir sér umsögn sem fylgdi með höfnuninni og finnst að hún lýsi fádæma fordómum. Bjartsýni á að geitfjárrækt eigi sér framtíð á Íslandi hafi minnkað til muna eftir lestur umsagnarinnar.**

Matvælasjóður var stofnaður á síðastliðnu ári og fór fyrsta úthlutun úr honum fram skömmu fyrir jól. Alls fengu 62 úthlutað úr sjóðnum og nam upphæðin sem til ráðstöfunar var 480 milljónum króna. Mun fleiri sóttu um, alls 266 umsóknir bárust um styrki upp á um 2,7 milljarða króna. Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Áhersla er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu um land allt.

### *„Virðist lítill vilji til að læra að elda og nýta geitakjöt“*

Anna María segir að hún hafi orðið steinhissa þegar hún las umsögn sem geitfjárræktandinn fékk með höfnun á umsókn sinni. Hún hljóðar svo:

„Hversu umhverfisvæn er ræktun geita? Geitur ganga hart að umhverfi sínu og þar sem íslensk náttúra á frekar undir högg að sækja þegar kemur að gróðurþekju og er á mörgum stöðum örfoka skýtur skökku við að ætla að stækka bústofn tegundar sem er ágeng á gróður. Einnig spyr maður sig af hverju vinsældir hafa ekki náð sér á strik á þessum 1000 árum, virðist lítill vilji vera fyrir því að læra að elda og nýta geitakjöt. Nú þegar eru bændur í vandræðum með að losa sig við lambakjöt, hví bæta annarri kjötafurð við.“

„Ég var afskaplega hissa þegar ég las þessa umsögn og mér þykir hún lýsa miklum fordómum, fáfræðin um



„Í umsókn Matvælasjóðs felst algjör mótsögn við verndun viðkvæmra búfjárstofna á Íslandi en þar undir fellur einungis íslenska geitin sem hvergi annars staðar í heiminum er til hreinræktuð,“ segir Anna María Flygenring, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands.

geitur og hegðun þeirra er mikil,“ segir Anna María. Hún nefnir að geitur hafi flestar verið hér á landi í kringum árið 1930, þá um 3000 talsins. Á liðnu ári voru um 1500 geitur á Íslandi. Stórt skarð var höggvið í stofninn í kjölfar þess að riða kom upp í Skagafirði í fyrrahaust og lágu þá geitur í valnum ekki síður en sauðfé.

### *Algjör mótsögn við verndun viðkvæmra búfjárstofna*

„Geitur eru sjaldnast á afrétti hér á landi, þær eru hafðar innan girðinga á ræktuðu landi. Mér þykir frekar langsótt að kenna þessum 1500 geitum sem hér eru um uppblástur landsins,“ segir Anna María. Hún nefnir einnig að okkur Íslendingum beri samkvæmt alþjóðlegum samningum að viðhalda og forða frá útrýmingu stofnum líkt og íslenska geitin er. Ein leið sem bent hefur verið á og samþykkt af erfðanefnd landbúnaðarins sem fer með vörslu þeirra mála er að auka virði og afurðir geitanna.

„Í umsókn Matvælasjóðs felst algjör mótsögn við verndun viðkvæmra búfjárstofna á Íslandi en þar undir fellur einungis íslenska geitin sem hvergi annars staðar í heiminum er til hreinræktuð,“ segir Anna María.

### *Ófaglegt að láta eina kjötafurð gjalda fyrir aðra*

Hún segir það einnig reginfirru að enginn áhugi sér fyrir því að reyna fyrir sér með eldun á afurðum geitanna.

„Það er einmitt mikill áhugi fyrir hendi að prófa það. Við stofnuðum vinnuhóp eftir síðasta aðalfund félagsins í því skyni að koma því máli áleiðis,“ segir hún. Bendir hún jafnframt á hversu ófaglegt það sé að láta eina kjötafurð, geitakjöt, gjalda fyrir aðra og vísar þar í umsögn frá Matvælasjóði um að bændur ættu nú þegar í vandræðum með að losa sig við lambakjöt og því þá að bæta annarri kjötafurð við.

„Ég vona að stjórnarmenn Matvælasjóðs gæti betur að sér við næstu úthlutun, athugi til að mynda hvort sjóðurinn vinni jafnt fyrir alla matvælaframleiðendur,“ segir Anna María og spyr hvort það hafi ekki verið stefna sjóðsins. /MÞÞ

FRÉTTIR

# Stefnt að fullri kolefnisjöfnun hjá Lambhaga

**Fyrstu niðurstöður úr mælingu á kolefnisfótspori garðyrkjustöðvarinnar Lambhaga sýna að það er 1.11 kíló af $CO_2$ á hvert kíló af framleiddri vöru. Stefnt er að því að kolefnisjafna alla framleiðslu fyrirtækisins með því að planta skóg á 100 hekturum á næstu árum.**

Kolefnissporið er reiknað samkvæmt reiknilíkani sem Samband garðyrkjubænda á Íslandi hefur haft í boði frá árslokum 2018. Hafberg Þórisson, eigandi Lambhaga, segist hafa stillt starfsemi Lambhaga upp í reiknivélina þar sem fundið er kolefnisspor salatsins alveg frá fræi þar til salatið er tilbúið til dreifinga. „Niðurstaða þess er að kolefnisspor Lambhaga var 1.11 kíló af koltvísýringi á hvert kíló af salati þann 2. febrúar síðastliðinn.“

*Unnið að sjálfbærni markmiðum SÞ*

Hafberg segir að Lambhagi hafi undanfarið verið í ferli sem felst í því að máta starfsemi fyrirtækisins við 17 sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna.

„Við höfum verið í samvinnu



Hafberg Þórisson, garðyrkjubóndi í Lambhaga.

við fyrirtæki í Lúxemborg sem vinnur verkefnið fyrir okkur og við erum komin með skýrslu frá þeim og okkur hefur tekist að finna farveg til að mæta þeim flestum markmiðum að öllu eða einhverju leyti.

Í framhaldi af niðurstöðu kolefnismælingarinnar er ætlunin hjá okkur að fara út í stóreflis skógrækt til að kolefnisjafna alla okkar starfsemi niður í núll á næstu árum. Við erum komin í samvinnu við Skógræktina og Kolvið og höfum




Ný garðyrkjustöð sem Hafberg er að reisa í Mosfellsdal.

fengið úthlutað 100 hekturum norður í Húnavatnssýslu og ætlum að byrja að planta út í vor.“

*Kolefnissporið lægra undir gleri*

Hafberg segir áhugavert hversu vel ræktun í hefðbundnum gróðurhúsum, þar sem sólar nýtur, hefur komið vel út í erlendum mælingum miðað við lóðrétta ræktun við rafmagnslýsingu.

„Miðað við þær rannsóknir sem ég hef séð er kolefnissporið við lóðrétta raflýsingu allt að hundrað sinnum hærra en við hefðbundna ræktun undir gleri.“

*Merkingar á umbúðum*

„Í haust ætlum við svo að vera búin að merkja allar okkar framleiðsluvörur með kolefnissporinu næsta haust og þá geta neytendur tekið upplýsta ákvörðun um neyslu salats með tilliti til loftslagmála. Lambhagi framleiddi á síðasta ári rúmlega fjórðung af salatneyslu landsmanna svo enn er umtalsvert rými til þess að auka innlenda framleiðslu fyrir innlendan markað,“ segir Hafberg Þórisson, garðyrkjubóndi í Lambhaga.“ /VH

## Þingsályktunartillaga:

# Lyfjahampur og kannabislyf verði leyfð í lækningaskyni

**Þingsályktun um þróunaráætlun og tilraunaverkefni fyrir ræktun lyfjahamps og notkun kannabislyfja í lækningaskyni.**

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er með í undirbúningi þingsályktunartillögu um að Alþingi álykti að fela heilbrigðisráðherra í samráði við ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að setja á fót starfshóp sem hefur það hlutverk að útbúa frumvarp sem heimilar garðyrkjufyrirtækjum að sækja um leyfi fyrir ræktun lyfjahamps til kannabisræktunar og til framleiðslu og dreifingu á kannabislyfjum í lækningaskyni.

Um verði að ræða fjögurra ára tilraunaáætlun sem hefjist 1. janúar 2022 en heilbrigðisráðherra leggur fram frumvarpið í upphafi 152. löggjafarþings um tilraunastarfsemina.

Í greinargerð vegna tillögunnar segir að 1. janúar 2018 hafi sérstök þróunaráætlun og tilraunaverkefni um ræktun lyfjahamps og notkun kannabislyfja í lækningaskyni verið kynnt í Danmörku. Tilraunaverkefnið byggir á samkomulagi sem gert var á danska þinginu um ráðstöfun fjármuna í heilbrigðis- og öldrunarmálum 8. nóvember 2016.

*Ræktun undir eftirliti*

Ásmundur segir að frá því að þróunaráætlunin um ræktun hamps tók gildi í Danmörku hafi verið heimilt að rækta hampjurtina, Cannabis sativa, þar í landi í því skyni að vinna úr henni lyf. „Ræktun er háð leyfi dönsku lyfjastofnunarinnar og er landbúnaðarstofnunin umsagnaraðili varðandi landbúnaðarhlið málsins. Þá leggur ríkislögreglan mat á umsækjandann með tilliti til þess hvort fært sé að veita honum ræktunarleyfi.“ Tilraunaverkefnið er því undir ströngu eftirliti og á ekkert skylt við neyslu kannabis, segir Ásmundur.

*Skapar ný tækifæri*

Samkvæmt dönsku leiðinni geta fyrirtæki og garðyrkjustöðvar sótt um leyfi til kannabisræktunar og síðan aukin leyfi til framleiðslu og dreifingar á kannabis til nota í lækningavörur þar í landi, en samhliða þróunarverkefninu um ræktun kannabis var sett á laggirnar tilraun um notkun efna úr hampjurtinni í lækningaskyni.



Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

„Samkvæmt þeim reglum sem gilda um fjögurra ára tilraunina er læknum í Danmörku heimilt að prófa meðferð og ávísa kannabislyfjum til sjúklinga þegar önnur lyf hafa ekki komið að notum. Tilraunaáætluninni er ætlað að veita betri grundvöll til að meta notkun kannabisefna í lok reynslutímabilsins og frá 1. janúar 2019 hafa Danir sem nota kannabislyf samkvæmt læknisráði átt kost á endurgreiðslu kostnaðar vegna lyfjakaupanna samkvæmt sérstökum reglum.“

Ásmundur segir að stefna stjórnvalda og heilbrigðiskerfisins varðandi afstöðu til kannabisefna hér á landi þarfnist umtalsverðrar umræðu og að grundvöllur sé skapaður til frekari rannsókna. „Það er álit flutningsmanns að samsvarandi tilraunaverkefni og var samþykkt í Danmörku skapi opinskáar umræður hér á landi, sem mun byggja á rannsóknum og skapa jafnvel ný tækifæri til nýsköpunar í landbúnaði á orkuríkum svæðum.“ Ég sé fyrir mér gríðarleg tækifæri fyrir garðyrkjuna í landinu til atvinnu- og tekjuöflunar enda skapar lyfjaframleiðsla úr kannabis mikil verðmæti fyrir framleiðendur og gæti haft afar jákvæð áhrif á afkomu garðyrkjubænda segir Ásmundur. Þá komi landsvæði eins og á Reykjanesi, sem búa við jarðhita og næga orku, til greina sem hentug staðsetning fyrir framtíðaraðstöðu í stórfelldri ræktun.

*Drög um eftirfarandi*

Ásmundur vill að skipaður verði starfshópur sem verði falið að kanna, ræða og gera drög að frumvarpi um eftirfarandi:

- Skilgreina leyfi til ræktunar, framleiðslu og dreifingu á kannabis í lækningaskyni.
- Útgáfa leyfa.
- Útbúa þróunaráætlun sem gildir til fjögurra ára og að hún sé í samræmi við reglur um lyfjaprófsáætlanir.
- Útbúa lista yfir þær kannabisvörur sem heimilt er að framleiða og dreifa og sem löglega megi ávísa af læknum og afgreiða í apóteki.
- Umsóknarform og umsóknarferlið.
- Skilyrði fyrir útgáfu leyfa og að ræktendur tryggi rekjanleika í báðar áttir og geti tilgreint þá aðila sem þeir hafa fengið aðföng frá s.s. útsæði og fræ.
- Meðhöndlun og pökkun framleiðslunnar uppfylli kröfur laga og reglugerðar um hollustuhætti- og mengunarvarnir.
- Markaðssetningu.
- Gjaldtöku.
- Tillögu að breytingum á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, ásamt reglugerðum.
- Önnur atriði sem nauðsynlegt er að tiltaka í lagafrumvarpinu.

*Ekki verið að lögleiða kannabis*

„Ásmundur vill að heimilt verði á grundvelli sérstakrar þróunaráætlunar að framleiða virk efni úr kannabis í læknisfræðilegum tilgangi, til að skapa grundvöll til að meta notkun kannabisefna í lok reynslutímabils sem verður fjögur ár. Hér sé ekki verið að leggja til lögleiðingu á kannabis eða afglæpavæðingu kannabisefna. Að mínu mati verður að líta alvarlega til þessarar tilraunaáætlunar sem Danir hafa unnið að og byggja á reynslu þeirra og annarra þjóða og skapa grundvöll að þeirri athugun að leyfa kannabis í lækningaskyni til tilraunar.

Það er slæmt að fólk sem reyni að lina þjáningar með kannabis þegar öll önnur ráð eru á þrotum þurfi að gerast, eða upplifa sig sem lögbrjóta. Ekki sé rétt að meina sjúklingum um aðgang að kannabisvörum til að vernda þá sem hugsanlega geta misnotað það,“ segir Ásmundur Friðriksson, þingmaður sjálfstæðisflokksins.

/VH



## Lely Center Ísland

breviglieri COSMO

**Breviglieri**

| | |
|---|---|
| B123 jarðtætari 3 metra vinnslubreidd með vökvastilltum jöfnunarvals | kr. 1.880.000 + vsk (2 stk. til) |
| B123 jarðtætari 3 metra vinnslubreidd án vals | kr. 1.640.000 + vsk (1 stk. til) |
| Mek 150 pinnatætari 3,5 metra vinnslubreidd með vökvastilltum jöfnunarvals | kr. 2.370.000 + vsk (1 stk. til) |






**Cosmo**

| | | |
|---|---|---|
| UH 72 jarðtætari | 1,9 metra vinnslubreidd | kr. 590.000 + vsk (2 stk. til) |
| UH 84 jarðtætari | 2,1 metra vinnslubreidd | kr. 640.000 + vsk (3 stk. til) |
| VH 90 jarðtætari | 2,3 metra vinnslubreidd | kr. 920.000 + vsk (2 stk. til) |

Vorið nálgast !

**BPF ruddasláttuvél**
2,25m vinnslubreidd
kr. 950.000 + vsk (1 stk. til)






RXX 1600 áburðardreifari - 1600 lítra 2 skífu
kr. 795.000 + vsk **Tilboðsverð !** (2 stk. til)

RXX 1900 áburðardreifari - 1900 lítra 2 skífu
kr. 855.000 + vsk **Tilboðsverð !** (1 stk. til)



Verð m.v. gengi EUR 155

**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – lci.is



## Lely Center Ísland










# VARAHLUTIR Í DRÁTTARVÉLAR


















**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – lci.is

## AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA



Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, heimsótti Vigdísi Hässler, framkvæmdastjóra Bændasamtakanna, og Gunnar Þorgeirsson formann á dögunum.

# Styttist í Búnaðarþing

**Þegar þessi pistill er ritaður er nákvæmlega mánuður til stefnu til næsta Búnaðarþings, sem haldið verður dagana 22. og 23. mars. Þema þingsins að þessu sinni verður Áfram veginn, sem felur þó ekki í sér tilvísun til slagorða háskólaakademíu eða stjórnmálaflokks, nú eða til ævisögu Stefáns Íslandi óperusöngvara.**

Þemað, Áfram veginn, vísar til þeirrar vegferðar sem Bændasamtök Íslands standa frammi fyrir sem snúa að einföldun á umfangsmiklu félagskerfi bænda í því augnamiði að styrkja starfsemi samtakanna, auka skilvirkni, ná fram betri sérhæfingu starfsfólks og fá aukinn slagkraft út úr starfinu öllum félagsmönnum til góða.

*Flókið félagskerfi*

Fyrir leikmenn er ekki einfalt að átta sig á umfangsmiklu og að því er virðist flóknu félagskerfi bænda. Búgreinafélögin eru 12 talsins og eru þar á meðal t.a.m. Félag kjúklingabænda, Félag hrossabænda, Landssamtök kúabænda, Landssamtök skógareigenda og þar fram eftir götunum. Fyrir utan búgreinafélögin starfa svo 11 sérstök búnaðarsambönd sem starfa á afmörkuðum svæðum landið um kring og hvert með sína sérstöðu og sérverkefni heima í héraði. Félögin þrjú, sem eru ótalin, eru síðan Beint frá býli, VOR (samtök bænda í lífrænum landbúnaði) og Samtök ungra bænda.

*Opinn streymisfundur 4. mars*

Síðastliðna viku hafa formaður og varaformaður stjórnar BÍ, ásamt framkvæmdastjóra, átt 27 fundi með stjórnum aðildarfélaga BÍ til að kynna tillögur að breyttu félagskerfi. Viðbrögð og þátttaka hefur verið með miklum ágætum og umræður gagnlegar. Í kjölfarið stendur til að halda opinn streymisfund þann 4. mars nk. þar sem fólki gefst tækifæri á að koma á framfæri hugleiðingum og spurningum.

*Búnaðarþing hefðbundið eða rafrænt?*

En svo við snúum okkur aftur að Búnaðarþinginu, þá eru uppi tvær sviðsmyndir varðandi skipulag og fyrirkomulag þingsins. Annars vegar er um að ræða staðarþing, þá eingöngu með búnaðarþingsfulltrúum, með von um rýmkun á gildandi samkomutakmörkunum og jákvæða framvindu bólusetningar landans. Hins vegar þurfum við þó einnig að vera því viðbúin að halda rafrænt þing fyrir alla þátttakendur.

*Hátt í 20 aðilar hafa sýnt áhuga á Hótel Sögu*

Málefni hótelsins, Bændahallarinnar, hafa farið mikinn í fjölmiðlum síðustu vikur. Ýmsir aðilar hafa sýnt Bændahöllinni áhuga og má þar meðal annars nefna Háskóla Íslands, en heimildir fréttamiðla hafa verið á þá leið að hátt í 20 innlendir sem erlendir aðilar hafi sýnt húsnæðinu áhuga. Hversu mikill og alvarlegur sá áhugi hefur raunverulega verið get ég ekki sagt með vissu en í öllu þessu mikla fréttaflóði er þó vert að greina á milli „fyrirspurna“ vegna húsnæðisins annars vegar og „áhugasamra“ um húsnæði hins vegar.

*/Vigdís Häsler*

# Veffundur um sameiningu BÍ og búgreinafélaga

**Stjórn Bændasamtakanna hefur boðað til bændafundar á netinu fimmtudaginn 4. mars þar sem kynntar verða tillögur að breytingum á félagskerfi landbúnaðarins.**

Síðustu daga hefur forsvarsfólk BÍ fundað með fulltrúum búgreinafélaga um mögulega sameiningu í eitt félag. Nýtt skipulag byggist á þeirri sýn að Bændasamtök Íslands verði öflugt félag bænda sem sé í virkum tengslum við neytendur og stjórnvöld á hverjum tíma. Meginmarkmiðið með sameiningunni er að sögn forystufólks innan BÍ að auka skilvirkni og bæta nýtingu fjármuna, ná fram sem breiðastri samstöðu meðal bænda og auka slagkraft hagsmunagæslunnar.

Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ, og Oddný Steina Valsdóttir, varaformaður BÍ, munu kynna sameiningarhugmyndirnar og sitja fyrir svörum á opnum veffundi fimmtudaginn 4. mars klukkan 13.00. Fundinum verður streymt á Facebook-síðu Bændasamtakanna en þar geta þátttakendur sent inn fyrirspurnir á meðan fundi stendur. Einnig stendur til boða að leggja fram spurningar fyrir fundinn á netfangið bondi@bondi.is.

Bændablaðið
Kemur næst út 11. mars

## FRÉTTIR

Netuppboð Köbenhagen Fur:

# Allt að 70% hækkun á skinnum

**Vegna góðra sölu var ákveðið að lengja netuppboð Köbenhagen Fur um tvo daga. Einar E. Einarsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda og bóndi að Skörðugili, segir að vegna COVID-19 fari uppboðið fram á netinu.**



Einar E. Einarsson.

„Uppboðið hófst 20. febrúar og í fyrstu stóð til að því lyki 23. febrúar en vegna góðra sölu var það lengt fram á seinni part 25. febrúar. Fyrirkomulag uppboðsins er þannig að ef boðið er í skinn á síðustu stundu framlengist tíminn til að bjóða í og vegna góðrar sölu var tíminn lengdur.“

Einars segir að samkvæmt því sem hann hafi heyrt séu um tvö milljón skinn í boði og að búið sé að selja stóran hluta þeirra og að meðaltali hafi verð hækkað um 70%.

„Hækkunin kemur reyndar ofan á verð sem var lágt en þetta er óneitanlega jákvæð þróun. Ég veit ekki hversu mörg íslensk skinn eru í boði að þessu sinni en þau eru nokkur þúsund og sjálfur á ég 1700 skinn til sölu.“ */VH*




Þótt Íslendingar hafi lítið verið að ferðast til útlanda á síðasta ári þá gegnir öðru máli með íslensk hross. Ekki hafa fleiri hross farið úr landi með flugvélum í 23 ár. Myndir / Íslandsstofa.

## 53% aukning í hrossaútflutningi milli ára:

# Flutt voru út 2.320 hross sem er mesti hrossaútflutningur síðan 1997

## – Verðmætið var um1,5 milljarðar króna

**Árið 2020 voru 2.320 hross flutt út frá Íslandi en eftirspurn eftir íslenska hestinum erlendis hefur vaxið hratt. Alls voru 2.320 hross flutt úr landi. Það eru 811 fleiri hross en árið 2019, sem þó var mjög gott ár með 1.509 útflutt hross. Þetta er 53% aukning milli ára. Fara þarf 23 ár aftur í tímann, eða til 1997, til að finna sambærilegar tölur, en þá voru 2.565 hross flutt úr landi. Þetta kemur fram í samantekt WorldFengs.**

Þetta ár kemst í sögubækur þegar kemur að útflutningi á hrossum, en salan var einnig góð innanlands og eftirspurn eftir hrossum hefur almennt verið góð undanfarið. Reyndar var talað um algjöra sprengingu í útflutningi á íslenskum hestum í forsíðu Bændablaðsins 22. október þegar séð var í hvað stefndi.

Fluttir voru út í fyrra 314 stóðhestar, 1.015 hryssur og 991 geldingar. Þar af voru 156 1. verðlaunahross. Samkvæmt Hagstofunni var samanlagt útflutningsverðmæti hrossa árið 2020 rúmir 1,5 milljarðar íslenskra króna, samanborið við rétt rúman milljarð árið 2019. Þetta er einnig 53% aukning milli ára.

*176% vöxtur til Bandaríkjanna*

Útflutningur til allra helstu markaðssvæða jókst í fyrra. Eins og ævinlega fóru flest hross til Þýskalands, eða 974. Næstflest hross fóru til Svíþjóðar og Danmerkur, eða 306 og 271 hross. Athygli vekur að Bandaríkin eru í fjórða sæti, en 141 hross voru flutt þangað í samanburði við 51 árið 2019. Þetta er gífurleg aukning milli ára, eða 176% vöxtur!

Fleiri markaðir sækja í sig veðrið. Sviss, sem er í fimmta sæti, tók við 135 íslenskum hestum. Það er aukning upp á 40 hross, eða 42% milli ára. Til Belgíu fóru 43 hross, sem er meira en þrefaldur fjöldi þeirra hrossa sem sendur var þangað árið á undan.



Jelena Ohm, verkefnastjóri Horses of Iceland.

*Líta Bretlandsmarkað hýru auga*

Í Bretlandi var tekið við 31 hrossi í fyrra, nærri tvöfalt fleiri hrossum en árið 2019. Útflytjendur hafa löngum litið Bretlandsmarkað hýru auga vegna nálægðar og náinna tengsla við sterka markaði annars staðar í Evrópu. Strembið hefur reynst að vekja áhuga breskra hestaunnenda á íslenska hestinum vegna ríkra reiðmennskuhefða á stórum hestum, en þetta gæti verið vísbending um breytt viðhorf, segir í fréttabréfi Horses of Iceland.

Einnig fóru íslenskir hestar til nýrra markaðssvæða árið 2020, en þrjú íslensk hross voru flutt til Lettlands í fyrsta skipti.

Gott orð fer af íslenska hestinum erlendis, en rannsóknir gefa til kynna að markaðsstarf Horses of Iceland hafi borið góðan árangur. Kostir íslenska hestsins hafa verið kynntir á samfélagsmiðlum, í blaðagreinum, í sjónvarpsþáttum, á sýningum og víðar. Kynningarefnið hefur náð til stórs hóps fólks úti um allan heim.

„Það er margt sem hefur áhrif á þetta frábæra útflutningsár en það er klárt að fólk eyddi meiru í tómstundir sínar frekar en ferðalög í fyrra. Við erum svo heppin að hestamennsku er hægt að stunda að mestu leyti þrátt fyrir heimsfaraldurinn. Hins vegar teljum við einnig að gott vörumerki með samræmd skilaboð og myndefni sem Horses of Iceland hefur komið á framfæri hafi haft mjög jákvæð áhrif á ímynd íslenska hestsins. Við finnum greinilega fyrir auknum áhuga í mörgum löndum,“ segir Jelena Ohm, verkefnastjóri Horses of Iceland.

Þrátt fyrir erfitt efnahagsástand vegna Covid-19 eru hrossaútflytjendur bjartsýnir og búast við áframhaldandi góðum útflutningi árið 2021. */MÞÞ/HKr.*



LANDSHÚS
ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR
KLETTAR HEILSÁRSHÚS
• Klettar eru sterkbyggð hús – sérhönnuð af Eflu verkfræðistofu.
• Húsin eru hefðbundin timburgrindarhús sem eru Íslandi að góðu kunn.
• Húsin afhendast ósamsett, að hluta í forsmíðuðum einingum og að hluta sem forsniðið efni. Hentug lausn við þröngar aðstæður.
• Uppsetning húsanna er afar fljótleg.
• Klettar eru með rúmgóðu svefnlofti (hæð 2,1m) sem eykur notagildi hússins umtalsvert.
EFLA
Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingar-löggjöf.
Klettar 65 – Grunnverð kr. 8.373.000,-
Klettar 80 – Grunnverð kr. 10.807.000,-
Ítarlegar upplýsingar og afhendingarlýsingu má finna á vefsíðu okkar.
Húsið á myndinni er af gerðinni Klettar 80 sem reist var 2019 á Vesturlandi.
JÖKLAR GESTAHÚS
Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.
Jöklar Flat (24fm) kr. 2.900.000,-
Jöklar Burst (grunnstærð 24fm) kr. 3.133.000,-
Jöklar íslensku húsin (24fm) kr. 3.133.000,-
EININGAKERFIÐ Með hagkvæmni að leiðarljósi
Öll húsin okkar eru útfærð í einingakerfi Landshúsa, sem er íslensk hönnun. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri.
AFHENDINGARTÍMI
Afhendingartími á Klettum og Jöklum eru 12 vikur frá staðfestri pöntun.
STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN
Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is
LANDSHÚS

# Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.600 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.600 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Ágústa Kristín Bjarnadóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

## Betur má ef duga skal

**Til að reka þjóðfélag með skilvirkum hætti er lykilatriði að samgöngur séu greiðar og allir innviðir vegakerfis, flugvalla og hafna séu eins góðir og mögulegt er. Það á líka við heilbrigðiskerfið, löggæslu og skóla. Ef þessir hlutir eru í lagi á að vera hægt að tryggja skilvirkni og hámarks arðsemi af allri starfsemi þjóðfélagsins. Því miður hefur hver úttektin af annarri sýnt að þessir hlutir eru bara alls ekki í lagi.**

Í úttekt ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey er íslenski Landspítalinn borinn saman við háskólasjúkrahúsið í Umeå í Svíþjóð og Karolinska háskólasjúkrahúsið þar sem þeim svipar til hans en á ólíkan hátt. Landspítalinn, sem nú er rekinn sem háskólasjúkrahús, sogar stöðugt til sín aukið fjármagn og á sama tíma berast látlausar fréttir af vandamálum við reksturinn og að hann nái að sinna sínu hlutverki.

Kemur m.a. fram í skýrslu McKinsey að afköstin hjá Landspítalanum eru minni en áður þó stöðugildin séu fleiri og kostnaður meiri. Í ráðleggingum McKinsey segir m.a. að Landspítalinn þurfi að skilgreina skýrar mælieiningar og setja sér markmið með tilliti til framleiðni. Bregðast þurfi við fráflæðivandanum með því að bæta ferla innan sjúkrahússins.

Varðandi samgöngukerfið þá er vandinn gríðarlegur þrátt fyrir að sýnt hafi verið fram á að ekki skortir tekjuinnstreymið t.d. af notkun þjóðvegakerfisins. Um árabil hafa skattar á innflutning og notkun bíla skilað ríkissjóði um og yfir 80 milljörðum króna. Aðeins hluti af heildartekjum ríkisins af bílum og umferð fer í nýbyggingu og viðhald vegakerfisins. Sem dæmi var áætlað að verja 29 milljörðum í endurbætur og viðhald á vegakerfinu á árinu 2019 og 30 milljörðum á árinu 2020. Á árinu 2021 er talað um að veita 27 milljörðum í þennan málaflokk. Þetta eru 86 milljarðar á þrem árum. Það þýðir að af skatttekjum vegna umferðarinnar á þremur árum er verið að nota tekjur sem svara nokkurn veginn innkomu eins árs og eftir standa 154 milljarðar króna af umferðartekjunum sem renna þá til annarra verkefna ríkisins.

Í nýlegri skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga er staðfest að mikið vantar upp á að ríkið sé að sinna viðhaldi og uppbyggingu innviða samgöngukerfisins.

Vegakerfið á Íslandi er um 26.000 kílómetrar að lengd. Þar af eru þjóðvegir um 12.900 km og sveitavegir um 12.800 km. Samgöngukerfið samanstendur síðan af vegakerfi, flugvöllum og höfnum. Endurstofnverð þessa kerfis er metið á 1.525 milljarða króna.

Til að viðhalda samgöngukerfinu þarf að verja miklum fjármunum á hverju ári. Ef það er ekki gert, eins og raunin hefur verið í fjölmörg ár, þá drabbast kerfið niður og grunnstoðir eyðileggjast. Þegar svo farið er í viðhald allt of seint verður kostnaðurinn oft margfalt meiri en hann þyrfti að vera. Án viðhalds minnkar skilvirkni í framleiðslu þjóðarbúsins þar sem öruggir flutningar um vegina eru oft lykilatriði.

Í skýrslu SI segir að ónóg fjárfesting í innviðum hér á landi hefur valdið því að ástand þeirra er víða óviðunandi og uppsöfnuð fjárfestingarþörf er talsverð. Að meðaltali fá innviðir sem skýrsla þessi nær til ástandseinkunnina 3 en einkunnagjöfin er á bilinu 1 til 5 þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 sú hæsta. Þetta myndi teljast falleinkunn í öllum venjulegum skilningi. Það er alveg ljóst að ef það hefur einhvern tíma verið lag til að taka betur á í þessum efnum, þá er það núna meðan íslenska ríkið nýtur sérlega lágra vaxtakjara. Það er með öllu óafsakanlegt að nota ekki þetta tækifæri. /HKr.

## Þörf á að ræða endurskoðun rammasamnings


**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is




**Fæðuöryggi. Á dögunum var kynnt skýrsla Landbúnaðarháskóla Íslands um fæðuöryggi og áhrif á framleiðslu og ógnanir sem væru fyrir hendi við framleiðslu ef til innflutningstakmarkana kæmi. Þessi skýrsla er um margt athyglisverð og sýnir okkur framleiðendum á landbúnaðarafurðum að tækifæri leynast víða í að efla framleiðslu matvæla á Íslandi.**



***Þörf á að fara að ræða endurskoðun rammasamnings***

Það sem kemur fram í skýrslunni er hversu háð við erum innflutningi á kjarnfóðri og kornmeti. Eftir birtingu skýrslunnar hefur ráðherra rætt um nauðsyn þess að efla kornframleiðslu á Íslandi, sem er vel. En það sem er undarlegt við þessar hugrenningar er að við endurskoðun rammasamnings sem nýlega er búið að undirrita var ítrekað rætt við samningaborðið hvernig auka mætti við stuðning einmitt í kornrækt bæði sem kjarnfóður og til manneldis. Viðbrögð samninganefndarinnar var á einn veg að ekki væri vilji til að setja aukið fjármagn til þessa hluta þannig að við undirritun var enginn vilji til að gera betur.

Þetta er málefni sem við verðum að taka samtal um við endurskoðun búvörusamninga 2023. Það er ekki seinna vænna en að fara að ræða þá endurskoðun, þar sem þessar viðræður og útfærslur virðast taka ótrúlega langan tíma. Endurskoðun rammasamningsins átti að fara fram 2019 en lauk ekki fyrr en nú á þessu ári. Ég hvet bændur til að kynna sér þessa ágætu skýrslu og nýta hana til framþróunar í framleiðslu á íslenskum matvælum.

***Ekki horft til framleiðslu landbúnaðarvara í heild sinni***

Stuðningur í kjötgeiranum. Fyrir liggur samþykkt fjárlaganefndar á framlagi á 971 milljón í fjárlögum þessa árs, en eins og segir í greinargerð með fjármunum að skuli fara til nautgripabænda og sauðfjárbænda. Unnið er að tillögum á útfærslum á hvernig þessum fjármunum skuli ráðstafað í landbúnaðarráðuneytinu í samtali við viðkomandi búgreinar.

Það sem kemur mér mest á óvart í þessum hugmyndum er að ekki skuli horft til framleiðslu landbúnaðarvara í heild sinni heldur einungis bundið við áðurnefndar tvær kjötgreinar. Ég treysti því að ráðherra landbúnaðarmála komi með einhverjar hugmyndir að lausnum fyrir aðrar greinar þegar líða tekur á vorið.

Nú hefur verið boðað til Búnaðarþings þann 22. og 23. mars næstkomandi á grunni nýrra sóttvarna en mögulegt er að hafa það staðarþing. Unnið er að útfærslu á þinginu þar sem munu verða mjög skýrar reglur um þingið og gætt verður að ítrustu sóttvörnum. Eins og staðan er í dag þá mun einungis vera boðið kjörnum fulltrúum til þingsins ásamt starfsmönnum því tengdu. Það er von mín að við virðum öll þær leiðbeiningar sem gefnar verða út svo við getum átt samtal um fyrirhugaðar breytingar á félagskerfi bænda til framtíðar.

***Bændur passi upp á nágranna sína í COVID***

Á undanförnum vikum höfum við verið í samtali við aðildarfélög innan Bændasamtakanna. Þar hafa komið fram áhyggjur fólks af einangrun einstaklinga vegna sóttvarna. Ég vil hvetja bændur til að vera í sambandi við sína nágranna til að efla andann og passa upp á að félagsleg einangrun verði ekki meiri en orðið er. Ef þið hafið ábendingar um félagslega einangrun, ekki hika við að hafa samband við okkur hér í Bændahöllinni svo við getum leyst úr þeim málum sem hvíla á bændum og búaliði þeim til stuðnings. Annars horfum við bjartsýn til bjartari tíma og eflingar íslensks landbúnaðar, öllum til heilla.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Snæfellsjökull á Snæfellsnesi og vegur F570 yfir Jökulháls. Þarna er gamall malarvegur sem helst er ökufær yfir hásumarið og liggur þétt meðfram jöklinum á leiðinni frá frá Arnarstapa yfir í Ólafsvík. Á leiðinni upp á heiðina að sunnanverðu er ekið framhjá Sönghelli rétt norðan við Stapafell sem skemmtilegt er að skoða. Á norðanverðu nesinu er komið niður á Útnesveg rétt austan við Ólafsvík.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF&STARF



Krakkarnir í Frístundaklúbbnum á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi með lögreglumönnunum af Suðurlandi, þeim Þórunni Þrastardóttur og Árna Guðmundssyni.

### Frístundaklúbbur Grímsnes- og Grafningshrepps:

# Löggan og umboðsmaður barna í heimsókn

**Lögreglumennirnir Þórunn Þrastardóttir og Árni Guðmundsson frá Lögreglunni á Suðurlandi heimsóttu Frístundaklúbbinn á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi nýlega. Í klúbbnum eru 12 nemendur í 5. til 7. bekk Kerhólsskóla.**

Lögreglumennirnir byrjuðu á því að segja frá sjálfum sér og kynna lauslega störf lögreglunnar. Allir unglingarnir voru síðan búnir að búa til eina spurningu, sem þeir spurðu lögreglumennina út í, og fengu þeir greið og góð svör til baka.

Heimsóknin tókst einstaklega vel enda má segja að lögreglumennirnir hafi slegið í gegn í heimsókn sinni.

Salvör Nordal, umboðsmaður barna, heimsótti líka klúbbinn á dögunum en hún kynnti fyrir krökkunum starf umboðsmanns og svaraði fjölmörgum spurningum þeirra. */MHH*



Krakkarnir með Salvöru Nordal í sinni heimsókn.



Handbendi brúðuleikhús er með höfuðstöðvar sínar á Hvammstanga þar sem leikhúsið setur upp frumsamdar sýningar sem ferðast um allan heim. Leikverkið Stúlkan og hrafninn er eftir Gretu Clougt og byggt á íslenskri þjóðsögu sem gerist í Vatnsdal. Mynd / HKr.

### Besta barnamenningarefnið í COVID-19 ástandi að mati menningarvita breska stórblaðsins Observer:

# Stúlkan og hrafninn hjá brúðuleikhúsinu á Hvammstanga valið meðal þess besta

**Breska stórblaðið Observer fékk helstu menningarvita sína til að velja besta menningarefnið fyrir börn til að njóta á tímum útgöngubanns og samkomutakmarkana vegna COVID-19. Leikhúsgagnrýnandi blaðsins, Susannah Clapp, valdi meðal annars Stúlkuna og hrafninn eftir Handbendi brúðuleikhús á Hvammstanga.**

Sýningarrétturinn á verkinu var í síðasta mánuði seldur til eins virtasta brúðuleikhúss Lundúna, sem heitir Little Angel Theatre, og er hægt að horfa á verkið á YouTube.

***Byggt á íslenskri þjóðsögu***

Leikverkið er eftir Gretu Clough og byggt á íslenskri þjóðsögu sem gerist í Vatnsdal. Tónlist er eftir Paul Mosley og Sigurvaldi Ívar Helgason sá um hljóð. Leikendur eru Elín Rannveig Líndal og Sigurður Líndal.

Handbendi brúðuleikhús er með höfuðstöðvar sínar á Hvammstanga þar sem leikhúsið setur upp frumsamdar sýningar sem ferðast um allan heim.

Leikhúsið er leitt af Gretu Clough, fyrrum listamanni hússins hjá hinu heimsfræga Little Angel Theatre í London. Greta hefur unnið til verðlauna fyrir gæði og frumleika í brúðulistum og sem leikskáld, að því er fram kom á vefsíðunni huni.is. */MÞÞ*

# MÆLT AF MUNNI FRAM 268

Nú verður gert hlé á bragfræði genginna tveggja vísnaþátta. Bíð enda spenntur þess að hagyrðingar sendi mér afurðir sínar ortar undir þeim bragformum sem kynnt voru. Næst verður gripið til gamalla vísna úr safni umsjónarmanns. **Steingrímur Baldvinsson** frá Nesi í Aðaldal heimsótti **Matthías Eggertsson**, tilraunastjóra á Hallormsstað, ásamt fleiri ræktunarmönnum. Matthías ávarpaði gestinn með svofelldum hætti:

*Á Hallormsstað við Steingrím kvað,*
*stutt var það og tíminn genginn,*
*hlaut þó glaða, hlýja að,*
*hálfur skaði er betri en enginn.*

**Steingrímur** svaraði:

*Á Hallormsstað ég hitti Matthías,*
*harla glaður lengi man ég það,*
*þar var hlaðið borð og boðið glas,*
*blessaði maður síðan Hallormsstað.*

*Þar var Hákon, þar var Sigurður,*
*þeir sem ráku trúboð gróandans,*
*sögðu skák á hrjóstrin þyrst og þur,*
*þingeysk hláka var þá austanlands.*

Og þessi vísa **Sturlaugs Jóhannssonar** gæti hafa verið ort í Atlavík:

*Þú komst í sumar sumri lík*
*og sólin skein.*
*Hver runni fylltist rómantík*
*frá rótargrein.*

Hér er svokölluð „kosningavísa“ eftir **Stephan G. Stephansson**:

*Blessaður vertu, vinur minn,*
*ég vona það að tóra,*
*svo vanti ei rollu í rekstur þinn*
*réttardaginn stóra.*

**Hannes Hafstein** orti svo í orðastað manns, sem smíðaði líkkistu utan um látna konu sína, og taldi smíði sína listaverk:

*Það er nú svona, maður minn,*
*mér er svo lagin smíðin fína.*
*Mikið helv… gull var gripurinn*
*sem gerði ég utan um konuna mína.*

Rétt áður þessum orðum, eignaðist ég nýútkomið meistaraverk **Jóns Hjaltasonar** sagnfræðings, um ævi **Kristjáns Niels Jónssonar** – Káins, „Fæddur til að fækka tárum.“ Að fengnum þeim fjársjóði birti ég eina gamanvísu **Káins**:

*Forðum var hann magur og mjór,*
*mörgum finnst það skrítið.*
*Skrokkurinn er svo skratti stór*
*að skinnið er orðið of lítið.*

Mikla bragfimi er að finna í þessari vísu **Þorsteins Jakobssonar frá Hreðavatni**:

*Þá ég lá við gljáargjá,*
*gráa sá ég hjá mér á,*
*fláir hún snjáinn frá með tá*
*fá og smá í strá að ná.*

Eftir **Grím Thomsen** eru næstu tvær vísur sagðar:

*Dauðinn lífs að götu greiðir,*
*get ég lært af fuglum smá,*
*maríuerlan mínu á leiði*
*mun í hreiðrið tína strá.*

*Ungum sínum rekkju hún reiðir*
*reyrnum dauðra gröfum frá,*
*undir þá hún urtir breiðir*
*upp af liðnum sprottnar ná.*

Hér eru svo tvær af snjöllum vísum **Bjarna frá Gröf**:

*Ellina ég illa ber,*
*óðum harðnar glíman.*
*Það væri alveg eftir mér*
*að andast fyrir tímann.*

*Ég er ekki alveg snauður*
*allt þó vanti mig,*
*fátæktin er einnig auður*
*út af fyrir sig.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggd1@gmail.com*

FRÉTTIR

## Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar:
# Stjórnvöld beiti sér fyrir jafnari búsetuskilyrðum um landið

**Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar leggur áherslu á hversu gríðarlega mikilvægt það er að styrkja mikilvæga innviði landsins, s.s. aðgang að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu og hjúkrunarrýmum, tækifæri til fjölbreyttrar menntunar.**

Þá segir einnig í umsögn Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Grænbókar um byggðamál, en hún hefur verið birt í samráðsgátt stjórnvalda, að styrkja þurfi tengingu heimila og atvinnulífs við öruggt raforkukerfi sem mismunar ekki íbúum landsins hvað gjaldskrár varðar, eflingu og stækkun dreifisvæðis hitaveitna, og stuðning við nýsköpun og sprotastarfsemi, svo fátt eitt sé nefnt. Allt þetta stuðli að styrkingu byggða og atvinnulífs um land allt.

### Fyrsta grænbókin

Í Grænbók um byggðamál er leitast við að svara því hvernig núgildandi byggðaáætlun hefur reynst og hverjar séu helstu áskoranir næstu 15 ára.

Á síðu Stjórnarráðsins segir að um sé að ræða fyrstu grænbók, sem tekin hefur verið saman um byggðamál í takt við stefnumótunarferli Stjórnarráðsins og samræmingu áætlana á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála.

### Aðgengi að þjónustu verði jafnað

Grænbókin var á dagskrá fundar Byggðarráðs Skagafjarðar á dögunum og fram kemur í bókun frá þeim fundi að ráðið fagni grænbókinni. Um sé að ræða afar brýnan málaflokk sem snerti ákaflega marga þætti innviða landsins alls. Segir í bókun að meginmarkmið grænbókarinnar sé að byggðir og sveitarfélög um land allt verði sjálfbær og að þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins. Áherslur og leiðir eru einnig brýnar, þ.e. að jafna aðgengi að þjónustu, jafna tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt.

### Fólk hafi val um að búa á þeim stað sem það kýs

Þá segir að nú búi um 64% Íslendinga á höfuðborgarsvæðinu en sambærilegt hlutfall í nágrannalöndum okkar sé 20–36%.

„Eðlilegt er því að stjórnvöld beiti sér fyrir jafnari búsetuskilyrðum um land allt og að fólk hafi val um að búa á þeim stað sem það kýs, án þess að það bitni á aðgengi að grunninnviðum sem hvert samfélag á að búa við," segir í bókun Byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar sem jafnframt hvetur stjórnvöld til dáða við að framfylgja og innleiða markmið og áherslur grænbókarinnar sem allra fyrst." /MÞÞ

## Sjúkrahúsþjónusta á Norðurlandi vestra:
# Hvergi lakari aðgangur að skurðstofu

**Hvergi er aðgangur íbúa að sjúkrahúsþjónustu með sólarhringsaðgengi að skurðstofu lakari en á Norðurlandi vestra. Nánast enginn íbúi í landshlutanum á möguleika á að komast í slíka þjónustu á innan við klukkustund en í þeim hluta landsins sem næstlakast stendur á rúmlega helmingur íbúa þess kost að komast á sjúkrahús innan klukkustundar. Úr þessu má bæta með tvennu móti, að byggja upp og manna sjúkrahús sem getur bætt aðgengi íbúanna að þessari þjónustu. Hins vegar má bæta samgöngur.**


Frá Sauðárkróki. Mynd / HKr.

Þetta kemur fram í bókun Byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar sem sendi inn umsögn vegna samráðs um barneignaþjónustu, stöðuskýrslu og tillögur starfshóps ráðherra. Ráðið fagnar útkomu skýrslu um barneignaþjónustu. Fram kemur í umsögn Skagfirðinga að líkt og réttilega sé bent á sé engin stefna til um barneignaþjónustu hér á landi, hvorki varðandi fjölda og staðsetningu skilgreindra fæðingastaða á landsvísu, né yfirlýst stefna um þá þjónustu og aðbúnað sem konum ætti að standa til boða.

### Yfir erfiða fjallvegi að fara

Á Norðurlandi vestra er enginn skilgreindur fæðingarstaður og þurfa barnshafandi konur í þeim landshluta því að leita til Akureyrar, Akraness eða annað til að fæða börn sín.

„Ekki þarf að fjölyrða um oft og tíðum erfiðar aðstæður sem konur geta lent í af þeim sökum en barnshafandi konur í Skagafirði þurfa t.a.m. í öllum tilfellum að fara um erfiða fjallvegi til fæðingarstaða, þ.e. um Öxnadalsheiði, Vatnsskarð, Þverárfjall eða Siglufjarðarveg. Síðastliðinn vetur lokuðust þessir vegir mjög reglulega, Öxnadalsheiði í 34 skipti, Vatnsskarð í 22 skipti, Þverárfjall í 43 skipti og Siglufjarðarvegur í 54 skipti," segir í umsögninni. /MÞÞ






## Sláturhús Vesturlands fær lífræna vottun:
# Stórgripaslátrun aukist mjög á síðustu þremur árum

**Á dögunum bárust tíðindi af því að mjólkurbúið Biobú ætlaði að hefja framleiðslu og sölu á lífrænt vottuðu nautgripakjöti núna í mars. Þar fylgdi sögunni að Sláturhús Vesturlands myndi slátra gripunum og vinna kjötið fyrir Biobú, en um áramótin fékk sláturhúsið lífræna vottun fyrir slíka starfsemi. Sláturhús Vesturlands er svokallað þjónustusláturhús og þjónar almennt þeim bændum sem framleiða kjötvörur undir eigin merkjum. Anna Dröfn Sigurjónsdóttir gæðastjóri segir að starfsemi þeirra samræmist vel hugmyndafræði „lífrænna bænda".**


Kjötiðnaðarmaðurinn Guðmundur Friðgeirsson, Guðrún Smáradóttir og Sævar Þórisson eru starfsmenn í slátrun og kjötvinnslu. Myndir / Aðsendar

„Það reyndist auðvelt fyrir okkur að uppfylla kröfurnar fyrir vottunina og við metum það svo að það sé mikill heiður að fá að vinna með Biobú, enda hafa aðstandendur þess félags verið brautryðjendur í lífrænni ræktun hér á landi. Stefna lífrænna bænda samræmist vel því sem við erum að gera að öðru leyti, en í lífrænni ræktun er meðal annars lögð áhersla á góða meðferð lands og dýra, stuttar flutningaleiðir og hringrás næringarefna. Fólk velur lífrænt meðal annars af hugmyndafræðilegum ástæðum og vegna þess að þar fær það vörur sem eru af þekktum gæðum og uppruna," segir Anna Dröfn.

### Umfang stórgripaslátrunar stóraukist

Hún segir að umfang rekstursins hafi aukist töluvert í stórgripaslátrun á síðustu þremur árum. Skapast hafi nokkur heilsársstörf. „Okkar vinnsla miðast að því að geta aukist enn meir á næstu misserum. Sauðfjárslátrun hefur verið svipuð síðustu tvö haust. Slátrað hefur verið yfir 1.800 gripum en möguleiki er á aukningu á því sviði einnig," segir Anna Dröfn.

„Það hafa verið vissar hugmyndir með lífræna vottun en þá hugsað meira um að geta þjónustað sauðfjárbú með lífræna ræktun. Þessi vottun hefur hins vegar opnað fyrir okkur tækifæri sem eru þó mun meiri en eingöngu fyrir lífrænt ræktað sauðfé, heldur einnig lífrænt ræktað naut og nautgripi.

Við höfum eins og aðrir orðið vör við aukinn áhuga á mat undanfarin ár. Það er auðvitað fjöldi fólks sem velur alltaf það ódýrasta í boði verslunarvelda, Samkeppnisstofnunar og áhrifavalda þeirra og við erum ekki í stöðu til að gera athugasemdir við það, en það er líka vaxandi fjöldi


Anna Dröfn Sigurjónsdóttir, gæðastjóri Sláturhúss Vesturlands.

fólks sem vill hafa meiri stjórn á sínum matarinnkaupum og það er markhópurinn okkar," segir Anna Dröfn.

### Í eigu nokkurra borgfirskra bænda

Sláturhús Vesturlands var stofnað 2013 og er staðsett í Brákarey í Borgarnesi. „Rekstrarfélagið Sláturhús Vesturlands er í eigu þriggja félaga; Gúnda GK ehf., Góðs bita ehf. og Glitstaða ehf. Að þessum félögum standa síðan nokkrir bændur í Borgarfirði," segir Anna Dröfn þegar hún er spurð um eignarhald fyrirtækisins.

„Sláturhúsið er fyrst og fremst þjónustusláturhús, en við framleiðum einnig fyrir samstarfsaðila í vaxandi mæli. Við slátrum, stórgripum og sauðfé og höfum einnig réttindi til að slátra svínum. Þegar fyrirspurn um að vinna með Biobú barst okkur þá sáum við strax tækifæri fyrir okkur þar."

### Sútunarverkefni í gangi

„Bændurnir sem eru í viðskiptum við okkur eru yfirleitt að selja eitthvað sjálfir, undir sínum vörumerkjum, og við reynum eftir fremsta megni að uppfylla þær þarfir þeirra. Við höfum verið að prófa að láta súta fyrir okkur gærur og markaðsfæra þær og höfum hlotið til þess styrk frá Sóknaráætlun Vesturlands og Markaðssjóði sauðfjárafurða. Sláturhúsið fékk einnig styrk til uppbyggingar frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins, sem nú er horfinn á braut.

Fyrirtækið hefur notið almennrar velvildar og við höfum átt gott samstarf við stofnanir og eftirlit þótt gjaldskrár endurspegli ekki meintan vilja stjórnvalda til eflingar matvælaframleiðslu og vernd umhverfis.

Þessa dagana erum við að setja upp litla netverslun á síðunni okkar (slaturhus.is), við setjum einnig inn tilboð og fréttir á Facebook, við eigum takmarkað óráðstafað af lambakjöti þangað til í næstu sláturtíð, en eigum nóg af úrvals nautakjöti með 100 prósent rekjanleika beint til bónda. Svo munum við bjóða upp á sauðfjárslátrun núna eftir talningu og vonandi líka í sumar ef áhugi er fyrir hendi," segir Anna Dröfn. /smh

## Hugsanlegur samruni Kjarnafæðis og Norðlenska:
# Samkeppniseftirlit fær viðbótarfrest til að komast að niðurstöðu

**„Frestur til rannsóknar málsins framlengist um allt að 35 virka daga, en á þessu stigi liggur ekki fyrir hvort nýta þurfi allan þann frest," segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, sem tekur sér nú lengri tíma en áður var fyrirhugað til að komast að niðurstöðu varðandi samruna tveggja fyrirtækja á matvælasviði, Kjarnafæðis og Norðlenska.**

Gert hafði verið ráð fyrir að Samkeppniseftirlitið myndi tilkynna síðastliðinn föstudag, 19. febrúar, um hvort samruni yrði heimilaður eður ei. En nú er ljóst að niðurstaða mun liggja fyrir í síðasta lagi að 35 dögum liðnum, eða í kringum mánaðamót mars og apríl.

### Aukið svigrúm til að afla sjónarmiða frá hagsmunaaðilum

Páll Gunnar segir að tímafrestir hafi verið framlengdir að frumkvæði samrunafélaganna og sé það í samræmi við samkeppnislög. Hann segir viðbótarfresti veita Samkeppniseftirlitinu sem og félögunum tveimur m.a. tækifæri til að kanna grundvöll til að setja samrunanum skilyrði sem vernda myndu m.a. hagsmuni bænda og neytenda. Jafnframt gefa viðbótarfrestirnir Samkeppniseftirlitinu aukið svigrúm til þess að afla sjónarmiða frá hagsmunaaðilum. Eftirlitið og samrunaaðilar eigi í uppbyggilegum samskiptum sem


Páll Gunnar Pálsson.

miða að því að upplýsa málið sem best og og skjóta styrkum stoðum undir endanlega niðurstöðu. /MÞÞ

## Slökkvilið og Björgunarsveitin Strönd á Skagaströnd:

# Nýir bílar nýtast vel í verkefnum framtíðar

**Slökkvilið Skagastrandar og Björgunarsveit Strönd hafa fest kaup á nýjum bifreiðum fyrir starfsemi sína og hafa þær verið teknar í notkun.**

Nýi slökkvibíllinn er hinn glæsilegasti, með 3.000 lítra vatnstanki og 300 lítra froðutanki ásamt því að vera búinn öllum helsta búnaði sem nauðsynlegur er til slökkvistarfa. Bíllinn leysir af hólmi gamlan Benz bíl, árgerð 1977, þannig að tími var kominn á endurnýjun. Slökkvilið Skagastrandar er rekið af Sveitarfélaginu Skagaströnd og Skagabyggð sem tók þátt í kaupunum.

Björgunarsveitin Strönd fjárfesti í bifreið með styrk frá Sveitarfélaginu Skagastönd, Land Cruiser árgerð 2007, sem hefur verið breytt fyrir 44" deck og er bíllinn útbúinn með öllum nauðsynlegum búnaði sem til þarf við leit og björgun. */MÞÞ*



Slökkviliðið og Björgunarsveitin Strönd á Skagaströnd hafa fest kaup á nýjum bifreiðum sem auka öryggi íbúa og nýtast vel í framtíðarverkefnum á svæðinu.

## Sveitarstjórn Múlaþings:

# Vetrarþjónusta yfir Öxi verði bætt verulega

**Sveitarstjórn Múlaþings leggur áherslu á mikilvægi þess að vetrarþjónusta á Öxi verði bætt verulega frá því sem nú er enda um mikilvæga samgöngutengingu að ræða á milli byggðakjarna innan sveitarfélagsins.Þetta kemur fram í tillögu sem samþykkt var samhljóða á fundi sveitarstjórnar nýverið.**

Á fundinum lá fyrir ósk frá heimastjórn Fljótsdalshéraðs um að sveitarstjórn Múlaþings taki upp viðræður við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið um bætta vegþjónustu á vetrum yfir Öxi umfram þá reglu sem í gildi er.

### *Öryggisþátturinn hafður í huga*

Í tillögunni segir að einnig sé vert að hafa í huga öryggisþáttinn, málið snúist einnig um aðgengi að heilbrigðisþjónustu, brunavörnum og flugsamgöngum. Það er mat sveitarstjórnar að eðlilegt sé að færa þjónustustig Axarvegar vegna vetrarþjónustu af þjónustuflokki 4 á þjónustuflokk 2. Þá kemur einnig fram að sveitarstjórn leggi áherslu á að útboð vegna framkvæmda við nýjan veg yfir Öxi verði hraðað þannig að framkvæmdir geti hafist á árinu eins og fyrirhugað hefur verið.

Sveitarstjóra var falið að koma tillögunni á framfæri við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið með ósk um viðræður vegna þessa sem fyrst. */MÞÞ*

# Veglegur styrkur til Hrútadaga

**Menningar- og hrútadagar á Raufarhöfn fengu veglegan styrk frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu nýverið, samtals að upphæð 500 þúsund krónur. Geta þátttakendur því búist við veglegri og flottri dagskrá næst þegar blásið verður til menningar- og hrútadaga á Raufarhöfn, dagana 24. september til 3. október nú í ár.**



Ungmannafélagið Austri, sem vinnur að hönnun og uppsetningu á frisbígolfvelli á Raufarhöfn, fékk einnig veglegan styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og standa vonir til að hægt verði að koma upp velli á Raufarhöfn í sumar. Slíkir vellir eru víða á starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, tveir þeirra voru teknir í notkun á Þórshöfn og í Grímsey á liðnu sumri, að því er fram kemur í frétt á vefsíðu samtakanna. */MÞÞ*



FRÉTTIR

### Staða og horfur í framleiðslu lífrænna búvara:

# Lífrænt vottað lambakjöt hverfur úr verslunum

## – en vottað nautgripakjöt mun fást í næsta mánuði

**Biobú, sem hefur framleitt lífrænt vottaðar mjólkurvörur, ætlar að framleiða lífrænt vottað nautgripakjöt og markaðssetja í næsta mánuði, en það verður í fyrsta skipti í mjög langan tíma sem slíkar vörur fara á almennan markað á Íslandi. En þegar nautgripakjötið fæst loksins í verslunum lífrænt vottað, þá hefur þróunin orðið sú í sauðfjárræktinni að framleiðendur á lífrænt vottuðu lambakjöti hafa nýverið misst sína vottun og því fæst ekki íslenskt lífrænt vottað lambakjöt lengur í verslunum.**

„Varðandi Biobú þá eru það frábærar fréttir fyrir greinina að slíkur framleiðandi, sem hefur



Eygló Björk Ólafsdóttir er formaður framleiðenda í lífrænum búskap. Mynd / Elisabeth Palmer

yfir þekktu og góðu vörumerki að ráða í lífræna geiranum, fari inn á þessar brautir með nýjan vöruflokk. Þróun lífrænnar framleiðslu og framboðs hér á landi er alfarið í höndum framleiðendanna sjálfra og veltur á þeim frumkvöðlaanda og nýsköpun sem hefur einkennt þennan geira á Íslandi og gerir enn. Þetta skref hefur mikið að segja með sýnileika lífrænna íslenskra afurða gagnvart neytendum," segir Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður Félags lífrænt vottaðra framleiðenda.

### *Misjöfn staða greina*

Hún segir að eins og þetta sé



Íslenskt lífrænt vottað lambakjöt fæst ekki lengur í verslunum.

gleðileg þróun í nautgripakjötinu þá sé dapurlegt að horfa upp á að vottaðar sauðfjárafurðir fari af markaði. Að hennar sögn er ástæðan fyrir því að sauðfjárbúin missa vottunina að ekki er lengur heimilt að nota grindargólf í fjárhúsum, evrópskar reglur um lífrænt vottaða framleiðslu banna slík gólf.

„Það eru þó sauðfjárbændur í lífrænni aðlögun samkvæmt nýju reglunum, en þeir munu væntanlega skila framleiðsluvörum inn á markað á árinu 2023," segir Eygló.

Hún segir von á því að framboð á lífrænt vottaðri mjólk muni aukast á næstu tveimur árum, staðan í kornræktinni sé góð og horfur í grænmetisframleiðslu séu nokkuð bjartar.

Lífrænt vottuð eggjaframleiðsla hefur verið stöðug á undanförnum misserum, en að sögn Eyglóar er ekkert núna sem bendir til að svínakjöt eða kjúklingur verði lífrænt vottað í nálægri framtíð á Íslandi. */smh*



Þórhildur M. Jónsdóttir er áfram formaður samtakanna. Mynd / Aðsend

# Sama aðalstjórn situr áfram hjá Samtökum smáframleiðenda matvæla

**Á aðalfundi Samtaka smáframleiðenda matvæla, sem haldinn var á þriðjudaginn með fjarfundarfyrirkomulagi, var aðalstjórn endurkjörin og verður Þórhildur M. Jónsdóttir, frá Kokkhúsi og Vörusmiðju BioPol, áfram formaður.**

Með henni í stjórn eru Svava Hrönn Guðmundsdóttir, varaformaður hjá SVAVA sinnep, Auður B. Ólafsdóttir, meðstjórnandi hjá Pönnukökuvagninum, Þröstur Heiðar Erlingsson, meðstjórnandi frá Birkihlíð Kjötvinnsla, og Ólafur Loftsson, meðstjórnandi hjá Súrkál fyrir sælkera. Ný inn í varastjórn koma þau Einar Sigurður Einarsson frá Aldingróðri, og Hrefna Erlinda Valdemarsdóttir frá Fiskvinnslunni Hrefnu.

### *Félagsmenn 125 með fulla aðild*

Samtökin voru stofnuð á Hótel Sögu þann 5. nóvember 2019. Félagsmenn með fulla aðild eru 125 og 40 með aukaaðild. Framkvæmdastjóri samtakanna er Oddný Anna Björnsdóttir, sjálfstæður ráðgjafi. */smh*

### Kjarnafæði:

# Halal-slátrun ekki frábrugðin venjulegri slátrun

**Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var greint frá því að Kjarnafæði hefði selt 200 tonn af halal-slátruðu kindakjöti til Noregs. Vegna umfjöllunar bárust blaðinu nokkrar fyrirspurnir um það hvernig halal-slátrun færi fram og í einu tilfelli var því haldið fram að aðferðin væri bönnuð hér á landi.**

Kristín Silja Guðlaugsdóttir, sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits Mast, segir að „eins og halal-slátrun er framkvæmd hér á landi sé hún ekkert frábrugðin venjulegri sauðfjárslátrun þar sem lömbin eru fyrst deyfð með rafdeyfingu og svo aflífuð með því að skera á báðar hálsæðarnar. Eini munurinn er að íman eða fulltrúi trúfélagsins er viðstaddur slátrunina og fer með bænir. Halal-slátrun er heimil hér á landi þar sem hún uppfyllir kröfur um vernd dýra við aflífun, það er



Frá hefðbundinni slátrun hjá SAH Afurðum á Blönduósi. Mynd / HKr.

að segja deyfingu, sem framkallar meðvitundarleysi, á undan blóðgun."

Að sögn Kristínar er hins vegar kosher-slátrun óheimil hér á landi en hún felur í sér að lömbin eru aflífuð með því að skera á hálsæðarnar án þess að þau séu deyfð fyrst.

„Þau eru því með fulla meðvitund þegar þau eru blóðguð og slíkt uppfyllir ekki kröfur um vernd dýra við aflífun." */VH*





# Mýrdælingar mótmæla harðlega hugmyndum um bann við fýladrápi

**Einar Freyr Elínarson, oddviti Mýrdalshrepps, er mjög ósáttur við frumvarp umhverfisráðherra þar sem kveðið er m.a. á um að fýlaveiðar verði bannaðar. Hann hefur enga trú á því að frumvarpið verði samþykkt.**

„Jú, það er rétt, við erum ósátt hér í Mýrdalnum, að sjálfbærar veiðar á fýl séu teknar fyrir með þessu móti í frumvarpinu og bannaðar. Löng hefð er fyrir veiðunum og ég botna í sjálfu sér ekki í því hvers vegna þetta er lagt til.

Aðferðin sem notuð er til að



Einar Freyr Elínarson oddviti, sem segir Mýrdælinga ósátta við þær hugmyndir að banna veiðar á fýl. Mynd / Úr einkasafni



Fýll á hreiðri í Kerlingardal. Mýrdælingar og Skaftfellingar hafa stundað sjálfbærar veiðar á fýl lengur en elstu menn muna. Frægar eru fýlaveislur þeirra og snar þáttur í ríkri menningarhefð á svæðinu. Þessari menningararfleifð verður stefnt í voða ef bann umhverfisráðherra við fýlaveiðum verður að veruleika. Innfellda myndin er af kræsingum í fýlaveislu. Mynd / HKr.

veiða fýl er síst verri en nokkur önnur veiðiaðferð. Fuglinn líður ekki meiri kvalir heldur en t.d. sá sem er skotinn og hrapar nokkra tugi metra til jarðar," segir Einar Freyr.

„Ég hef enga trú á því að þetta frumvarp fari óbreytt í gegn og á von á því að fá boð á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til að leiðrétta þann misskilning sem virðist uppi um þessar veiðar. Þær eru sjálfbærar og á engan hátt verri en önnur veiði sem ekki er verið að banna með þessu frumvarpi." */MHH*

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar um Útkinnarveg:

# Sinnuleysi um úrbætur stefnir búsetuöryggi í voða

**Vegurinn á Útkinnarvegi, 851 hefur sokkið að hluta til í mýri sem veldur því að í úrkomutíð flýtur vatn yfir veginn og er vandi að veita því frá honum. Þegar ástand er með þeim hætti verða 15 íbúar á svæðinu innlyksa. Vegagerðin hefur brugðist við bókun sveitarstjórnar varðandi Útkinnarveg og er þegar farin að kortleggja malarnámur til efnistöku vegna lagfæringar á veginum.**

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar tók til umræðu á fundi nýverið ástand á Útkinnarvegi. Í bókun sem samþykkt var á fundinum segir að hættuástand skapist á þessum vegi og þurfi að laga það sem fyrst.

*Ástandið til skammar*

„Á þetta hefur margoft verið bent og kallað eftir úrbótum en enn þá hefur ekkert orðið af aðgerðum Vegagerðarinnar. Með þessu sinnuleysi skapast hætta og er búsetuöryggi stefnt í voða,“ segir í bókun sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar. Ástand vegarins í heild sinni ásamt öðrum malarvegum héraðsins er til skammar segir enn fremur og að ítrekuðum áskorunum um úrbætur hafi ekki verið sinnt.

*Grípa þarf til aðgerða*

Sveitarstjórn bendir á nokkrar aðgerðir sem grípa þurfi til og nefnir að laga þurfi hættukaflann á Útkinnarvegi hið fyrsta. Þá þurfi einnig að bæta malarvegi héraðsins og kanna flokkun vegna sveitarfélagsins í Vegaskrá og það viðhald og þá þjónustu sem er veitt. Þá bendir sveitarstjórn á að frekari úrbætur felist í því að birta upplýsingar um veður og færð á öllum þeim vegum sem falla undir helmingamokstur í sveitarfélaginu á yfirlitskorti færðar á vef Vegagerðarinnar. /MÞÞ

Húnaþing vestra:

# Misbrestur í þjónustu Strætó

**Töluverður misbrestur hefur undanfarin misseri verið á þjónustu Strætó bs. við íbúa Húnaþings vestra, segir í bókun sem samþykkt var á fundi byggðaráðs Húnaþings vestra nýverið.**

Þá segir að þjónusta hafi líka verið skert á svæðinu. „Mikilvægt er fyrir íbúa að almenningssamgöngur séu raunverulegur valkostur,“ segir í bókun byggðaráðs. Fól ráðið sveitarstjóra að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Vegagerðar og Strætó bs. Sveitarstjórn Húnaþings vestra tekur undir áhyggjur byggðaráðs varðandi þjónustu Strætó bs. við íbúa héraðsins. „Almenningssamgöngur eru íbúum nauðsynlegar og þurfa að vera raunverulegur valkostur,“ segir sveitarstjórnin og fram kemur í bókun að þegar hafi verið fundað með fulltrúum Vegagerðar og Strætó bs. Þar sem fram hafi komið fullur vilji til að bregðast við þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið. /MÞÞ


Lely Center Ísland





Mjaltaþjónninn er 3 ára gamall en bara notaður í 16 mánuði

Til sölu GEA Monobox – mjaltaþjónn

Vinstri mjaltaþjónn, með sýnatökukassa, blautfóðurdælu, tveimur fóðurskömmturum og G5 myndavél

Gangsettur nýr 10. maí 2018

Selst óuppsettur

Kaupandi verður að semja við Lífland, umboðsaðila GEA á Íslandi um uppsetningu. Afhendist í Reykjavík

Verð kr. 6.000.000 + vsk.

Upplýsingar gefur Jóhannes í síma 822-8636

**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Tilboð í febrúar

Uppsetning Höfuðborgarsvæði og N-landi

stærðir: sökkull 120x30 steinn h 57x b 77




INNIFALIÐ :
GRAFSKRIFT, LUGT, VASI OG FUGLAR (kopar eða grátt)
BLÓMARAMMI, UPPSETNING Á N-LANDI OG HÖFUÐBORGARSVÆÐI
FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND
GEYMUM STEINA EF ÓSKAÐ ER

525.000 kr
425.000 án blómaramma

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Njarðarnes 4, Akureyri
s: 466 2800 | 899 9370
sala@minnismerki.is
minnismerki.is

FRÉTTIR



Skýrsluhöfundar telja að það liggi tækifæri í því að efla framleiðslu á korni, bæði sem fóður fyrir búfé og til manneldis. Einnig séu tækifæri í því að efla útiræktun grænmetis. Mynd / smh

### Skýrslu um fæðuöryggi á Íslandi skilað til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

# Matvælaframleiðslan á Íslandi stendur undir stórum hluta af fæðuframboði Íslendinga

## – Tækifæri í því að efla framleiðslu á korni, bæði sem fóður fyrir búfé og til manneldis

**Þann 11. febrúar kynnti Jóhannes Sveinbjörnsson, dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands, skýrslu um fæðuöryggi á Íslandi sem unnin var fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þar kom fram að hlutfall innlendrar framleiðsla á kjöti, eggjum og mjólkurvörum, er langt umfram innlenda eftirspurn eftir slíkum vörum, en í grænmetisframleiðslu er hlutdeildin 43 prósent og aðeins eitt prósent í kornvörum til manneldis.**

Í skýrslunni er fjallað um innlenda matvælaframleiðslu og hugtakið „fæðuöryggi" sett í samhengi við hana – og mat lagt á áhrifin sem yrðu á framleiðsluna ef skortur yrði á aðföngum sem nauðsynleg eru fyrir framleiðsluna.

Fæðuöryggi hefur verið skilgreint af FAO (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna) þannig að það sé til staðar þegar allt fólk hefur ávallt raunverulegan og efnahagslegan aðgang að nægum, öruggum og næringarríkum matvælum til að uppfylla næringarþarfir sínar með frjálsu fæðuvali, til að geta lifað virku og heilsusamlegu lífi.

*Um og yfir 90 prósent framboð í kjöti, eggjum og mjólk*

Í skýrslunni kemur fram að innlend matvælaframleiðsla stendur fyrir stórum hluta fæðuframboðs á Íslandi og þá sérstaklega próteini. Sem fyrr segir sér garðyrkjan fyrir um 43 prósentum af framboði grænmetis, en búfjárræktin um 90 prósentum af kjöti, 96 prósentum af eggjum og 99 prósentum af mjólkurvörum. Framboð á fiski á Íslandi er langt umfram innlenda eftirspurn.

Innlend framleiðsla á korni til manneldis er einungis um eitt prósent af fæðuframboði á Íslandi. Skýrsluhöfundar telja hins vegar að það liggi tækifæri í því að efla framleiðslu á korni, bæði sem fóður fyrir búfé og til manneldis. Einnig séu tækifæri í því að efla útiræktun grænmetis.

Til að tryggja að það land sem hentugast sé undir ræktun tapist ekki undir aðra starfsemi, telja skýrsluhöfundar að það þurfi að liggja fyrir skýr stefna um landnotkun og flokkun landbúnaðarlands.

*Hægt að vinna að aukinni sjálfbærni með ýmsu móti*

Varðandi aðföng telja skýrsluhöfundar að innlend matvælaframleiðsla sé mjög háð innflutningi á þeim og þá sérstaklega eldsneyti og áburði en einnig fóðri, sáðvöru, tækjum og rekstrarvörum til framleiðslunnar. Eðli og umfang innflutnings aðfanga er misjafnt eftir greinum og því myndi skortur á aðföngum hafa mismikil áhrif á framleiðsluna. Til dæmis sé alifuglaeldi og svínarækt mjög háð innfluttu fóðri og því myndi skortur á því leiða til framleiðslustöðvunar í þessum greinum, en framleiðslan dragast saman í nautgriparækt og mjólkurframleiðslu. Slíkur skortur myndi ekki hafa áhrif á lamba- og hrossakjötsframleiðsluna.

Skortur á áburði myndi hafa þau áhrif að fóðurframleiðslan drægist saman og uppskerumagn gæti minnkað um 25–35 prósent strax á fyrsta ári, en héldi áfram að minnka ef ekkert yrði borið á.

Það myndi leiða af sér samdrátt í þeim greinum búfjárræktar sem reiða sig á innlenda fóðurframleiðslu. Garðyrkjuframleiðsla myndi einnig dragast saman ef skortur á áburði yrði.

Fiskveiðar eru mjög háðar innflutningi á eldsneyti sem og öll innlend framleiðsla á fóðri.

Með viðeigandi ráðstöfunum varðandi birgðahald á aðföngum sé hægt að tryggja meirihluta innlendrar framleiðslu í einhvern tíma, sem er mismunandi eftir framleiðslugreinum.

„Að aukinni sjálfbærni í fæðuframleiðslu til lengri tíma er líka hægt að vinna með ýmsu móti. Þar ber einna hæst orkuskipti þar sem aukin áhersla væri á innlenda orkugjafa (rafmagn, jarðhita), á kostnað innflutts jarðefnaeldsneytis. Sömuleiðis væri hægt að draga úr þörf á innflutningi tilbúins áburðar með aukinni endurnýtingu næringarefna bæði frá heimilum og fyrirtækjum. Með framförum í orkumálum og nýtingu næringarefna væri einnig hægara um vik varðandi aukna sjálfbærni í fóðurframleiðslu. Til þess þarf þó einnig að halda áfram góðu starfi í plöntukynbótum, jarðræktartækni og fleiri greinum búvísinda," segir í skýrslunni.



Kristján Þór Júlíusson.

*Mikilvægt að marka stefnu*

Í skýrslunni kemur fram að mikilvægt sé að marka stefnu um hvernig tryggja megi fæðuöryggi þjóðarinnar. „Í því felst að sett séu markmið um getu innlendrar matvælaframleiðslu til að takast á við skyndilegar breytingar á aðgengi að innfluttri matvöru og aðföngum þannig að fæðuöryggi þjóðarinnar sé tryggt," segir í skýrslunni.

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sagði í tilefni útgáfunnar að niðurstöðurnar sýni vel hvað innlend matvælaframleiðsla stendur sterkt og hvað hún er mikilvæg stoð enda standi hún undir stórum hluta fæðuframboðs á Íslandi.

„Um leið sýnir skýrslan fram á þau tækifæri sem blasa við að gera enn betur, m.a. í því að efla framleiðslu á korni og innlendri áburðarframleiðslu. Um leið sýnir skýrslan fram á mikilvægi þess að móta stefnu um hvernig tryggja megi fæðuöryggi þjóðarinnar. Með slíkri stefnu þarf að setja markmið um getu innlendrar matvælaframleiðslu til að takast á við skyndilegar breytingar á aðgengi að innfluttri matvöru og aðföngum til að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar," segir Kristján Þór. /smh

---

### Verkefnið „Fundið fé" hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

# Möguleikar skoðaðir til skilvirkari framleiðslu í sauðfjárrækt

**Um næstu mánaðamót fer nýtt verkefni formlega af stað hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sem hefur það að markmiði að skoða möguleika á skilvirkari framleiðslu og þar með að bæta nýtingu á aðföngum í sauðfjárrækt. Annars vegar verða skoðaðar leiðir, meðal annars með því að fjölga burðum á ársgrundvelli og hins vegar að nýta sauðamjólk til matvælaframleiðslu.**

Að sögn Runólfs Sigursveinssonar, verkefnisstjóra hjá RML yfir verkefninu, sem heitir „Fundið fé – þróun á framleiðslukerfi í sauðfjárrækt", verður farið yfir þá þekkingu sem til er varðandi líffræðilega og lífeðlisfræðilega þætti sauðfjárræktar, eins og fóðrun, jarðrækt og bútækni til að setja fram sviðsmyndir um mismunandi framleiðslukerfi.

*Nýta betur land til sumarbeitar, fjölga burðum og slátra oftar*

„Sauðfjárbúskapur hér á landi byggir að mestu leyti á framleiðslu lambakjöts innan hins hefðbundna framleiðsluárs, þar sem ær bera í maí, ganga í sumarhögum frá miðjum júní fram í byrjun september með lömbin, sem er síðan slátrað við 4–5 mánaða aldur," segir Runólfur.

„Langstærstur hluti tekna sauðfjárbúa koma annars vegar úr sauðfjársamningi og hins vegar af sölu á kjöti til sláturleyfishafa á haustin. Þar sem slátrun er svo árstíðarbundin þarf að frysta megnið af kjötinu til dreifingar og vinnslu á öðrum tímum ársins. Fjölmargar rannsóknir og athuganir hafa verið gerðar á ýmsum afbrigðum frá þessu framleiðsluferli, sem dæmi má nefna að nýta ræktað land til sumarbeitar, að slátra utan hefðbundins sláturtíma, mjólka ær og nýta til ostagerðar, og fjölga burðum á ári. Þessar athuganir hafa þó í flestum tilfellum haft mjög afmarkað viðfangsefni þar sem ekki hefur verið farið í hagkvæmniathugun eða settar fram leiðir til að nýta niðurstöðuna inn í framleiðsluferil sauðfjárbús," segir Runólfur.

Hann segir að markmið verkefnisins sé að setja upp sviðsmyndir sem lýsa leiðum sem hægt er að fara til að auka framleiðslu bænda með betri nýtingu á aðföngum. „Sviðsmyndirnar verða síðan greindar út frá innra og ytra umhverfi þar sem leitast verður við að meta áhrif mismunandi þátta á framkvæmd sviðsmyndanna. Að lokum verður gerð hagkvæmnigreining á sviðsmyndunum út frá þeim upplýsingum sem verður aflað."

Verkefnið, sem hugsað er til 12 mánaða, er sett fram sem rannsóknar- og þróunarverkefni þar sem bornar verða saman mismunandi leiðir sem eru frábrugðnar hefðbundnu ferli í sauðfjárrækt, áskoranir og áhrifaþættir kortlögð og hagkvæmni þeirra metið. „Með verkefninu má ætla að verði til þekking sem getur nýst þeim sem hafa áhuga á nýsköpun og aukinni verðmætasköpun í sauðfjárrækt með vöruþróun og matvælaframleiðslu sem byggir á fjölbreyttara framboði af vörum," segir Runólfur.

Verkefnið verður unnið með fjárhagslegum stuðningi úr Matvælasjóði og niðurstöður verkefnisins settar fram á formi rafræns bæklings sem verður öllum aðgengilegur, en einnig verða niðurstöðurnar kynntar meðal annars á fundum og með greinarskrifum. /smh

## SMÁHÝSI - 40 M² - 100 M²

**NÝR VALKOSTUR - SMÁHÝSI ÚR STÁLGRIND**

**5 X 8 M - ÓEINANGRAÐ SMÁHÝSI - 1.550.000 KR. M/VSK.**
**5 X 8 M - EINANGRAÐ SMÁHÝSI - 2.150.000 KR. M/VSK.**

Smáhýsi úr Z - stálgrind. Fæst með tvenns konar klæðningum. Stærð grunngerðar er 5 x 8 m / 40 m². Vegghæð 2,8 m. Stærð á hurðargati 3 x 2,5 m.





**EINFÖLD HÚS - AUÐVELD UPPSETNING**

## GRÓÐURHÚS

**Tryggðu þér vandað gróðurhús!**



**Margar gerðir gróðurhúsa - fást í ál lit, svörtu og grænu. 4 mm hert gler eða 10 mm ylplast**

**BK HÖNNUN**
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

**TÖLVUPÓSTUR**
sala@bkhonnun.is
**SÍMI**
571-3535
**VEFFANG**
www.bkhonnun.is

## List fyrir alla auglýsir eftir umsóknum um listviðburði eða verkefni á svið barnamenningar fyrir grunnskólabörn

List fyrir alla er barnamenningarverkefni á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis, sem ætlað er að miðla listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag.

Starfandi listamenn sem og stofnanir og aðrir lögaðilar er sinna barnamenningu á einhvern hátt geta sótt um. **Umsóknarfrestur er til 15. mars 2021.**

### MAT Á UMSÓKNUM

Valnefnd metur umsóknir og gildi þeirra með hliðsjón af því hvernig þær falla að markmiðum verkefnisins List fyrir alla. Listviðburðir og verkefni skulu í öllum tilvikum unnin af metnaði og af fagfólki. Við mat á umsóknum er valnefnd heimilt að leita umsagnar, gerist þess þörf.

Ákvörðun úthlutunar mun liggja fyrir eigi síðar en **21. maí 2021.**

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu List fyrir alla, **www.listfyriralla.is**

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

List fyrir alla

**Bændafundur um breytingar á félagskerfi landbúnaðarins fimmtudaginn 4. mars**

# Sameining Bændasamtaka Íslands og búgreinafélaga

Stjórn Bændasamtaka Íslands hefur á síðustu misserum unnið að endurskipulagningu félagskerfis landbúnaðarins. Meginmarkmiðið er að auka skilvirkni og bæta nýtingu fjármuna, ná fram sem breiðastri samstöðu meðal bænda og auka slagkraft hagsmunagæslunnar.

Lagt er til að fyrsta skref sé að sameina Bændasamtökin og þau búgreinafélög sem eiga aðild að samtökunum í eitt félag. Nýtt skipulag byggist á þeirri sýn að Bændasamtök Íslands séu öflugt félag bænda sem sé í virkum tengslum við neytendur og stjórnvöld á hverjum tíma.

Bændur eru boðaðir til fundar á netinu **fimmtudaginn 4. mars kl. 13.00** þar sem tillögur að breytingum verða kynntar.

### Fylgstu með á YouTube, Facebook og bondi.is

Fundinum verður streymt á **YouTube** og **Facebooksíðu** Bændasamtakanna. Bændur geta sent inn fyrirspurnir fyrir fundinn á netfangið **bondi@bondi.is** og einnig á meðan fundi stendur í gegnum **Facebook**. Tenglar á fundinn verða aðgengilegir á **www.bondi.is.**

### Frummælendur



**Gunnar Þorgeirsson**
formaður BÍ



**Oddný Steina Valsdóttir**
varaformaður BÍ

### Fundarstjóri



**Vigdís Häsler**
framkvæmdastjóri BÍ

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

YouTube

*Fyrir okkur öll*



HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS




# Ætiplöntur og annað mas

**Vilmundur Hansen og Guðrún Hulda Pálsdóttir eiga það sameiginlegt að vera nokkuð upptekin af ætiplöntum. Nú hafa þau tekið höndum saman og farið af stað með hlaðvarpið Flóruna á Hlöðunni, hlaðvarpi Bændablaðsins.**

Uppistaða þáttanna eru hinar sívinsælu fræðslugreinar Vilmundar um nytjaplöntur heimsins sem birtust á síðum Bændablaðsins frá árinu 2015–2020.

Þau kryfja eina plöntu í hverjum þætti, skoða ræktun hennar og nytjar ásamt því að finna til áhugaverðar staðreyndir og sögur tengdar plöntunni. Inn á milli spila þau þematengd hljóðbrot.

Í fyrsta þættinum tóku þau fyrir sætuhnúða, sem flestir þekkja sem sætar kartöflur.

„Eitt af mínum markmiðum í lífinu er að útrýma nafninu sætar kartöflur. Þetta er villandi nafn því þetta eru ekki kartöflur,“ segir Vilmundur og leggur til heitið sætuhnúðar, því um er að ræða neðanjarðarhnýði sem er forðarót, sem við leggjum okkur til munns.

Í öðrum þætti fara þáttastjórnendurnir svo á flug við að ræða hrísgrjón, sem er sú planta sem hefur fætt fleiri og í lengri tíma en nokkur önnur planta. Þau eru gríðarlega mikilvæg fæða enn í dag því meira en einn fimmti allra hitaeininga sem jarðarbúar neyta koma úr hrísgrjónum.

„Japönsku bíltegundirnar Toyota og Honda heita eftir hrísgrjónum. Toyota þýðir ríkulegur hrísgrjónaakur, á meðan Honda þýðir aðal hrísgrjónaakurinn,“ segir Guðrún Hulda m.a. í þættinum meðan Vilmundur fer yfir þær lífsstílsbreytingar sem hann fætt fleiri og í lengri tíma

Hægt er að senda inn spurningar til þáttastjórnendanna í gegnum netfangið floran@bondi.is en í næsta þætti hyggja þau á umræður um Inkakorn, sem margir þekkja undir tökuorðinu kínóa.

*Flóran er aðgengileg í spilara Hlöðunnar á vefsíðu Bændablaðsins, bbl.is/hladan, sem og í öllum helstu hlaðvarpsveitum svo sem á Spotify og Apple Podcast.*

**Bændablaðið**
*Smáauglýsingar 56-30-300*

FRÉTTIR

## Orkídea á Suðurlandi hefur formlega starfsemi:

# Vettvangur nýsköpunar fyrir matvælaframleiðslu og líftækni

**Síðasta sumar var undirritað samkomulag á milli Landsvirkjunar, Sambands sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um að stofnsetja verkefnið Orkídeu, þar sem markmiðið er að auka verðmætasköpun í matvælaframleiðslu með umhverfisvænni orkunýtingu. Á haustmánuðum voru stjórnendurnir Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri og Helga Gunnlaugsdóttir rannsóknar- og þróunarstjóri ráðin til verkefnisins og nú í janúar fór verkefnið formlega af stað.**

Sveinn segir að undanfarna daga hafi staðið yfir stefnumótunarvinna með verkefnastjórn og stjórn Orkídeu og nú sé unnið úr þeim gögnum. „Í stuttu máli þá eru markmið Orkídeu að virkja, efla og greiða leið frumkvöðla og vera farvegur fyrir nýsköpun á sviði matvælaframleiðslu og líftækni, einkum á Suðurlandi. Við ætlum okkur að vera skiptiborð hugmynda, þróunar og fjárfestinga fyrir orkutengd tækifæri á Suðurlandi á verkefnasviðinu, miðla rannsóknum og þróunarstarfi til fyrirtækja, frumkvöðla og hagaðila og aðstoða fyrirtæki og frumkvöðla við þekkingaröflun og verðmætasköpun. Jafnframt viljum við kynna og miðla upplýsingum um nýsköpun í matvælaframleiðslu og líftækni. Við viljum einnig koma auga á hindranir fyrir nýsköpun og framleiðslu matvæla og finna leiðir til að yfirstíga þær. Við höfum hug á að afla okkur verkefna og þekkingar með umsóknum í samkeppnissjóði með frumkvöðlum og fyrirtækjum og vinna almennt að upplýsingasöfnun og greiningum sem styðja við rannsóknir og fjárfestingar á Suðurlandi,“ segir Sveinn.

### *Aðstaða á Reykjum*

Sveinn segir að engin rannsóknarverkefni séu komin inn á borð Orkídeu þar sem formlegt starf sé nýhafið. „Við erum með takmarkaða aðstöðu til að hýsa frumkvöðla á þessum tímapunkti en við erum að skoða alla möguleika. Það er hugsanlegt að einhver aðstaða verði á Reykjum [í húsakosti garðyrkjuskólans] þegar framkvæmdum þar lýkur og rektor LbhÍ hefur lýst yfir vilja til að skoða það með jákvæðum huga. Reiknað er með að starfsmenn Orkídeu hafi starfsaðstöðu þar einhverja daga í mánuði þegar fram líða stundir. Það er ekki gert ráð fyrir að Orkídea veiti bein fjárframlög til frumkvöðla en aðstoði þá með frumráðgjöf og tengi þá við aðila sem geta veitt aðra aðstoð.“


Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Orkídeu.


Helga Gunnlaugsdóttir rannsóknar- og þróunarstjóri Orkídeu.

### *Startup Orkídea hliðarverkefni*

„Startup Orkídea er mikilvægt hliðarverkefni Orkídeu og er stýrt af Icelandic Startups sem hefur séð um allan undirbúning ásamt stjórn Orkídeu. Þetta verkefni var komið af stað áður en við Helga komum til starfa en við höfum tekið þátt í því frá því að við höfum störf og verðum meðal annars í leiðbeinendahópi hraðalsins.

Startup Orkídea er viðskiptahraðall fyrir frumkvöðla á sviði matvælaframleiðslu og líftækni. Auglýst var eftir umsóknum og alls bárust hátt í þrjátíu umsóknir. Þær hafa verið metnar og sex teymi valin til þátttöku í hraðlinum. Teymin taka þátt í þremur vinnustofum á næstu vikum og auk þess verður þeim boðin ráðgjöf af hópi leiðbeinenda sem allir hafa mikla reynslu af nýsköpunarverkefnum og fjármögnun. Landsvirkjun býður öllum teymum eina milljón í styrk gegn kauprétti á hlutabréfum í nýju fyrirtækjunum fyrir allt að fimm milljónum króna. Teymunum er í sjálfsvald sett hvort þau þiggja þennan styrk og þar með fellur kaupréttur niður.

Að sögn Sveins er Orkídea að fullu fjármögnuð til ársloka 2024 af hálfu eigenda sinna og hugsanlega lengur ef vel gengur að vinna að markmiðum verkefnisins. „Til viðbótar er gert ráð fyrir að starfsmenn Orkídeu útvegi styrkjafé og aðrar bjargir til að auka við slagkraft verkefnisins. Startup Orkídea er að mestu kostað af Landsvirkjun.“

### *Heimsóknir til sveitarstjóra, fyrirtækja og frumkvöðla*

„Við stefnum að því að heimsækja sveitarstjóra auk fyrirtækja, frumkvöðla og rannsóknaraðila á Suðurlandi sem stuðla að verðmætasköpun í matvælaframleiðslu eða líftækni með því að nýta græna orku,“ segir Sveinn þegar hann er spurður um hvernig starfsemin muni birtast á næstu vikum. „Við erum byrjuð að miðla upplýsingum frá þessum heimsóknum og annarri starfsemi á heimasíðu Orkídeu (www.orkidea.is) sem og á samfélagsmiðlum eins og Facebook og Instagram. Við höfum fundið fyrir mikilli jákvæðni í garð verkefnisins af hálfu allra sem við höfum talað við, bæði fyrirtækja og sveitarstjórna, og erum full tilhlökkunar for komandi verkefna á sviðinu. Þetta verður mjög spennandi viðfangsefni.“

Starfsstöðvar Orkídeu eru á Austurvegi 56 á Selfossi og Reykjum í Ölfusi. /smh

ECOLAB
LÁGÞRÝSTITÆKI
MINNKA LÍKUR Á ÚÐASMITI




**Ecolab** er eitt stærsta fyrirtæki í heimi á sviði lausna í þrifum og sótthreinsun fyrir gripahús og matvælafyrirtæki. Hægt er að fá búnað með tilheyrandi sápum og sótthreinsiefnum fyrir lágþrýstiþvott. Sölumenn veita allar nánari upplýsingar.

Vegna hættu á úðasmiti við háþrýstiþvott getur lágþrýstiþvottur hentað betur í mörgum tilfellum.

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver **515 1100** | rekstrarland.is

olís REKSTRARLAND

# Endurbætur gerðar á Reykhólahöfn

**Kveikt var á nýjum stefnuvita á sjóvarnagarðinum við höfnina á Reykhólum nýverið. Stefnuvitinn er til leiðbeiningar um staðsetningu skipa í innsiglingarrennu að höfninni. Einnig var sett hliðarmerki austan við enda innsiglingarrennunnar fjær höfninni, sem er grænn staur eða bauja með ljósmerki.**

Endurbygging og stækkun stálþilsbryggjunnar er á framkvæmdaáætlun siglingasviðs Vegagerðarinnar 2021–2024.

Stækkunin er lenging á viðlegukanti til suðvesturs, þannig að bryggjan, sem er eins og L í laginu, verður T laga.

*Bætt aðstaða fyrir stærri skip*

Bætir það umtalsvert aðstöðu fyrir stærri flutningaskip, en erfiðleikar hafa stundum verið með þau við bryggjuna, ekki síst í hvassviðri, vegna þess að þau eru lengri en viðlegukanturinn. Stefnt er að því að bjóða verkið út á þessu ári og ættu framkvæmdir að geta hafist í upphafi næsta árs, að því er fram kemur í frétt á vef Reykhólahrepps.

Undirbúningur er hafinn, verið er að jafna botninn og grafa skurð þar sem viðbótin á bryggjuna kemur. Svo heppilega vildi til að dýpkunarprammi frá Hagtaki Hf., sem notaður var við að hreinsa innsiglingarrennuna í fyrrasumar, var geymdur við bryggju á Reykhólum í vetur og því til taks í þetta verkefni.

/MÞÞ



Endurbætur hafa verið gerðar á Reykhólahöfn.

## Íbúafjöldi sveitarfélaga:

# Horft verði til styrkleika, ekki íbúafjölda

**Starfshópur smærri sveitarfélaga á Íslandi hefur sent umhverfis- og samgöngunefnd umsögn vegna frumvarps samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um breytingu á sveitarstjórnarlögum sem m.a. kveður á um að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags verði 1.000 íbúar.**

Í henni er lögð fram tillaga um að frekar verði horft til styrkleika sveitarfélaga fremur en lágmarksfjölda íbúa þegar kemur að umræðu um hugsanlega sameiningu.

Tillagan var unnin í framhaldi af landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldið var 18. desember síðastliðinn. Þar lögðu fulltrúar 20 minni sveitarfélaga fram aðra tillögu, m.a. um að fallið yrði frá íbúalágmarki en hún var felld. Tillagan sem fram kemur í umsögninni er sögð tilraun til að ná sátt um þetta umdeilda mál og að unnið hafi verið að henni um nokkurn tíma.

/MÞÞ

# Umferð á Hringvegi jókst í janúar

**Umferðin á Hringvegi í nýliðnum janúarmánuði jókst um tæp 3% frá því sem hún var í sama mánuði í fyrra. Vekur það athygli að umferð aukist nú þegar gríðarleg fækkun ferðamanna er staðreynd og eins að áhrif sóttvarnarreglna gætti ekki í janúar í fyrra. Umferðin nú í janúar síðastliðnum er sú næstmesta síðan þessar mælingar hófust.**

Aukning umferðar um Hringveg yfir 16 lykilteljara Vegagerðarinnar nemur 2,7% miðað við janúar í fyrra. Umferð á liðnu ári dróst saman um 6,4% miðað við árið 2019. Umferðin í nýliðnum janúar var því sú næsmesta sem mælst hefur í janúar, en aðeins árið 2019 hefur mælst meiri umferð í janúar á Hringvegi.

Samanburður milli vetrarmánaða þykir snúinn en við miserfið vetrarveður er jafnan að eiga sem hafa töluverð áhrif á umferð. Einnig þarf að hafa í huga að umferð ferðamanna er sáralítil miðað við undanfarin ár.

Þegar horft er til svæða eykst umferðin í tveimur svæðum af fimm í grennd við höfuðborgarsvæðið og nemur sú aukning 6% og um Vesturland eykst umferð um 3,6%. Samdráttur var á öðrum svæðum og mestur um Austurland eða 13,5%. Umferð eykst á 6 talningarstöðum af 16 í allt. Mest yfir talningarsnið á Geithálsi, rúmlega 12%, en mestur samdráttur er um mælisnið við Hvalnes í Lóni, um 27,6%.

/MÞÞ





## Lumar þú á mjúkri og hlýrri hugmynd?

## Stafrænt Ullarþon vorið 2021

Textílmiðstöð Íslands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands halda Ullarþon daganna 25. - 29. mars nk. Verkefnið er styrkt af Framleiðnisjóði Landbúnaðarins.

**Ullarþon** er nýsköpunarkeppni haldin á netinu til að ýta undir nýsköpun og vöruþróun, auka verðmæti ullarinnar og þá sérstaklega verðminnstu ullarflokkanna.

***Keppt verður í eftirfarandi flokkum:***

***1. Þróun á vinnslu textíls úr óunninni ull***

***2. Blöndun annarra hráefna við ull***

***3. Ný afurð***

***4. Stafrænar lausnir og rekjanleiki.***

Hvetjum alla áhugasama til að taka þátt! Skráning hefst 1. mars. Hægt er að taka þátt hvort heldur sem einstaklingur eða í teymi, eða mynda teymi á Facebookar síðu Ullarþonsins. Þátttakendur hafa aðgang að breiðum hóp leiðbeinenda á meðan Ullarþoninu stendur.

Lokaskil á hugmyndum er þann 29. mars. Dómnefnd mun þá meta hugmyndir og tilkynna um miðjan apríl hver mun vera í topp 5 í hverjum flokki. Úrslit verða kynnt á Hönnunarmars 2021.

**Heildarverðmæti vinninga eru um 1.600.000 kr.**

Nú er tækifæri til að láta ljós sitt skína og taka þátt í að koma með nýjar nýskapandi lausnir sem hægt verður að nýta sem best og þar með skapa verðmæti úr ullinni!

**Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á Facebookar síðu „Ullarþon" eða á heimasíðu Textílmiðstöðvarinnar; www.textilmidstod.is**

Einnig er hægt að hafa samband við:
**johanna@textilmidstod.is**
**hulda@nmi.is**

# STEKKUR

## Álalogia II

**Ólíkt öðrum fiskum sem finnast í ám og vötnum, eins og lax og silungur, leitar állinn til sjávar til að hrygna og hrygnir langt suður í Sargossa-hafi, eða Þanghafinu eins og það er kallað á íslensku. Lífhlaup þessa sérkennilega fisks hefst því í rúmlega 4.000 kílómetra fjarlægð frá Íslandi.**

Þanghafið er aflangt og um það bil 6.000 metra djúpt svæði í miðju Atlantshafi og markast skil þess af hafstraumum. Svæðið er um 1.100 kílómetra breitt og 3.200 kílómetra langt og nær frá 70 gráðum vestur til 40 gráða vestur og frá 25 gráðum norður að 35 gráðum suður. Bermúdaeyjar eru staðsettar nálægt vesturmörkum Þanghafsins og Bermúdaþríhyrningurinn þar skammt frá.

Fullvaxnir Evrópuálar hrygna í Þanghafinu út af Mexíkóflóa. Ekki hefur tekist að staðsetja hrygningarstöðvarnar nákvæmlega og enn hefur engin hrognafull hrygna eða hrogn fundist í sjó en talið er að hrygningin fari fram í febrúar til apríl á 400 til 700 metra dýpi.

Nýklaktar lirfur eru fjórir til fimm millimetrar að lengd, örmjóar og glærar en í kjaftinum á þeim eru hárbeittar bjúglaga tennur.

Frá Þanghafinu rekur seiðin með Golfstraumnum til uppeldisstöðva sinna í Evrópu og Norður-Afríku og nýjar rannsóknir sýna að það tekur þau eitt ár að komast til Íslands. Á leiðinni vaxa lirfurnar hratt úr um það bil hálfum sentímetra í nokkra sentímetra. Þegar seiðin nálgast land verða þau sívöl og líkjast fullorðnum álum í útliti nema hvað þau eru minni og glær. Hingað komin eru seiðin sex til átta sentímetra löng og kallast glerálar. Þegar þeir nálgast ströndina, í mars til júlí, verða álarnir botnlægir og fljótlega eftir það ganga þeir, oft margir saman, í ár og vötn. Göngur ála eru háðar hitastiginu í vatninu sem þeir ganga í og er gengdin meiri í hlýjum sumrum en köldum enda eru álar hitakærir. Eftir að álarnir koma í ferskvatn breyta þeir um lit og kallast eftir það gulálar. Næstu árin lifir állinn í fersku vatni, tekur út vöxt sinn og verður kynþroska. Nýlegar rannsóknir sýna að álar hér vaxa yfirleitt vel en geta í sumum tilvikum náð háum aldri áður en þeir verða kynþroska. Hængarnir verða fullþroska fyrr, yfirleitt fimm til tíu ára gamlir, en hrygnurnar átta til fimmtán ára. Dæmi eru um það á sumum stöðum að álarnir verði mun eldri og dvelji hér yfir 20 ár. Álar geta orðið allt að hundrað ára gamlir en ólíklegt að slíkt gerist nema þar sem hann hefur lokast af. Sögur eru til af fjörgömlum álum í brunnum hérlendis, til að mynda í Skagafirði.

Ókynþroska álar í fersku vatni eru dökkbrúnir á bakinu en grænleitir á hliðunum og hvítir eða gulleitir á kviðnum. Eftir að állinn fer að nálgast kynþroska breytir hann aftur um lit, dökknar á baki en verður silfraður á kviðnum. Þá fer einnig fram mikil augnstækkun. Hann hættir að éta, magi hans og garnir skreppa saman og kynfærin þroskast. Haustið sem állinn verður kynþroska leita fullvaxta álar aftur til sjávar og taka stefnuna á Þanghafið, þar sem þeir æxla sig, hrygna og deyja. /VH

NYTJAR HAFSINS

### Sandsílastofninn hefur lengi verið í slæmu ástandi:

# Örlagavaldur kríu og lunda



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is



Afli úr einum sandsílaplógi í Faxaflóa þar sem farið var yfir botn sem samsvarar 357 fermetrum. Aflinn sem fékkst var mest síli á fyrsta ári (0-grúppu síli) eins og sjá má í hendinni. Mynd / Valur Bogason

**Sandsíli við Ísland er í lægð. Stofninn hefur minnkað og nýliðun er lítil. Ástæður eru ekki alveg kunnar en þær tengjast hækkandi sjávarhita. Skortur á sandsíli er helst bagalegur fyrir fugla. Fá merki eru um að stofninn sé að rétta úr kútnum en þó er ekki öll von úti.**

Sandsíli er algengur fiskur við Ísland. Ekki hafa verið stundaðar atvinnuveiðar á sandsíli hér við land líkt og í Norðursjó. Þótt sílið gefi ekki af sér beinar tekjur hér gegnir það afar þýðingarmiklu hlutverki í lífríkinu. Sandsíli er nefnilega mjög mikilvæg fæða margra nytjafiska, sjávarspendýra og ekki síst sjófugla. Suður og suðvestur af landinu er síli fæða þorsks, ýsu, skarkola og fleiri tegunda.

*Þrjár tegundir og nafnaruglingur*

Valur Bogason, sjávarvistfræðingur og starfsstöðvarstjóri Hafrannsóknastofnunar í Vestmannaeyjum, hefur lagt stund á rannsóknir á sandsílinu og er hér á eftir byggt á upplýsingum frá honum.

Hér við land eru 3 tegundir af sandsílaætt: Sandsíli (Ammodytes tobianus), marsíli (Ammodytes marinus) og trönusíli (Hyperoplus lanceeolatus). Sandsíli og marsíli eru svo lík í útliti að það þarf að telja hryggjarliðii til að greina tegundirnar í sundur. Ekki var gerður greinarmunur á sandsíli og marsíli fyrr en skoskur maður sýndi fram á það árið 1934 að hér væri um tvær tegundir að ræða. Bæði í Norðursjó og hér við land er marsílið mun algengara. Í daglegu tali er orðið sandsíli notað sem samnefnari fyrir marsíli og sandsíli, því nafn marsílis hefur aldrei náð að festa sig í sessi í málinu.

Trönusílið er töluvert stærra en sandsíli og tiltölulega auðvelt að greina það frá sandsíli. Eiginlegt sandsíli og trönusíli eru frekar sjaldgæfar tegundir hér við land og finnast aðeins við suður- og vesturströndina.

*Botngerð afgerandi*

Marsíli er lang algengasta tegundin af ætt sandsíla eins og áður er getið og finnst umhverfis allt land. Það lifir á 10 til 150 metra dýpi en mestur er þéttleiki þess á 30 til 70 metra dýpi. Marsílið getur orðið átta ára og er meirihluti orðinn kynþroska eins árs. Sílið er langvaxið og mjótt og verður allt að 25 sentímetrar að lengd. Hrygning fer fram frá nóvember til janúar.

Fyrir síli er búsvæði (botngerð) afgerandi þáttur og ræðst val búsvæða af kornastærð í botni og dýpi auk þess sem straumur yfir botni þarf helst að vera meiri en 0,6 metrar á sekúndu. Eftir að þau taka botn á fyrsta sumri þá eru þau staðbundin á sínu búsvæði og eru ýmist uppi í sjó eða grafa sig í niður í sandbotn. Það fer síðan eftir tíma dags og árstíma í hve miklum mæli þau liggja grafin. Síli eru í vetrarástandi frá hausti fram á vor og liggja þá meira og minna grafin í sandinn fyrir utan hrygningartímann. Sjómenn kannast við það að sílið gýs allt í einu upp í sjó í miklu magni eins og hendi sé veifað. Þá er sílið að koma upp úr sandinum.

*Slæmt ástand*

Íslenski sandsílastofninn hefur verið í lægð nánast frá aldamótum.



Verið að losa pokann úr sandsílatogi með trolli. Aflinn sem sést er mest tveggja ára og eldra síli. Mynd / Valur Bogason.

Steininn tók úr árið 2005 þegar varp sjófugla beið mikinn hnekki vegna fæðuskorts. Einkum brást varp kríu á sunnanverðu landinu og varp lunda í Vestmannaeyjum en þeir reiða sig á sandsílaseiði til að koma upp ungum.

Sandsílið hafði lengi vel verið lítið rannsakað en þegar varp fugla fyrir sunnan misfórst hófust reglubundnar rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar á fjórum svæðum sunnan og vestan við landið árið 2006. Í ljós kom að aldursdreifing var svipuð og kom fram í eldri gögnum frá árinu 1998 en nýliðun var léleg. Síðan þá hefur nýliðun verið léleg flest ár. Það var aðeins 2007 árgangur sem skilaði sér vel sem eins árs fiskur og var áberandi næstu ár á eftir. Eftir það hefur aldursdreifing sílis verið þannig að seiði eru mest áberandi en hafa ekki náð að skila sér sem eins árs nýliðar og lítið fæst af eldra síli.

Þegar vöktun hófst var þéttleiki mjög lítill við Vestmannaeyjar og virtist sem stofn sandsílis þar hafi orðið fyrir áfalli sem hafði nánast þurrkað hann út. Svæðið tók aðeins við sér með tilkomu 2007 árgangs en fjaraði síðan aftur út. Við Ingólfshöfða minnkaði þéttleiki smá saman þegar eldra síli, sem var til staðar í byrjun, lauk sínu æviskeiði. Staðan þar er á svipuðum nótum og við Vestmannaeyjar í dag. Ástandið í Breiðafirði og Faxaflóa hefur verið heldur skárra og komið hafa toppar í fjölda seiða í Faxaflóa sem hafa þó ekki skilað sér árið eftir.

Ástand síðustu árin hefur verið svipað og lítil merki um breytingar. Í rannsóknarleiðangri síðastliðið haust var þéttleiki með því besta sem sést hefur frá því vöktun hófst en það á enn eftir að koma í ljós hvernig sú mæling skilar sér sem eldra síli.

Áður en vöktun hófst var lítið vitað um stofnstærð og því ekki hægt að leggja mat á það hversu langt stofninn hefur farið niður á þeim svæðum sem eru vöktuð. Vöktunin gengur út á það að fylgjast með stofnbreytingum. Þegar stofninn tekur aftur við sér verður hægt að leggja mat á stærðargráðuna á því hversu langt hann fór niður í þessari lægð sem hófst um aldamótin.

Þess má geta að meðalfjöldi sandsíla í þorsk- og ýsumögum hefur verið talsvert breytilegur á milli ára en hefur farið minnkandi smám saman. Rannsóknir hafa sýnt að hlutfall ýsumaga sem innihalda sandsíli að haustlagi hefur farið lækkandi frá árinu 1999 og hefur verið í lágmarki flest ár frá 2004 fyrir utan árið 2007.

*Breytt umhverfisskilyrði*

Þessa lægð í sandsílastofninum má að öllum líkindum rekja til þeirra umhverfisbreytinga í hafinu sem hafa orðið með hækkandi sjávarhita. Hins vegar hefur ekki enn tekist að tengja eina ákveðna umhverfisbreytu við þetta ástand og líklega eru margir samverkandi þættir sem hafa áhrif. Hugsanlega gæti hrygning og klak verið að hitta illa á þann tíma þar sem fæðuframboð er mest fyrir seiðin. Einnig gæti fæðuframboð og samkeppni við aðrar tegundir um fæðu verið einn áhrifaþáttur ásamt auknu afráni.

Eftir síðustu aldamót uxu hér upp stórir árgangar af ýsu en ýsan étur fullvaxin sandsíli og líklega einnig hrogn sandsílis. Einnig voru stofnar lýsu, skötusels og síldar í sókn. Þá hóf makríll innreið sína í íslenska landhelgi á sumrin en hann leggur sér síli til munns. Þótt aukið afrán geti átt sinn þátt í því að stofn sandsílis hafi minnkað frá síðustu aldamótum er samt talið ósennilegt að afrán sé beinn orsakavaldur nýliðunarbrests hjá sandsíli.

Ástæður þess hvers vegna ástandið við Vestmannaeyjar var mun lakar við upphaf vöktunar en annars staðar eru ekki enn þekktar.

*Hlutfall ljósátu aukist*

Fiskar og fuglar eru misjafnlega háðir því að nægt framboð sé af sandsíli því flestar tegundir hafa aðgang að annarri fæðu. Lægð í sandsílastofninum hefur aðallega komið fram í erfiðleikum í kríuvarpi, lengst af sunnan og vestanlands, og viðvarandi erfiðleikum í varpi lunda í Vestmannaeyjum.

Pysjur nærðust nær eingöngu á sandsílum á vaxtartíma sínum. Sé sandsílið ekki til staðar í hæfilegri fjarlægð frá varpstað er mun erfiðara að koma pysjum á legg. Lundi hefur verið að bjarga sér á öðrum tegundum sem fæðu fyrir pysjur, t.d. hefur hlutfall ljósátu vaxið mikið í fæðu lundans síðustu ár. Betri varpárangur lunda frá 2017 má rekja til þessara fæðubreytinga en ekki til aukningar í sandsíli.

*Tilraunir til veiða við Ísland*

Tilraunir voru gerðar til að veiða sandsílið hér við land á árunum 1978 til 1980. Eyjólfur Friðgeirsson fiskifræðingur gerði grein fyrir þessum tilraunaveiðum í tímaritinu Ægi 1983.

Á þeim tíma var talið að enginn vafi léki á því að sandsílið, þ.e. marsílastofninn, væri vannýtt tegund og byði upp á nokkra veiðimöguleika. Eyjólfur taldi sennilegt að óhætt væri að veiða um 30 til 40 þúsund tonn á ári.

Árið 1978 fékk einn bátur leyfi til tilraunaveiða á sandsíli fyrir sunnan land. Árangurinn var misjafn eftir svæðum. Aflinn varð samtals 1.200 tonn. Árið eftir voru tveir bátar að veiðum og þrír fengu leyfi árið 1980. Svo fór að veiðarfæri reyndist vandamál, sérstaklega árið 1980, og var það meginástæðan fyrir því að tilraunaveiðum var hætt að sögn Eyjólfs.

Valur Bogason sagði að nokkrar umsóknir hefðu borist um heimild til að veiða marsíli/sandsíli til beitu á árunum í kringum síðustu aldamót. Fékk einn bátur leyfi til tilraunaveiða árið 2001. Veiðum hefði hins vegar verið hætt eftir stuttan tíma vegna mikils meðafla.

*Veiðar Dana og Norðmanna*

Atvinnuveiðar eru stundaðar á marsíli/sandsíli í Norðursjó, Skagerak og Kattegat, aðallega af dönskum og norskum skipum. Sílið er mjög mikilvægt hráefni fyrir fiskimjölsiðnaðinn.

ESB gefur út heildarkvóta fyrir aðildarríki sín og ganga rúm 90% kvótans til Danmerkur. Norðmenn gefa út sinn eigin kvóta. Á síðasta ári veiddu Danir samtals 248 þúsund tonn af sandsíli en Norðmenn veiddu um 244 þúsund tonn.



**Blönduós.** Mynd / HKr.

## Byggðaráð Blönduóss:

# Mótmæla skerðingu byggðakvóta

**Byggðaráð Blönduóss mótmæli harðlega fyrirhugaðri úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2020 til 2021, en atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið ætlar sveitarfélaginu 15 þorskígildistonn. Til samanburðar var sveitarfélaginu úthlutað 33 tonnum fiskveiðiárið þar á undan og hafði úthlutun þó verið skorin niður frá upphafi úthlutunar.**

Telur byggðaráð úthutunina nú algjörlega óviðunandi, „og finnst hún allverulega úr takti við þá stefnu stjórnvalda að standa vörð um atvinnustig á Norðurlandi vestra," segir í bókun byggðaráðs. Enn fremur segir að frá upphafi úthlutunar hafi ætlun yfirvalda verið að mæta stöðu sjávarbyggða sem mátt hafa þola samdrátt í veiðum og vinnslu og það eigi vissulega við um Blönduós.

***Horft verði til veikrar stöðu***

Engar breytingar hafi orðið á rekstrarumhverfi þeirra lögaðila sem þó stunda sjósókn frá svæðinu og ekkert geti rökstutt skerðinguna sem þó myndi hafa veruleg áhrif á þá rekstraraðila sem starfandi eru innan sveitarfélagsins og treysta á úthlutun ráðuneytisins með tilheyrandi möguleikum til tekjuöflunar.

Skorar byggðaráð á ráðherra að endurskoða fyrirætlanir um úthlutun byggðakvóta fyrir sveitarfélagið og horfa til þeirrar veiku stöðu sem það er nú þegar í varðandi sjávarútveginn, ef mið er tekið af fyrri árum þegar veiðar og vinnsla var einn af máttarstólpum samfélagins til fjölda ára.

*/MÞÞ*
















FRÉTTIR



Til kynningar er nú tillaga að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Núpsmýri í Öxarfirði.
Mynd / Norðurþing

## Sveitarstjórn Norðurþings:

# Tillaga að deiliskipulagi fiskeldis í Núpsmýri

**Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum í síðasta mánuði að auglýsa til almennrar kynningar tillögu að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Núpsmýri í Öxarfirði ásamt tilheyrandi umhverfisskýrslu.**

Tillaga að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Núpsmýri felur í sér mótun ramma um uppbyggingu frekari mannvirkja á iðnaðarsvæði I3 að Núpsmýri í Öxarfirði.

Fiskeldi hefur verið starfrækt á lóðinni um áratugaskeið en svæðið hefur þó ekki verið deiliskipulagt fyrr. Svæðið er nú þegar umtalsvert upp byggt en horft er til frekari uppbygginga til aukningar framleiðslu.

Skipulagssvæðið spannar eignarlóð fyrirtækisins, sem er 8,39 ha, en fyrirhuguð uppbygging er þó innan 5,6 ha iðnaðarsvæðis til samræmis við ákvæði aðalskipulags.

Frestur til að gera athugasemdir rennur út 12. mars. */MÞÞ*



Það eru mikil lífsgæði að eiga þess kost að skella sér ofan í heita sundlaug. Á Grenivík þarf að loka lauginni yfir köldustu daga vetrarins þar sem ekki er til nægt vatn fyrir alla.
Mynd / Grýtubakkahreppur

## Hitaveitan í Grýtubakkahreppi tæp í vetur:

# Sundlauginni lokað á köldustu dögunum

**Við verðum því miður að grípa til þess bragðs að loka sundlauginni á köldustu dögum núna í vetur. Það er gert til að tryggja að fyrirtækin okkar fái það vatn sem þau þurfa til sinnar starfsemi," segir í frétt á vefsíðu Grýtubakkahrepps. Tíðarfar það sem eftir lifir vetrar mun ráða hversu oft þarf að grípa inn í og loka sundlauginni.**

### *Lögnin hefur ekki undan á köldustu dögunum*

Fram kemur að það hafi verið mikið framfararskref þegar hitaveita var lögð til Grenivíkur, en hún kemur alla leið frá Reykjum í Fnjóskadal. Sáu menn á þeim tíma ekki fyrir alla þá möguleika sem hitaveita skapaði, því eftir einungis um áratug í rekstri var veitan komin að þolmörkum.

„Nú er staðan þannig að lögnin hefur ekki undan á köldustu dögum og þrýstingur fellur hjá þeim notendum sem verst eru staðsettir."

Sveitarstjórn hefur ítrekað bókað áhyggjur sínar undanfarin ár og sent áskoranir um úrbætur til Norðurorku. Einnig hafa sveitarstjóri og fulltrúar úr sveitarstjórn átt þó nokkra fundi með starfsmönnum Norðurorku. Nú síðast var fundað með starfsmönnum og stjórnarformanni Norðurorku í janúar. Sveitarstjórn hefur enn á ný sent frá sér formlegt erindi þar sem farið er fram á að Norðurorka geri nú þegar áætlun um uppbyggingu veitunnar þannig að hún geti þjónað samfélaginu til framtíðar.

### *Órannsökuð svæði í hreppnum*

Einnig að farið verði í frekari rannsóknir með borunum í hreppnum þar sem enn eru órannsökuð svæði sem þykja nokkuð vænleg. Þá hefur verið farið fram á að afköst veitunnar verði hámörkuð svo fljótt sem mögulegt er með þeim aðgerðum sem tiltækar eru, t.d. með aukinni dælingu.

Norðurorka hefur þegar lagt í verulegar framkvæmdir á Reykjum til að auka skilvirkni og afkastagetu veitunnar. Í sumar verður byggð dælustöð sem eykur afköst og standa vonir til að næsta vetur verði staðan því mun betri en í vetur. Áformað er að setja upp fleiri dælustöðvar á leiðinni frá Reykjum til Grenivíkur á næstu árum og hámarka þannig það vatn sem við getum fengið með núverandi lögn.

Fram kemur einnig að íbúar sveitarfélagsins treysti því að Norðurorka leysi málið og staðan verði betri næsta vetur. Leita þurfi varanlegri lausna til að veitan geti þjónað vaxandi byggð og auknum umsvifum í atvinnulífi til framtíðar. */MÞÞ*



Byggðar verða þrjár rennibrautir sem henta mismunandi aldurshópum.

## Stækkun og endurbætur standa yfir á Sundlaug Sauðárkróks:

# Stefnt að því að nýta laugina á Landsmóti UMFÍ á næsta ári

**Framkvæmdir við stækkun Sundlaugar Sauðárkróks hófust um miðjan janúar. Fyrirtækið Vinnuvélar Símonar sá um jarðvegsvinnu sem lauk nýverið.**

Um er að ræða 2. áfanga í endurbótum og stækkun Sundlaugar Sauðárkróks en 1. áfangi var formlega tekinn í notkun 25. maí í fyrra. Þær framkvæmdir sem nú eru hafnar snúa að viðbyggingu setlauga og rennibrauta við núverandi sundlaug ásamt endurnýjun á hreinsikerfi og laugarkerfi. Þetta kemur fram á vefsíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Opið verkútboð fyrir byggingarframkvæmdinni verður haldið seinni hluta febrúarmánuðar og er áætlað að framkvæmdir við viðbygginguna hefjist strax í kjölfar útboðsins.

Áætlaður verktími á byggingarframkvæmdum er frá apríl 2021 til lok júní 2022. Stefnt er að því að sundlaugin verði nýtt á Landsmóti UMFÍ sem haldið verður á Sauðárkróki í ágúst 2022.



Framkvæmdir við stækkun Sundlaugar Sauðárkróks hófust um miðjan janúar. Fyrirtækið Vinnuvélar Símonar sá um jarðvegsvinnu sem lauk nýverið.



Stefnt er að því að sundlaugin verði nýtt á Landsmóti UMFÍ sem haldið verður á Sauðárkróki í ágúst 2022.

### *Varanlegur kaldur pottur*

Laugarsvæðið mun stækka til suðurs með setlaugum, kennslulaug og rennibrautum. Kennslulaugin verður notuð til sundkennslu fyrir börn á grunnskólaaldri. Setlaugar verða gerðar í kringum kennslulaugina ásamt lendingarsvæði fyrir rennibrautir. Byggður verður varanlegur kaldur pottur milli heitu pottanna tveggja sem nú eru við sundlaugina en notast hefur verið við plastkar hingað til.

### *Þrjár rennibrautir*

Byggðar verða þrjár rennibrautir sem henta mismunandi aldurshópum. Sú stærsta verður um 11 metra há og verður turn hennar klæddur gleri, með led-lýsingu ásamt því að vera upphitaður.

Sundlaugin sjálf mun fá upplyftingu og verður hún flísalögð, ásamt því að laugarkerfi og hreinsikerfi verði endurnýjuð. */MÞÞ*



Laugarsvæðið mun stækka til suðurs með setlaugum, kennslulaug og rennibrautum.

# Erfðanefnd landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki

Meginhlutverk erfðanefndar landbúnaðarins er að vinna að varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði. Í því skyni hefur nefndin ákveðið að verja fjármunum í að styrkja einstök afmörkuð verkefni sem falla að því hlutverki.

Vísað er til stefnumörkunaráætlunar erfðanefndar varðandi nánari áherslur nefndarinnar. Sjá vefsíðu nefndarinnar **www.agrogen.is.**

**Lögð er áhersla á að styrkja verkefni á eftirfarandi sviðum:**

- Rannsóknir er lúta að varðveislu og viðhaldi á erfðaauðlindum í landbúnaði.
- Lokaverkefni til prófs á háskólastigi er tengjast varðveislu og/eða nýtingu á erfðaauðlindum í landbúnaði.
- Aðgerðir sem stuðla að sjálfbærri varðveislu og/eða nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði.
- Kynning og fræðsla fyrir almenning um erfðaauðlindir í landbúnaði og gildi þeirra.

Einstaklingar og félagasamtök eru hvött til að sækja um styrki til verkefna sem hafa það að markmiði að stuðla að varðveislu og/eða sjálfbærri nýtingu innlendra erfðaauðlinda í landbúnaði.

Að jafnaði verða veittir styrkir á bilinu kr. 200–900 þús. Sérstök eyðublöð má finna á heimasíðu erfðanefndar **www.agrogen.is.**

**Umsóknum skal skilað fyrir 15. apríl 2021** til Birnu Kristínar Baldursdóttur, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri, 311 Borgarnes - birna@lbhi.is.

Erfðanefnd landbúnaðarins

Landbúnaðarháskóli Íslands


GAS LYKKJUBYSSA

Hentar einkar vel fyrir girðinga-vinnu og aðrar framkvæmdir




*Frekari upplýsingar má sjá á S-J.IS*

SKÚLASON & JÓNSSON
SKÚTUVOGI 6 · 104 REYKJAVÍK · SÍMI 568 6544

Límtré-Timbureiningar



STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

RAFVER
Stofnað 1956

KÄRCHER

- Háþrýstidælur
- Ryksugur blautt & þurrt
- Sópar
- Aukahlutir
- Verkstæði
- Þjónusta





Skeifan 3, 108 Reykjavík • Sími 581 2333 • rafver.is • rafver@rafver.is

Lely Center Ísland



ALTERNATORAR í flestar gerðir dráttarvéla

**Reykjavík:** Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Wendel

HILLTIP
VETRARBÚNAÐUR

Finnsk gæði sem henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík
551 5464 / wendel.is



FRÉTTASKÝRING

## Milljónum alifugla slátrað vegna nýs afbrigðis fuglaflensu:

# Nýr fuglaflensufaraldur farinn að stórskaða alifuglaeldi víða um lönd

## – Hefur þegar borist víða um Austurlönd og Evrópu – Smitast ekki í spendýr en getur borist með ýmsum farfuglategundum til Íslands

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



**Fuglaflensa hefir skotið upp kollinum annað slagið í gegnum árin, en nú er óttast um alvarlegar afleiðingar af nýjum faraldri sem þegar er farinn að valda skaða í alifuglarækt í Evrópu. Þessi fuglaflensa gæti hæglega borist með farfuglum til Íslands.**

Fuglaflensan bætist ofan á áhyggjur manna vegna svínapestar sem leikið hefur landbúnað grátt, sérstaklega í Kína og í Austur- Evrópu. Þá er enn mikill ótti við að svínapest berist úr villisvínum í Evrópu í svínabú t.d. í Þýskalandi.

Í lok janúar bárust fregnir af því að 1,3 milljónir kjúklinga hafi verið slátrað í Kalmar í Svíþjóð eftir að fuglaflensa af H5N8 og H5N5 stofnum greindist þar á alifuglabúi. Þetta eru samt fuglaflensustofnar sem ekki er vitað til að geti smitast í menn.

Hinn 4. febrúar 2020 tilkynntu stjórnvöld í Sádi-Arabíu og Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunin (World Organisation for Animal Health - OIE) um að mjög smitandi fuglavírus H5N8 hafi brotist út í alifuglabúi í landinu. Atvikið átti sér stað í Mið-Sudair héraði og drap vírusinn meira en 22.700 fugla á nokkrum vikum. Var 385.300 fuglum sem eftir voru á búinu slátrað. Var þetta fyrsta fuglaflenskutilvikið sem tilkynnt var í landinu síðan í júlí 2018. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og hefur vírusinn dreifst með farfuglum víða um heim, m.a. til Skandinavíu.

### *Fuglaveirustofn sem getur borist í menn finnst í Skotlandi*

Þótt fréttir nú af hraðri útbreiðslu fuglaflensu af H5N8 stofni þyki ógnvekjandi fyrir matvælaframleiðsluna, þá vakti það óneitanlega dálítinn óhug að sjá fréttir frá umhverfis- og matvælayfirvöldum í Bretlandi þann 15. febrúar síðastliðinn. Þar var greint var frá því að mjög smitandi afbrigði af H5N1 stofni fuglaflensu hafi greinst í Skotlandi. Þó áhættan sé ekki sögð mikil á að fólk smitist af fuglaflensuveiruafbrigðinu H5N1, þá eru dæmi um að fjöldi manna hafi látið lífið af völdum þess fyrr á árum. Ekkert hefur þó komið fram um að veiran hafi smitast í fólk í Skotlandi.

### *Greindist fyrst í mönnum 1997*

Þetta afbrigði veirunnar greindist fyrst í mönnum í Hong Kong árið 1997 eftir að fuglaflensufaraldur braust út í kjúklingum í borgríkinu þáverandi. Síðan hefur veiruafbrigðið H5N1 greinst í villtum fuglum í yfir 50 löndum í Asíu, Afríku, Evrópu og Mið-Austurlöndum.

### *Ekki dæmi um að H5N1 veiran hafi valdið faraldri hjá mönnum*

Sex lönd eru sögð sérstaklega útsett fyrir þessu afbrigði fuglaflensuveirunnar, en það eru Bangladesh, Kína, Egyptaland, Indland, Indónesía og Víetnam. Frá árinu 2003 hafa komið upp tilfelli annað slagið um að fólk hafi smitast af H5N1 fuglaflensuafbrigðinu í Asíu. Einnig í Afríku, Mið-Austurlöndum og Evrópu. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO greindi m.a. frá því að stofnuninni hafi borist 700 tilkynningar um smit af völdum H5N1 veirunnar frá 2003 í 15 löndum. Þann 21. janúar síðastliðinn var þó aðeins talað um 239 staðfest smit í fólki frá 2003 og þar af 134 dauðsföll sem þýðir að dánartíðnin er 56%.

Þetta afbrigði fuglaflensuveirunnar berst ekki auðveldlega manna á milli og hefur aldrei náð að verða að faraldri meðal manna. Samkvæmt tölum eftirlitsstofnunarinnar CDC (Center for Disease Controle and Prevention) hafa tiltölulega mjög fáir jarðarbúar sýkst af veirunni en dánartíðnin meðal þeirra sem sýkst hafa er eigi að síður há, eða allt að 60%. Ekki er tekið fram hvort það fólk hafi verið með undirliggjandi sjúkdóma af öðru tagi, en veiran getur framkallað margvísleg veikindi hjá fólki.

### *Eitt tilfelli H5N1 greindist í Kanada*

Þann 8. janúar 2014 var greint frá því að H5N1 fuglaflensuafbrigðið hafi í fyrsta sinn greinst í manni í Ameríku. Það var maður í Kanada sem verið hafði á ferðalagi í Kína. Fram til þessa er ekki vitað um neitt annað tilfelli af smiti H5N1 veirunnar í fólk í Kanada og ekki heldur í Bandaríkjunum. Veiran hefur aftur á móti nýlega greinst í villtum fuglum í Bandaríkjunum, samkvæmt gögnum landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna. H5N1 afbrigðið sem þar hefur fundist er þó sagt erfðafræðilega að einhverju leyti öðruvísi en asíska afbrigðið af sömu veiru.

### *Smit H5N8 hefur borist víða með farfuglum*

Á sumarmánuðum 2020 greindist H5N8 í villtum fuglum í Vestur-Rússlandi og Kasakstan. Búist var við að veiran myndi einnig berast með vaðfuglum og sundfuglum til Norður- og Vestur-Evrópu. Staðfesting fékkst síðan á því í október og nóvember með aðvörun matvælaöryggisyfirvalda í Evrópu (European Food Safety Autority – EFSA) þann 19. nóvember. Sum þeirra smita sem greinst höfðu í haust fundust í farfuglategundum sem verpa í norðanverðri Evrópu, m.a. á Íslandi. Þar sagði m.a.:

„Frá 16. október 2020 hefur verið greint frá faraldri af mjög skæðri fuglaflensu (HPAI) í nokkrum ESB og EES ríkjum. Þetta eru Belgía, Danmörk, Frakkland, Írland, Holland, Svíþjóð og einnig Bretland."

Þann 17. nóvember var farið að undirbúa slátrun 70.000 alifugla í Þýskalandi. Einnig var fyrirskipuð slátrun á 25.000 fuglum í Danmörku og 13.000 fuglum í Norðvestur-Englandi.





Alifuglum fargað vegna útbreiðslu fuglaflensu á Indlandi.
Myndir / Indian Express

Á hádegi 19. nóvember, hafði verið tilkynnt um fjölda HPAI A (H5) tilfelli, þar sem meirihlutinn af greiningunum var rakinn til villtra fugla. Þá voru smittilfelli einnig greind í alifuglum og öðrum búrfuglum.

Flest smitin í villtum fuglum voru í vað- og sundfuglum. Þar var m.a. um að ræða smit í helsingja (Barnacle goos – Branta leucopsis). Þá fundust smit í grágæs og í „evrasískri dúgu" og 14 í stokköndum. Eins höfðu fundist smit í fugli af fálkaætt sem nefndur er common buzzard (Bluteo buteo).

Í þessum smitum sem greind voru reyndust vera þrjár undirtegundir HPAI-vírusa. Það voru A (H5N8), A (H5N5) og A (H5N1). Algengasta afbrigðið var A (H5N8).

EFSA taldi að búast mætti við frekari útbreiðslu þegar farfuglar færu til vetrarstöðva sinna víða í Evrópu. Með vorinu mætti síðan búast við nýrri smitbylgju frá villtum farfuglum.

### *Ekkert sem bendir til að H5N8 vírusinn berist í menn*

ESFA telur hættu fara vaxandi á að fuglaflensusmit af H5N8 stofni breiðist víðar um Evrópu. Enn sem komið er sé þó ekkert sem bendi til þess að þessi veira geti sýkt menn og önnur spendýr. Eigi að síður bendir EFSA á að fólk ætti að forðast að snerta sjúka eða dauða fugla. Þekkt er að aðrir stofnar fuglaflensu eins og H5N1 og H7N9 hafi borist í spendýr og valdið dauða hundraða manna á árunum 2003 og 2013.

Þann 19. nóvember höfðu einnig borist enn frekari tilkynningar um fjölda smita í villtum fuglum og alifuglum í Belgíu, Danmörku, Frakklandi, Þýskalandi, Írlandi, Hollandi, Svíþjóð og i Bretlandi. Samkvæmt erfðafræðilegum rannsóknum var sagt að vírus í þessum löndum væri aðeins frábrugðinn þeim HPAI A(H5N8) og A(H5N2) afbrigðum sem fundist höfðu í austanverðri Evrópu frá júní 2019 til júní 2020.

Þann 20. nóvember var greint frá banni yfirvalda í Noregi á að alifuglar á ákveðnum svæðum væru hafðir utanhúss.



Fuglaflensusmit af H5N1 stofni hafa fundist í mörgum farfuglategundum, m.a. í stokkönd.

Þann 4. janúar var greint frá því að 9.000 alifuglum hafi verið slátrað vegna fuglaflensunnar á búi í bænum Lovel á Jótlandi í Danmörku. Var það gert til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu á H5N8 vírusnum. Í lok janúar bárust síðan fregnir af því að 1,3 milljónum kjúklinga hafi verið slátrað í Kalmar í Svíþjóð.

### *Tilkynnt um smit á Indlandi og víðar í Asíulöndum*

Yfirvöld í Suður-Kóreu greindu frá því í lok nóvember að fyrirskipuð hefði verið slátrun á 392.000 alifuglum í forvarnarskyni til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

Nú í byrjun janúar 2021 bárust svo fregnir af því að vírus af H5N8 stofni hafi drepið hundruð fugla í Kerala-ríki á Indlandi í desember. Í framhaldinu var þúsundum alifugla slátrað. Þá var greint frá frekari útbreiðslu fuglaflensunnar í fleiri héruðum á Indlandi. Þannig hafði 160.000 alifuglum verið slátrað í Barwala, Panchkula og í Raipur Rain. Frá miðjum desember til 8. janúar var búið að slátra 437.000 alifuglum á Indlandi vegna fuglaflensunnar. Þann 9. janúar hafði verið tilkynnt um smit í 7 ríkjum á Indlandi.

Yfirvöl í Namibíu í Afríku lokuðu fyrir allan innflutning þann 15. janúar á alifuglum og alifuglakjöti frá Evrópu og öðrum ríkjum þar sem fuglaflensusmit höfðu komið upp.

Þann 20. janúar greindi Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunin (World Organisation for Animal Health – OIE) frá mjög smitandi veiru af H5N8 stofni í Írak. Hafði veiran fundist í alifuglabúi í bænum Samsara og hafði þá drepið 63.700 fugla af 68.800 fuglum sem í búinu voru.

Japanska landbúnaðarráðuneytið upplýsti svo þann 21. janúar að greinst hafi H5N8 veira í öndum sem nýttar voru til manneldis á alifuglabúi í Yokoshibahikari nærri Narita. Þá hafði aliöndum á tíu alifuglabúum verið slátrað í forvarnarskyni til að hefta frekari útbreiðslu.

Ráðuneyti landbúnaðar- og dreifbýlis í Kína greindi frá því þann 1. febrúar að mjög smitandi veira af H5N8 hafi greinst í svönum við Vetrarhöllina í Beijing. Þarna eru að jafnaði um 4.000 svanir og höfðu nokkrir drepist og fleiri greindir með sýkingu.

Yfirvöld í Brandenburg í Þýskalandi upplýstu þann 2. febrúar að 14.000 kalkúnum hafi verið slátrað á Uckermark svæðinu til að reyna að hefta útbreiðslu fuglaflensunnar þar í landi.

### *Döpur slóð fuglaflensufaraldra*

Í gegnum tíðina hefur fuglaflensuveira margoft skotið upp kollinum, en þá af öðru afbrigði en nú er að breiðast út, sem er H5N8. Þannig hafði fuglaflensa af H5N2 stofni alvarlegar afleiðingar fyrir alifuglarækt í Bandaríkjunum 2015. Í maí það ár hafði 43 milljónum alifugla verið slátrað vegna þessa vírus í 15 ríkjum Bandaríkjanna, einkum kjúklingum og kalkúnum. Þar af var 30 milljónum fugla slátrað í Iowa sem er helsta eggjaframleiðsluríki landsins. Olli þetta gríðarlegum verðhækkunum á eggjum og alifuglakjöti.

## Miklir kuldar hafa einkennt Norður-Evrópu í febrúar ef Ísland er undanskilið:

# Áin Thames í London fraus að hluta í fyrsta sinn í um 60 ár

### – Deilur um orsakir og afleiðingar hlýnunar og kólnunar loftslags lifa enn góðu lífi og gera eflaust áfram

**Sérkennilegt veðurfar hefur einkennt norðurhvel jarðar undanfarnar vikur. Leita þarf aftur um 60 ár til að finna viðlíka kulda í Norður-Evrópu, að Íslandi undanskildu. Velta má fyrir sér hvort þetta séu merki um að norðurhvel jarðar sé að snúast úr hlýnunarfasa undanfarinna áratuga í kuldaskeið, eins og Páll Bergþórsson veðurfræðingur taldi líklegt í skrifum sínum fyrir nokkrum árum og ítrekaði í nóvember á síðasta ári.**

Erlendir fjölmiðlar hafa fjallað mikið um kuldana sem vörðu víða, allt fram yfir miðjan febrúar. Þannig var greint frá því í breska blaðinu Mirror að stór hluti af Thames-ánni sem rennur í gegnum London hafi í fyrsta sinn í 60 ár farið niður fyrir frostmark. Í Teddington í Suðvestur-London var öll áin ísi lögð. Í Bretlandi öllu er talað um mestu frost í 25 ár. Svipaðar fréttir hafa reyndar líka komið frá Bandaríkjunum að undanförnu og allt suður í Texas.

Miðvikudagskvöldið 10. febrúar var það kaldasta sem mælst hefur í öllu Bretlandi síðan 23. febrúar 1955. Þá sýndu mælar bresku veðurstofunnar -23 °C í þorpinu Braernar í Aberdeenskíri inni á miðju Skotlandi. Áþekkt ástand hefur verið í Hollandi og víðar um norðanverða Evrópu.



Þetta kort frá Tokyo Climate Center sýnir meðaltal óvenjumikilla kulda og hita á tímabilinu 3. til 9. febrúar 2021. Þarna sést vel vinstra megin á kortinu hvernig það er óvenjukalt í norðanverðri Evrópu en óvenju hlýtt á sumum svæðum í suðaustanverðri Evrópu.


Mynd frá Teddington í Suðvestur-London þann 10. febrúar síðastliðnum, þar sem áin Thames er ísi lögð. Mynd / Gianna Saccomani/ RNLI / SWNS.CO


Á tímabilinu 1300 til 1814 fraus yfirborð Thames-ár í það minnsta 23 sinnum og margoft síðan fram yfir aldamótin 1900. Var áin þá vinsælt útivistarsvæði og ísinn gaf tilefni til margvíslegra hátíðahalda. Þessi teikning sýnir ána Thames ísi lagða árið 1873.


Ljósmynd af Thames frá árinu 1894.

### *Á skjön við tölur um hækkandi hitastig á jörðinni á síðasta ári*

Kuldinn í Evrópu að undanförnu virðist dálítið á skjön við fréttir um hitastig á jörðinni á árinu 2020. Samkvæmt tölum Copernicus Climate Change Service/ECMWF var árið 2020 það heitasta í sögu mælinga í Evrópu og jafnaði það árið 2016. Var árið 2020 sagt 0,4 °C heitara en árið 2019 og 0,6 gráðum heitara en meðaltal áranna 1981-2010. Nokkuð dró úr losun $CO_2$ vegna COVID-19 og jókst hlutfallið í andrúmsloftinu um 1,9–2,3 hluta úr milljón (ppm).

Tölur frá NASA (GISS) segja að meðalhitinn í heiminum hafi verið 1,02 gráðum á Celsíus yfir meðalhita áranna 1951 til 1980. Af hverju það tímabil er valið er svo annað mál, en um leið sagt að áratugurinn 2011 til 2020 hafi verið sá heitasti síðan mælingar hófust. Athyglisvert dæmi um óvenjumikla hita í fyrrasumar er frá norðanverðri Síberíu þar sem hitinn á stórum svæðum hækkaði um 3 til 6 gráður að meðaltali á milli ára.

### *Litla-ísöld verður sennilega seint talin eftirsóknarverð*

Áin Thames var síðast nær öll ísi lögð í janúar 1963. Þá var kaldasti vetur sem mælst hafði í borginni í yfir 200 ár, með snjókomu og frosti sem fór niður undir -20 °C. Þá lagði ána jafnvel allt til sjávar og var þessi vetur jafnvel talinn sá kaldasti síðan 1740. Á árunum 1300 til 1850 fékk Bretland að kenna á því sem oft er kölluð „Litla-ísöld.“

### *Lagnaðarís á Thames var reglulegt fyrirbæri á litlu-ísöld*

Veturinn 1683 til 1684 er þó oft talinn sá versti í sögunni í Englandi og talað um „Great Frost“. Þá mældist ísþykktin á Thames mánuðum saman um 30 sentímetrar að jafnaði. Voru haldnar útihátíðir á ánni þar sem hún rann í gegnum London, eða það sem nefnt var Thames frost fairs. Markaði það t.d. upphaf velgengni Chipperfield's sirkussins. Slíkar hátíðir voru einnig haldnar á Aire-ánni í Leeds.

Frá byrjun 17. aldar og fram í byrjun 19. fraus vatn í Thames nokkuð reglulega. Sem dæmi um það var Thames ísi lögð í sex vikur samfleytt veturinn 1608. Næst kom slíkt langvarandi ís-ástand, sem Bretar kenna við „Frost fair“, tvö hundruð árum seinna, eða 1814.

Lakagígagosið á Íslandi frá júní 1883 til febrúar 1884 olli líka gríðarlegri kólnun loftslags á norðurhveli jarðar og allt til Norður-Afríku og Indlands. Olli sá atburður dauða milljóna manna og þá lét m.a. um 25% íslensku þjóðarinnar lífið. Bæði lést fólk úr hungri og lungnasjúkdómum sem orsökuðust af miklu útstreymi brennisteinsdíoxíðs (móðunnar miklu). Talið er að um 120 milljón tonn af brennisteinsdíoxíði hafi farið út í andrúmsloftið í þessu gosi.

Á litlu-ísöld stækkuðu jöklar á Íslandi verulega og náðu hámarki um 1880. Það ár einkenndist af miklum öflugum veðurfarssveiflum eins og oft gerist í kaflaskilum á veðurfari.

### *Öfgar í veðurfari á öldum áður*

Samkvæmt yfirliti á bloggsíðu Trausta Jónssonar veðurfræðings voru fyrstu 8 mánuðir ársins 1880 meðal þeirra hlýjustu á 19. öld og tveir þeirra, apríl og ágúst, eru meðal allra hlýjustu sinna almanaksbræðra. Öfgar í veðurfari eru því vel þekktir úr fortíðinni.

„Hlýindin hófust raunar fyrir áramót 1880 til 1881 og var meðalhiti 12-mánaða tímabilsins október 1879 til september 1880 rúm 5 stig í Stykkishólmi, rúmum 2 stigum ofan meðallags næstu tíu ára á undan. […] Frá og með október hríðkólnaði og það svo að dæmi eru ekki um annað eins. Það „hefndist fyrir blíðuna“ eins og stundum var sagt. Meðalhiti í júlí var 12,3 stig í Stykkishólmi. Það met stendur enn, meðalhiti var þar 12,0 stig í ágúst, met sem stóð til ársins 2003. Sama á við um ágúst í Reykjavík, þar var meðalhiti ágústmánaðar 1880 12,4 stig og varð ekki hærri fyrr en 2003.“

Um haustið snerist dæmið við og þann 26. desember 1880 mældist frostið -18,7 °C samkvæmt meðaltali í Stykkishólmi.

### *Enn er tekist á um kenninguna frá 1896 um hlýnun jarðar*

Í ljósi þessa er kannski umhugsunarvert að í loftslagsumræðunni í dag skilgreini sumir það ástand jökla sem ríkti undir lok litlu-ísaldar sem eðlilegt og mætti ætla að öll hopun jökla síðan 1880–1890 sé af hinu slæma. Hafa menn notað slíkar mælingar á hopun jökla sem sönnun fyrir kenningu sem sænski vísindamaðurinn Svante Arrhenius setti fram árið 1896 um að söfnun koltvísýrings ($CO_2$) í andrúmsloftinu af mannavöldum ylli hlýnun jarðar. Hann var eðlisfræðingur en er þó oftar kallaður efnafræðingur og hlaut Nóbelsverðlaun í efnafræði árið 1903.

Kenning Arrhenius var sett fram um það leyti sem litla-ísöld var að renna sitt skeið og allar mælingar bentu til að hámark kuldaskeiðsins væri þegar náð og hlýnun yrði nokkuð augljós afleiðing. Allar götur síðan hafa menn deilt um hvort lofttegund, sem er ekki nema 0,04% hluti af andrúmsloftinu, geti haft þau hlýnunaráhrif sem Svante Arrhenius hélt fram. Síðan hafa fjölmargir vísindamenn ýmist þjappað sér að baki Arrhenius og reynt að sanna hans kenningu, á meðan aðrir vísindamenn hafa talið að kenningin standist ekki vísindalega skoðun. Þarna séu aðrir kraftar að verki, eins og möndulhalli jarðar og afstaða jarðar og sólar. Væntanlega mun þó aðeins tíminn og raunveruleg þróun loftslags geta sannað eða afsannað þessa kenningu. Því má t.d. velta fyrir sér hvaða áhrif það mun hafa á umræður um kenninguna ef Páll Bergþórsson veðurfræðingur hefur rétt fyrir sér?

### *Kenningin hefur þegar haft áhrif á iðnað*

Hvað sem öðru líður er trúin á kenningu Svante Arrhenius frá 1896 nú að valda umbyltingu í iðnaði og þróun vélbúnaðar í heiminum sem hlýtur væntanlega að teljast af hinu góða. Það ætti að öllum líkindum að draga stórlega úr sjáanlegri loftmengun og losun $CO_2$ af manna völdum, en til að byrja með þó aðallega í stórborgum ríkustu iðnríkja heims. Það sem hægir á þeim áhrifum er að orkan í orkuskiptum í samgöngum úr jarðefnaeldsneyti í raforku, hefur að stórum hluta verið framleidd með kolum og olíu, ekki síst í Evrópu.

Kröfur ríkra þjóða um að allir jarðarbúar dragi úr losun $CO_2$ samkvæmt Parísarsamkomulaginu og kenningu Arrhenius, geta um leið haft mjög alvarlegar efnahagsafleiðingar fyrir fátækari þjóðir. Virðast augu manna á síðustu misserum smám saman hafa verið að opnast fyrir þessum afleiðingum. Er því farið að tala um að gefa fátækum ríkjum afslátt af kröfunni um að draga úr losun $CO_2$, allavega í einhvern tíma. /HKr.



Meistaraverkefni við Uppsalaháskóla og Landgræðsluna:

# Áhrif sauðfjárbeitar á plöntur í hlýnandi heimi

**Loftslagsbreytingum á norðurheimskautinu fylgir hækkandi lofthiti sem hefur áhrif á plöntur á svæðinu. Margar tegundir eru ekki aðlagaðar lífi við hærra hitastig og fyrir þær getur hlýnun valdið samdrætti í útbreiðslu og jafnvel útdauða, og þar með breytingum í líffræðilegum fjölbreytileika plöntusamfélaganna, til dæmis fjölda tegunda og tegundasamsetningu.**

Rán Finnsdóttir líffræðingur segir að beit hafi eins og loftslagsbreytingar áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika plöntusamfélaga og geti vöxtur lostætra plöntutegunda minnkað á meðan samkeppnishæfari tegundir og þær tegundir sem grasbítar sneiða hjá dafnað. „Enn fremur getur beit grasbíta dregið úr mætti plöntusamfélaga til að aðlagast breytingum, eins og til dæmis hækkandi hitastigi, með því að veikja þær og ýta undir aðlögun að beit."


Rán Finnsdóttir líffræðingur segir að beit hafi eins og loftslagsbreytingar áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika plöntusamfélaga og geti vöxtur lostætra plöntutegunda minnkað á meðan samkeppnishæfari tegundir og þær tegundir sem grasbítar sneiða hjá dafnað.


Rannsóknarreitirnir í Grændal eru hluti af stóru alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi, undir forystu LbhÍ, þar sem vísindamenn víða að úr heiminum eru að skoða áhrif hlýnunar á vistkerfið.

***Rannsóknir við mishátt hitastig***

„Í rannsókninni skoðaði ég áhrif hækkandi hitastigs og sauðfjárbeitar á graslendi í rannsóknarreitum Landbúnaðarháskóla Íslands í Grændal ofan við Hveragerði. Rannsóknarreitirnir í Grændal eru hluti af stóru alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi, undir forystu LbhÍ, þar sem vísindamenn víða að úr heiminum eru að skoða áhrif hlýnunar á vistkerfið.

Víða í Grændal er jörðin hituð af jarðvarma og þessar aðstæður er hægt að nota sem staðgengil fyrir hærra lofthitastig. Rannsóknarreitirnir eru einmitt hluti af stóru alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi, www.forhot.is, undir forystu LbhÍ, þar sem vísindamenn víða að úr heiminum eru að skoða áhrif hlýnunar á vistkerfið.

Rannsóknarreitirnir eru á sex ólíkum jarðhitastigum: +0, +1, +3, +5, +10 og +20° á Celsíus, miðað við eðlilegan jarðhita um 10° á Celsíus. Á hverju hitastigi eru bæði beittir og beitarfriðaðir reitir. Beitarfriðuðu reitirnir höfðu verið afgirtir í fimm ár þegar rannsóknin fór fram.

Þetta gerði mér kleift að skoða eingöngu áhrif beitar, +0° á Celsíus reitirnir, eingöngu áhrif hita, beitarfriðuðu reitirnir, og samverkan beggja þátta á plöntusamfélagið. Í öllum reitum skoðaði ég líffræðilegan fjölbreytileika, tegundafjölda og tegundasamsetningu, mældi plöntuhæð og taldi fjölda brennisóleyjarplantna bæði blómstrandi og blómlausar, til að rannsaka áhrif hita og beitar á blómstrun."

***Líffræðilegur fjölbreytileiki lækkað við hærra hitastig***

Rán segir að niðurstöðurnar bendi til að beit hafi ekki áhrif á svörun plantna við hlýnun. „Það var ekki munur á plöntusamfélaginu í beittum og beitarfriðuðum reitum við sama hitastig. Hins vegar minnkaði líffræðilegur fjölbreytileiki eftir því sem hitastig hækkaði og sömuleiðis breyttist tegundasamsetningin með hækkandi hitastigi. Blómstrandi brennisóleyjum fækkaði líka þegar hitastig hækkaði, en meðalhæð plantna jókst með hækkandi hitastigi. Blómstrandi brennisóleyjar voru marktækt færri í beittum reitum samanborið við óbeitta sem bendir til neikvæðra áhrifa beitar á blómgun brennisóleyja. Plöntuhæð var einnig lægri í beittum reitum en óbeittum, sem bendir til neikvæðra áhrifa beitar á plöntuhæð.

Það verður þó að hafa í huga að rannsóknarreitirnir höfðu verið beitarfriðaðir í tiltölulega stuttan tíma, og eins og niðurstöður erlendis frá benda til þarf vistkerfið líklega lengri tíma til að sýna áhrifin frá friðuninni, jafnvel tuttugu ár eða fleiri áratugi. Eftir lengri friðunartíma gætu samverkandi áhrif beitar og hlýnunar komið í ljós."

***Nauðsynlegt að skilja samspil hlýnunar og beitar***

Niðurstöðurnar undirstrika að bæði hækkandi hitastig og beit grasbíta eru mikilvægir áhrifaþættir fyrir gróðursamfélög. „Í hlýnandi heimi er nauðsynlegt að skilja betur samspil hlýnunar og beitar til að geta tryggt sjálfbæra landnýtingu til framtíðar. Gróðursamfélög eru fjölbreytt og margbrotin og svörun þeirra við hlýnun og beit er, og verður, eftir því margþætt og breytileg. Þessa þætti þarf því að rannsaka nánar og til langs tíma, bæði aðskilin áhrif þeirra og samspil þar á milli, og við ólíkar umhverfisaðstæður. Jafnframt er mikilvægt að byggja núverandi aðgerðir á þeirri þekkingu sem hefur nú þegar fengist og leyfa náttúrunni að njóta vafans," segir Rán Finnsdóttir líffræðingur. /VH










# Nýsköpunarkeppni til að auka verðmæti ullar

**Textílmiðstöð Íslands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands halda Ullarþon dagana 25.–29. mars á netinu undir yfirskriftinni Lumar þú á mjúkri og hlýrri hugmynd? til að ýta undir nýsköpun og vöruþróun íslensku ullarinnar.**

Sérstaklega er ætlunin að auka verðmæti verðminnstu ullarflokkanna. Verkefnið er styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Skráning hófst 1. mars þar sem einstaklingar jafnt sem teymi geta tekið þátt. Þátttakendur fá aðgang að breiðum hópi leiðbeinenda meðan á Ullarþoninu stendur. Lokaskil á hugmyndum er 29. mars en tilkynnt verður um topp 5 í hverjum flokki um miðjan apríl og úrslit kynnt á Hönnunarmars 2021. Heildarverðmæti vinninga er um 1.600.000 kr. Keppt verður í eftirfarandi flokkum:

1. Þróun á vinnslu textíls úr óunninni ull
2. Blöndun annarra hráefna við ull
3. Ný afurð
4. Stafrænar lausnir og sjálfbærni

/ehg

UTAN ÚR HEIMI

# Kjötlausar skólamáltíðir valda usla í Frakklandi

**Franska ríkisstjórnin segir að borgarstjórinn í Lyon í Frakklandi, Grégory Doucet, móðgi franska slátrara og skaði heilsu barna með því að hafa kjötlausar skólamáltíðir í bænum. Landbúnaðarráðherra landsins, Julien Denormandie, er ómyrkur í máli eftir ákvörðunina og segir að binda verði enda á að setja hugmyndafræði á borð fyrir börnin, þau þurfi að fá sitt til að vaxa.**

Innanríkisráðherra Frakka, Gérald Darmanin, er einnig ósammála þessari stefnubreytingu og segir að mötuneyti í skólum sé í raun eini staðurinn fyrir mörg börn þar sem þau geta fengið kjöt og að ákvörðun bæjarstjórans í Lyon sé móðgun við franska bændur og slátrara. Borgarstjórinn í Lyon, Doucet, vísar ásökununum á bug og segir að kórónuveirufaraldurinn og þörfin á að halda fjarlægð hafi gert það að verkum að ákvörðun um að hafa einfaldar máltíðir án kjöts sem allir gætu borðað hafi verið tekin. Hann bendir einnig á að matseðillinn innihaldi bæði fisk og vörur úr eggjum þannig að næringarinnihaldið sé enn gott fyrir börnin. Borgarstjórinn hefur áður vakið athygli fyrir ummæli sín og athafnir en hann fullyrti fyrir nokkrum árum að hjólreiðakeppnin Tour de France væri karlmannlegur og mengandi íþróttaviðburður sem ætti ekki heima í Lyon fyrr en forsvarsmenn hennar tækju ábyrgð á umhverfinu. */ehg - Nationen*



Eistland og Sviss voru þau lönd árið 2019 sem voru með stærst landsvæði fyrir lífræna ræktun.

# Lífræn framleiðsla eykst í löndum ESB

**Frá árinu 2012 til 2019 var 46% aukning í landsvæði í löndum Evrópusambandsins sem nýtt eru til lífrænnar ræktunar. Þetta sýna nýlegar tölur frá Eurostat.**

Inni í þessum tölum er landsvæði sem nú þegar er vottað lífrænt ásamt svæðum sem fengu vottun undir lok tímabilsins. Austurríki, Eistland og Sviss voru þau lönd árið 2019 sem voru með stærst landsvæði fyrir lífræna ræktun. Innan vébanda Evrópusambandsins er nú markmið að 25% af landsvæðum innan þess verði nýtt til lífrænnar ræktunar innan ársins 2030. Í lok árs 2019 var 8,5% af landi fyrir lífræna ræktun í Evrópusambandinu. */ehg*


**Tilboðsmarkaður 1. apríl 2021 með greiðslumark í mjólk**

Markaður fyrir greiðslumark mjólkur verður haldinn þann **1. apríl** næstkomandi.

Að hámarki er hægt að óska eftir 50.000 lítrum til kaups á hverjum markaði, eða alls 150.000 lítrum árlega.

Tilboðum um kaup og sölu greiðslumarks skal skila rafrænt á **www.afurd.is**. Opnað verður fyrir tilboð þann **25. febrúar 2021**.

Tilboðsfrestur rennur út á miðnætti **10. mars nk**.

Auglýsinguna má finna í heild sinni á **www.anr.is** og **www.afurd.is.**

**Stjórnarráð Íslands**
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið









**Bændablaðið** Smáauglýsingar 56-30-300
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði á Íslandi







Svínabúið í Laxárdal II í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Á síðasta ári nam framleiðsla búsins um 150 tonnum af svínakjöti auk þess sem nágrönnum voru seldir 100 fráfærugrísir á mánuði. Mynd/ HKr.

## Svínabúið í Laxárdal II er í stöðugri þróun og tekur nýtt gothús í notkun á þessu ári:

# Um 80% af fóðrinu er eigin framleiðsla

## – Mögulegt að vera með 100% íslenskt fóður, að mati Björgvins Þórs Harðarsonar svínabónda



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Svínabúið í Laxárdal II í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er stofnað af hjónunum Herði Harðarsyni og Maríu Guðnýju Guðnadóttur árið 1978. Byrjuðu þau með eina gyltu í gömlu hesthúsi, en búið stækkaði ört. Í dag reka þau þar félagsbú ásamt syni sínum, Björgvini Þór, og tengdadóttur, Petrínu Þórunni Jónsdóttur, auk barna þeirra. Stjórn búsins er nú í höndum Björgvins.**



Björgvin Þór Harðarson, svínabóndi í Laxárdal. Mynd / Úr einkasafni

Gylturnar eru orðnar um 160 í fjölskyldubúinu. Þótt mörgum Íslendingum þyki það nokkuð mikið, þá er stærsta svínabúið á Íslandi samt tíu sinnum stærra og með um 1.600 gyltur.

Afurðirnar frá Laxárdalsbændum þekkja Íslendingar vel undir nafninu Korngrís. Greinilegt er að neysluvenjur Íslendinga hafa breyst mikið á liðnum áratugum og er svínakjöt komið í annað sæti á vinsældalistanum yfir innlendar kjötafurðir, en markaðshlutdeild svína- og alifuglakjöts 2020 var tæp 58 prósent. Þannig hefur markaðshlutdeild þessara búgreina aukist í samræmi við auknar óskir markaðarins.

Samkvæmt nýjustu tölum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem birtar voru í síðasta Bændablaði, þá var sala á svínakjöti frá afurðastöðvum í öðru sæti á árinu 2020 með rúm 6.819 tonn. Þar var alifuglakjötið efst með rúm 9.038 tonn og kindakjöt í þriðja sæti með rúmlega 6.204 tonna sölu.

### *Þróunin mun halda áfram, hvíta kjötinu í hag*

„Maður hefur verið að fylgjast með þessari þróun í breyttum neysluvenjum í mörg ár. Íslenska svínakjötið er nú komið fram úr kindakjötinu í heilsársneyslu og ef við tækjum líka inn í myndina innflutt svínakjöt þá er munurinn orðinn enn meiri.



Það væsir ekki um grísina í Laxárdal. Mynd / Úr einkasafni



Gylta með grísi. Mynd / Úr einkasafni

Með aukinni fólksfjölgun í landinu verður áfram þörf fyrir framleiðslu á innlendum kjötafurðum sem hægt er að bjóða á viðráðanlegu verði fyrir neytendur. Svína-, alifugla- og nautakjöt munu vega þungt í þeirri þróun, auk þess að skapa mikilvæg störf í sveitum landsins og í úrvinnslu afurða."

Björgvin segir að svínaræktin njóti engra framleiðslutengdra styrkja en á rétt á stuðningi vegna jarðræktar.

„Framleiðni í greininni er tiltölulega góð, sem gefur aukið svigrúm í breytilegri fóðrun og fóðurefnum. Allt verður það að vera með heilbrigði og hollustu afurðanna í huga, auk þess sem samkeppnishæfni sé ekki misboðið. Sem dæmi um framleiðni þá eru ekki nema um þrjú stöðugildi við framleiðsluna í Laxárdal. Þar fyrir utan er svo kjötvinnslan í Árnesi. Þaðan er framleiðslan seld beint undir merkinu Korngrís. Á síðasta ári nam framleiðsla Laxárdalsbúsins um 150 tonnum af svínakjöti, auk þess seljum við nágranna okkar 100 fráfærugrísi á mánuði."

### *Verðlagning á kjöti spurning um pólitískar ákvarðanir*

Hann segir að víðast erlendis sé litið á kindakjöt sem sérstaka úrvalsvöru sem kosti eðlilega sitt og þar af leiðandi sé hlutdeild þess á markaði mun minni en hér, jafnvel 5–10%. Kindakjöt þyrfti auðvitað að vera verðlagt miklu hærra og í meira samræmi við tilkostnað við framleiðsluna. Útilokað sé að kindakjöt og nautakjöt geti keppt í verði við hvíta kjötið á markaðnum. Allt sé þetta þó spurning um pólitískar ákvarðanir um hvernig stjórnvöld vilji haga matvælaframleiðslunni í landinu.

### *Nýta íslenskt fóður að 80% hluta*

Búið þykir nokkuð sérstakt þar sem svínin eru alin að mestu á íslensku fóðri. Um 80 prósent af öllu fóðri sem svínin í Laxárdal fá er ræktað í Gunnarsholti þar sem Laxárdalsbændur leigja um 250 hektara lands undir korn-


Feðgarnir og svínabændurnir í Laxárdal, þeir Björgvin Þór Harðarson og Hörður Harðarson.

rækt. Annað er innflutt sojamjöl. Björgvin Þór segir að uppistaðan sé bygg og einnig hveiti og nepja. Uppskeran er um 600 tonn af byggi, um 150 tonn af hveiti og á milli 40 til 60 tonn af nepju.

„Við nýtum alla nepjuna og mölum hana í fóður. Svínin fá þar mjög kjarngott fóður þar sem bæði olía og hrat nýtist fullkomlega.“

Björgvin segir að þessi samsetning í fóðri með nepjunni komi mjög vel út.

„Það er heppilegt með mikilli byggnotkun að nota nepjuna þar sem hún gefur svo margar hitaeiningar á hvert kíló. Þannig getum við notað meira af byggi en ella. Dýrin þrífast vel og fitan er rík af æskilegum fitusýrum. Við erum með okkar eigin kjötvinnslu í Árnesi og mér finnst að það sé betra bragð af kjöti sem er af svínum sem hafa fengið nepju.“

*Kornræktin hefur gengið vel*

Kornræktin hjá Laxárdalsbændum hefur gengið mjög vel í gegnum árin. Árið 2007 hófst kornræktin í Gunnarsholti á Rangárvöllum, þar sem nægjanlegt land er til staðar, en í upphafi var ræktað á um 30 hekturum. Næstu ár var aukið við ræktunina jafnt og þétt. Komið var upp búnaði til að þurrka, geyma og flytja kornið. Einnig var fjárfest í tækjum til jarðvinnslu og sáningar.

Í dag er meginhluti ræktunarinnar bygg og hveiti eins og fyrr segir, en einnig fer ræktun á nepju vaxandi. Þá hafa verið gerðar tilraunir með ræktun á rúg og höfrum.

Árið 2017 var ræktað bygg á um 190 hekturum og nepju á um 40 hekturum. Þá voru gerðar tilraunir með hentugar aðferðir til að hvíla land sem er í stöðugri ræktun og hvaða ræktunaraðferðir hentuðu best.

„Ræktunin hefur gengið stóráfallalaust, en við höfum þó fengið hér tvö ár síðan 2007 sem gáfu slaka útkomu í kornræktinni. Þetta hefur því verið mjög stöðug ræktun og við höfum alltaf náð þroska í öllum tegundum, nema hveiti sem náði ekki þroska eitt sumarið.

Við erum líka í skiptiræktun á ökrunum og notum þá grasfræ og rauðsmára og áframleigjum við þau tún. Með þessu náum við að bæta landið í stað þess að vera með stöðuga kornrækt á sömu ökrunum ár eftir ár.“

*Mögulegt að vera með 100% íslenskt fóður*

*– Þú segir að þið ræktið sjálfir korn í um 80% af ykkar fóðri, er mögulegt að vera með 100% íslenskt fóður?*

„Nei, ekki enn. Við höfum nýtt sojamjöl með þessu þar sem það er mjög orkuríkt. Ég er samt að gera tilraunir með bóndabaunir og skoða hvað hægt er að gera. Ef maður færi út í að pressa nepjuna og ná olíunni úr fræjunum, þá væri hægt að gefa meira af nepju. Til að slíkt sé hægt þarf að koma upp ákveðnu vinnsluferli. Þegar búið er að pressa nepjuna er erfitt að geyma hratið því það þránar svo fljótt. Í raun þyrfti að koma upp vinnslustöð sem tæki nepjufræ í miklu magni frá bændum víða að og ynni olíu og fóður úr hratinu. Það fóður gæti svo mögulega komið í staðinn fyrir sojamjölið.“

Björgvin segir að pressun og vinnsla á nepju- eða repjufræi þyrfti að vera í fyrirtæki sem gæti þá sinnt mörgum bændum í einu. Óhagkvæmt sé að vera með slíka vinnslu heima á bæjum.

*– Væri þá ekki tilvalið að bændur sameinuðust um rekstur á slíkri vinnslustöð?*

„Það er ekki spurning,“ segir Björgvin. – „Þetta ætti að vera sér fyrirtæki sem keypti nepju víðs vegar að af landinu og ynni úr henni olíu og fóður. Olíuna má síðan nota til manneldis eða sem eldsneyti á dráttarvélar.“

*– Sérðu fyrir þér að slíkt fyrirtæki geti orðið að veruleika í náinni framtíð?*

„Það gæti vel verið. Auðvitað snýst þetta þó allt um hversu vel gengi að selja framleiðslu slíks fyrirtækis. Svona rekstur er vel þekktur erlendis. Í Danmörku er t.d. hægt að kaupa svona unnið nepjumjöl og margar vinnslustöðvar eru að framleiða svona olíu. Ef þetta tækist og að ná að fóðra íslensk svín með 100% íslensku fóðri, þá væri sjálfbærni okkar framleiðslu orðin ansi mikil.“

*Fylgja innleiðingu á reglum um dýravelferð og aðbúnað*

Unnið er að því að breyta svínabúinu í Laxárdal í lausagönguhús samkvæmt nýjustu kröfum um dýravelferð.

*Verið að byggja nýtt gyltu- eða gothús*

Gotstíur eru af hefðbundinni gerð í Laxárdal eins og þekkist í Danmörku, en Laxárdalsbændur hófu samt byggingu á nýju og rúmbetra gyltuhúsi í fyrrasumar og er ráðgert að taka það í notkun á árinu 2021.

Gylturnar eru með grísina undir sér í 4 vikur og verður öll vinna við dýrin þægilegri í nýja húsinu. Þar munu gylturnar geta gengið lausar þegar grísirnir eru nægilega stórir.

Þegar grísir eru teknir undan gyltunum fara þeir fyrst inn á fráfærudeild. Þar eru grísirnir í 8 vikur, eða þangað til þeir eru um 30 til 40 kg. Þar hafa grísirnir frjálsan aðgang að þurrfóðri. Síðan fara þeir yfir í lokaeldið. Þar er þeim gefið fóður í blautu formi fjórum sinnum á dag, sem dælt er til þeirra eftir fóðurlögnum.

Passað er upp á að vel fari um grísina í stíum sem eru um 12 fermetrar. Í upphafi eru þar 16 grísir en er svo fækkað niður í 14 eftir því sem þeir stækka á eldistímanum. Við fimm og hálfs mánaðar aldur eru grísirnir svo sendir í slátrun og eru þá að jafnaði orðnir 100 kg að þyngd.

Björgvin segir að í nýja húsinu verði lausaganga og mun rýmra um grísi og gyltur. Við innleiðingu á erlendu regluverki verði stjórnvöld þó að gæta þess að fara ekki fram úr sjálfum sér og ganga lengra en reglur sem erlendir samkeppnisaðilar vinna eftir.

„Það verður að passa upp á að ekki sé verið að krefjast þess að við framkvæmum hér hluti við breytingar á búum sem hvergi hafa verið innleiddar og enginn veit hvernig á að framkvæma,“ segir Björgvin Þór Harðarson.









## Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra:

# Úthlutaði 75 milljónum til 85 verkefna

**Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra hefur valið þau 85 verkefni sem hljóta styrki úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra 2021.**

Metfjöldi umsókna barst og var ærið verkefni fyrir úthlutunarnefndina að skera úr um hvaða verkefni skara fram úr. Veittir voru styrkir til menningarverkefna, atvinnuþróunar og nýsköpunar auk stofn- og rekstrarstyrkja á sviði menningamála. Af 85 verkefnum sem hlutu styrk voru 34 í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar, 38 í flokki menningar og 13 stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningar. Umsóknir bárust úr öllum sveitarfélögum.

Vert er að athuga þegar skoðuð eru gögn sjóðsins um skiptingu styrkja á milli sveitarfélaga að þrátt fyrir að styrkhafi sé búsettur á einum stað og flokkast staðsetning styrksins samkvæmt því, þá er fjöldi verkefna sem hafa bein áhrif á aðra staði innan landshlutans. Auðvelt er að nefna sem dæmi listafólk sem sækir um styrk fyrir sýningu sem er svo haldin í félagsheimilum um allt Norðurland og áfram mætti telja.

*Rafræn úthlutunarhátíð*

Úthlutunarhátíð var rafræn að þessu sinni vegna samkomutakmarkana og var vel sótt af styrkþegum þessa árs. Eyþór Björnsson, framkvæmdastjóri SSNE, sá um fundarstjórn auk þess sem Hilda Jana Gísladóttir, stjórnarformaður SSNE, fór yfir mikilvægi Uppbyggingarsjóðsins og tengingu hans við Sóknaráætlun landshlutans. Formaður úthlutunarnefndar, Katrín Sigurjónsdóttir, fór yfir störf nefndarinnar og sagði frá nokkrum vel völdum verkefnum af þeim 85 sem hlutu styrk.

Öllum styrkþegum verður boðið að taka þátt í vinnustofum þar sem verkefnastjórar SSNE, sem sjá um umsýslu Uppbyggingarsjóðsins, munu kynna næstu skref í ferlinu.
*/MÞÞ*



Lóa á landsbyggðinni.

# Lóa er nýr sjóður til nýsköpunar á landsbyggðinni

**Nýlega var auglýst eftir umsóknum um styrki í nýjan sjóð sem hefur það að markmiði að styðja við nýsköpun á landsbyggðinni. Sjóðurinn heitir Lóa og stofnun hans, sem er á vegum ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, er liður í breytingum á opinberu stuðningsumhverfi nýsköpunar vegna fyrirhugaðrar niðurlagningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.**

Sjóðurinn hefur 100 milljónir króna til úthlutunar í ár og í reglum hans er tiltekið að hver einstaklingur getur að hámarki fengið úthlutað 20 prósent af heildarfjárhæð hvers árs en úthlutað er til eins árs í senn. Þar segir einnig að styrkjum skuli úthlutað til verkefna sem stuðla að uppbyggingu vistkerfis fyrir nýsköpunarstarfsemi og frumkvöðlastarfsemi á forsendum svæðanna. Verkefnin eiga að styðja við atvinnulíf og verðmætasköpun sem byggir á hugviti, þekkingu og nýrri færni.

Ráðherra mun skipa matshóp sem fer yfir styrkhæfi umsókna í samræmi við nýsköpunarstefnu og áherslur stjórnvalda. Hópurinn gerir tillögur til ráðherra um veitingu styrkja.

*Sjóðurinn helst í hendur við annan mikilvægan stuðning*

Í tilkynningu frá Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra í tilefni af stofnun sjóðsins segir:

„Lóa mun styðja við og auka slagkraft nýsköpunarverkefna og samstarf aðila um land allt, á forsendum svæðanna sjálfra. Hún helst í hendur við annan mikilvægan stuðning á vettvangi nýsköpunar á landsbyggðinni og í atvinnulífinu, svo sem sóknaráætlun landshlutanna, byggðaáætlun og aðrar svæðisbundnar áherslur. Í þessu aukna samstarfi sem við erum að sjá víða um land felast mikil tækifæri. Við erum að styðja við það.“ */smh*



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.








Fyrir utan mjólk og sýrðar vörur er ostur vinsælasta söluvaran, samkvæmt tölum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM). Mynd / MS

## Samdráttur var í sölu mjólkurvara 2020 og hlutfallslega mestur í sölu á skyri:

# Mun minni samdráttur en ætla mætti vegna fækkunar erlendra ferðamanna

**Sala á skyri frá MS dróst saman á síðasta ári og frá janúarlokum 2020 til janúarloka 2021 nam samdrátturinn 10,7% samkvæmt tölum samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM). Samdráttur varð einnig í sölu annarra mjólkurafurða, en þó í mun minna mæli.**

Svo virðist sem hrun í komu erlendra ferðamanna vegna COVID-19 hafi haft áhrif á sölu á mjólkurvörum líkt og á öðrum landbúnaðarafurðum, en samt mun minna en ætla mætti.

*Lítill sölusamdráttur miðað við nærri 76% fækkun erlendra ferðamanna*

Ef tekið er tillit til samdráttar í fjölda erlendra ferðamanna sem komu til landsins, þá komu „ekki nema“ 486.308 ferðamenn á árinu 2020, miðað við 2.013.190 á árinu 2019. Það er nærri 76% samdráttur. Þetta eru ferðamenn sem komu um Keflavíkurflugvöll, Reykjavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og um Seyðisfjarðarhöfn með Norrænu samkvæmt gögnum Ferðamálastofu.

Í janúar seldust 3.108 tonn af mjólk og sýrðum vörum sem er 4,2% minna en í sama mánuði í fyrra. Heildarsalan á mjólk á tólf mánaða tímabili var 37.912 tonn, sem er 2,1% minna en seldist frá janúarlokum 2019 til janúarloka 2020.

*Töluverður samdráttur í rjómasölu í janúar*

Sala á rjóma dróst umtalsvert saman í janúar síðastliðnum miðað við janúar 2020, þegar áhrif af COVID-19 var ekki farið að gæta. Var salan nú 208 tonn og nam samdrátturinn 12% á milli ára. Heildarsalan frá janúarlokum 2020 til janúarloka 2021 nam 3,2%. Heildarsamdrátturinn í rjómasölunni var þó ekki nema 0,8% á árinu 2020.

*16,8% samdráttur í skyrsölu í janúar 2021 miðað við 2020*

Þá dróst salan á skyri um 16,8% í janúar miðað við janúar 2020. Var salan nú 206 tonn í þessum mánuði, sem er 16,8% samdráttur á milli ára. Var heildarsamdrátturinn í skyrsölunni á árinu 2020, eins og fyrr segir, 10,7%.

Sala á viðbiti, þ.e. smjöri og skyldum vörum, nam 159 tonnum í janúar síðastliðnum. Það er 4,7% minni sala en í janúar 2020. Það er nokkuð sérstakt við söluna á viðbitinu að þar urðu töluverðar breytingar í magni á milli ára og virðist salan hafa verið 2.320 tonnum minni en árið áður. Samt nam lækkunin á sölunni í heildina í fyrra ekki nema 2,5%.

*Osturinn mikilvægur í sölu mjólkurafurða*

Fyrir utan mjólk og sýrðar vörur er ostur mest selda mjólkurafurðin. Seld voru 465 tonn af ostum í janúar síðastliðnum, sem þýðir samdrátt í þessum mánuði á milli ára upp á 5,5%. Heildarsalan á ostum frá janúarlokum 2020 til janúarloka 2021 nam 5.967 tonnum, sem er 3,4% samdráttur í sölu frá árinu 2019.

Nokkru minna var selt af dufti í janúar nú en árið áður, eða 98 tonn, sem gerir 9,6% samdrátt. Yfir 12 mánaða tímabil voru seld 1.134 tonn, sem er 3% minna en árið áður. */HKr.*




Fyrirhugað er að þverun Þorskafjarðar verði hluti af framkvæmdum við nýlagningu vegar um ÞH-leið sem liggja mun um Teigskógarsvæðið í vestanverðum Þorskafirði og áfram yfir nýjar brýr yfir Djúpafjörð og Gufufjörð og með tengingu inn á þjóðveginn í Skálanesi. Leysir það tvo fjallvegi af hólmi, þ.e. veginn um Hjallaháls og Ódrjúgsháls.

# Vegagerðin framkvæmir fyrir 27 milljarða í ár

**Heilmiklar framkvæmdir eru boðaðar hjá Vegagerðinni nú á árinu 2021, þær nema alls ríflega 27 milljörðum króna, þar af eru 15,5 milljarðar til nýframkvæmda og um 12 milljörðum verður varið til viðhalds.**

Væntanlegar framkvæmdir voru kynntar á útboðsþingi Vegagerðarinnar fyrir skemmstu og frá þeim er sagt á vefsíðu hennar.

Stærsta einstaka verkið hjá Vegagerðinni er breyting á vegstæði Hringvegarins um Hornafjarðarfljót. Það er svokallað samvinnuverkefni opinberra og einkaaðila og mun kosta um sex milljarða. Sú leið mun stytta Hringveginn um tíu til tólf kílómetra.

Vegagerðin hyggst verja 2,2 milljörðum króna til framkvæmda við Suðurlandsveg en það er hluti samgöngusáttmála ríkisins og sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 2019. Jafnframt er áætlað að verja 3,5 milljörðum til áframhaldandi framkvæmda á veginum um Kjalarnes og allt að 3 milljörðum til þverunar Þorskafjarðar og sömu fjárhæð til Axarvegar sem er samvinnuverkefni.

Á næstu þremur árum verður farið í endurbætur á höfninni í Þorlákshöfn og áætlanir gera ráð fyrir að til þess verði varið tæpum 2,8 milljörðum króna. */MÞÞ*



**Almannarétturinn og frjáls för fólks skal tryggð í þjóðgörðum.**



**Einungis 18 % raforkuframleiðslunnar fer í *annað* en stóriðju.**



**90% ferðamanna sækja Ísland heim vegna náttúrunnar.**

# LANDVERND

**Útgefandi: Landvernd**
**Ábyrgðarmaður: Tryggvi Felixson, formaður**
**Febrúar 2021**

**Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands, eru frjáls og óháð félagasamtök. Samtökin hafa í hálfa öld staðið vörð um íslenska náttúru, verið virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfið.**



Ljósmynd: Chris Burkard

# Hálendið verðmætasta auðlind Íslands

**Hálendi Íslands er ein verðmætasta auðlind Íslands, ef ekki sú verðmætasta. Að mati stjórnar Landverndar er ekki til betri leið til að vernda þessa auðlind, tryggja aðgengi almennings að henni og stýra umgengni og nýtingu hennar, en með stofnun þjóðgarðs.**

Landvernd styður stofnun hálendisþjóðgarðs af heilum hug en hefur þó fjölmargt við frumvarp umhverfisráðherra að athuga. Athugasemdir Landverndar hafa ekki farið eins hátt í fjölmiðlum og óánægja sveitarstjórnarmanna. Á þessu ári hefur Landvernd haldið fjölda funda þar sem fræðimenn og sveitarstjórnarmenn úr öllum landshlutum hafa miðlað af reynslu sinni og þekkingu um þjóðgarða. Þátttakan hefur verið afar góð og spurningar og umræður uppbyggilegar. Þann 1. desember 2020 hélt Landvernd ráðstefnu um Hálendisþjóðgarð með þátttöku forsætisráðherra og fleiri góðra gesta. Upptökur af öllum fundunum er að finna á facebook síðu Landverndar og nánari umfjöllun á heimasíðu.

Í umræðu undanfarið hefur talsvert borið á ótta við að þjóðgarður skerði ferðafrelsi almennings og vísað til reynslu þar sem einstaka slóðum fyrir jeppa hefur verið lokað í Vatnajökulsþjóðgarði. Að mati Landverndar eiga ákvæði náttúruverndarlaga um almannarétt og frjálsa för að vera meginreglan og takmarkanir á dvöl og umferð eingöngu þegar ríkir verndarhagsmunir krefjast þess.

Það segir sig sjálft þegar skipuleggja á þjóðgarð, garð heillar þjóðar og gesta hennar, verður að bæta og breyta þeim reglum sem nú gilda.

**Gróður og jarðvegur á hálendinu er mjög viðkvæmur. Víða er enn beitt á illa farið land eins og niðurstöður úr Grólind hafa sýnt, nánar tiltekið landflæmi sem nemur fjórðungi Íslands. Markmið þjóðgarðs er m.a. sjálfbær landnýting sem þýðir að útrýma þarf ofbeit. Við megum ekki við því að tapa meiri gróðri eða jarðvegi vegna ósjálfbærrar landnýtingar. Þjóðgarður er vettvangur til að taka ofbeit og gróður- og jarðvegseyðingu föstum tökum.**



## Sauðfé velkomið í sjálfbæra beit

Nýting hálendisins til sauðfjárbeitar er atriði sem oft kemur upp í umræðu um hálendisþjóðgarð. Almennt virðist sátt ríkja um að beit eigi að vera sjálfbær. Í framhaldinu þurfa stjórnvöld að skilgreina reglur um hvað sjálfbær beit þýðir í raun – og fylgja þeim eftir. Sú vinna þarf að byggja á vísindum, alveg eins og stjórnun fiskveiða á Íslandsmiðum. Ekki þarf að óttast að sauðkindina skorti beitarland.



**Landvernd hefur opnað nýja starfsstöð á Egilsstöðum. Starfsmaður skrifstofunnar er Guðrún Schmidt sem er með MA menntun í sjálfbærni. Hún er m.a. sérfræðingur hjá Skólum á grænni grein.**

## Vertu með í grasrótar-starfi Landverndar!

**Hálendishópurinn** er hluti af grasrót Landverndar. Þar koma saman félagar í Landvernd sem deila sýn á mikilvægi víðerna Íslands. Starf hópsins felst í því að vekja athygli á hálendi Íslands og styðja við stofnun Miðhálendisþjóðgarðs.

**Loftslagshópurinn** er hluti af grasrót Landverndar. Þar koma saman félagar í Landvernd sem vilja hafa áhrif og grípa til aðgerða í loftslagsmálum. Allir félagar og nýir meðlimir eru velkomnir í hópinn!

**Ungmenni til áhrifa** Vilt þú sækja þér leiðtogaþjálfun um sjálfbæra þróun og loftslagsmál? YOUth LEADing the world gerir ungu fólki kleift að finna sína eigin rödd og verða virkir þátttakendur í að skapa sanngjarnari og sjálfbærari framtíð.

Sjá: **www.landvernd.is**




**Um 75% af þeirri raforku sem framleidd er á Íslandi kemur af hálendi Íslands og 80% hennar fer til stóriðju. En virkjanaaðilar vilja meira. Á þessu korti má sjá hugmyndir í rammaáætlun sem eru í nýtinga- og biðflokki á hálendinu. Nú er nóg komið af virkjunum á þessu einstaka svæði.**

# Orkufyrirtækin ásælast aflið sem býr í hálendinu

Orkufyrirtæki ásælast það gríðarmikla afl sem býr á íslenska hálendinu. Sú raforka sem nú er framleidd á Íslandi kemur að langmestu leyti þaðan. Um 80% hennar fer síðan til stóriðju. En orkufyrirtækin vilja meira. Á sunnanverðu hálendinu hefur Landsvirkjun til dæmis ekki afskrifað hugmyndir um uppistöðulón við Þjórsárver, eina stærstu samfelldustu gróðurvin hálendsins. Í norðri eru upp hugmyndir um að virkja jökulárnar í Skagafirði og vatnasvið Skjálfandafljóts og á hálendinu miðju eru virkjanakostirnir Skrokkalda og Hagavatnsvirkjun.

Ógnin af virkjunaráformum og eyðingu náttúruperla sem óhjákvæmilega fygir er því mjög raunveruleg og yfirvofandi á hálendinu. Þjóðgarður er besta vörnin gegn frekari ásælni í virkjanir á hálendinu.

**Æska landsins gerir þá kröfu til okkar sem nú lifum að hálendi landsins verði hlíft við frekari virkjunum. Á myndinni má sjá einn af þúsundum fossa sem finna má í óbyggðum landsins. Ungu stúlkurnar heita Isadora og Embla. Fossinn er í Efri-Þjórsá og heitir Gljúfurleitarfoss. Hann er einn af þremur megin fossum í Þjórsá fyrir norðan Sultartanga.**



# Hálendið - garður Íslendinga

Orðið sjálft segir okkur að eitt megin viðfangsefnið þjóðgarðs sé að tryggja aðgengi. öryggi og upplifun gesta sem hann sækja. En ekki bar okkar sem lifum í dag, heldur um langa framtíð. Þess vegna verður að ganga um þjóðgarð með varúð, svo hann standi undir nafni kynslóð eftir kynslóð.

Stofnun þjóðgarðs með lögum er ekki ávísun á kyrrstöðu. Hún upphafið að vegferð þar sem núverandi og komandi kynslóðir vinna lýðræðislega og taka ákvarðanir um hvernig best sé að vernda auðlindir hálendisins, nýta þær á sjálfbæran hátt og skapa tækifæri fyrir atvinnustarfsemi. Verndun náttúruarfsins er í forgrunni, en sjálfbær nýting og atvinnustefna mikilvægur þáttur í starfseminni.

Skoðanir á frumvarpi um Hálendisþjóðgarð eru margbreytilegar. Eitt virðast þær þó eiga sameiginlegt. Engum er sama um hálendið og allflestir telja náttúrfar þess og víðerni afar verðmæt. Landvernd sem hefur það hlutverk að tala fyrir náttúruvernd, telur að reynslan sé ólygnust; friðlýsingar og þjóðgarðar eru haldbesta náttúruverndarleiðin. Stjórn Landverndar er þó ekki að öllu leiti ánægð með framlagt frumvarp og hefur bent á atrið sem hún telur að megi bæta, eins og fjölmargir aðrir. M.a. vill stjórnin að almannrétturinn verði grunnregla, stjórnun byggi lýðræði, samráði og góðum stjórnsýsluháttum og áform um frekari virkjanir á hálendinu víki.

Stofnun Hálendisþjóðgarðs yrðu skilaboð til umheimsins, að á Íslandi sé náttúruvernd tekin alvarlega og vitnisburður um að þjóðin sem byggir þetta land lætur sig náttúruvernd varða. Þjóðgarður er líka gott vörumerki sem mun nýtast atvinnulífinu. Og síðast en ekki síst; Hálendisþjóðgarður yrði ríkur þáttur í sjálfsvitund þjóðarinnar og stolt hennar um langa framtíð.

Þess vegna hvetur stjórn Landverndar Alþingi að fara vandlega yfir allar umsagnir, lagfæra það í frumvarpinu sem betur má fara svo ríkari sátt náist um málið og gefa svo þjóðinni Hálendisþjóðgarð í sumargjöf.

*Tryggvi Felixson, formaður Landverndar*



Ljósmynd: Christopher Lund

# Stærsta verkefni heims í menntun til sjálfbærni

**Skólar á grænni grein, grænfánaverkefnið er alþjóðlegt umhverfismenntarverkefni sem rekið er af Landvernd á Íslandi. Skólar á öllum skólastigum taka þátt í grænfánaverkefninu. Skólar á grænni grein vinna að menntun til sjálfbærni og hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið.**

Markmið verkefnisins er að auka umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og að styrkja umhverfisstefnur skóla.

Verkefnið er stærsta umhverfismenntaverkefni í heimi og er haldið úti af samtökunum Foundation for Environmental Education.

**Skólar verðlaunaðir með grænfána**

Grænfáninn er alþjóðleg viðurkenning fyrir skóla sem sýna árangur í umhverfismálum og menntun til sjálfbærni. Grænfánaskóla má finna í 68 löndum víða um heim og eru skólar á Íslandi framarlega í nemendavæðingu verkefnisins.



## Viltu gerast félagi í Landvernd?

**Á heimasíðu Landverndar www.landvernd.is er form sem þú getur fyllt út til að gerast félagi. Félagar í Landvernd taka afstöðu með náttúrunni!**

## Miðhálendi Íslands er einn mesti fjársjóður landsins

**Miðhálendið þekur um 40.000 ferkílómetra og er eitt stærsta óbyggða svæði Evrópu. Á miðhálendinu má finna eldfjöll, jökla, vatnsmiklar ár og fossa, litrík háhitasvæði, víðfeðm hraun og svartar sandauðnir sem kallast á við viðkvæmar gróðurvinjar.**

# Landvernd stendur vörð um íslenska náttúru

Landvernd eru stærstu náttúruverndarsamtök Íslands. Samtökin eru frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu.

Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi.

Samtökin líta svo á að náttúru- og umhverfisvernd, sem og endurreisn spilltra náttúrugæða, séu forsenda efnahagslegrar og samfélagslegrar velferðar til lengri tíma litið. Þau hvetja til sjálfbærrar umgengni þjóðarinnar við náttúruna heima við og á hnattræna vísu, sem byggir á öflugri umhverfisvitund, þekkingu og verndarvilja.

Um 6000 félagar standa að Landvernd auk 40 aðildarfélaga um allt land.

**Formaður**
Tryggvi Felixson,
tryggvi@landvernd.is

**Framkvæmdastjóri**
Auður Önnu Magnúsdóttir

**Landvernd**
Guðrúnartúni 8,
105 Reykjavík
landvernd@landvernd.is
www.land.is
Sími: 552 5242

**Á heimasíðu Landverndar getur þú nálgast verkefnaheftið *Vistheimt á gróðursnauðu landi.* Heftið er ætlað fyrir nemendur á miðstigi grunnskóla en er auk þess holl lesning fyrir hvern sem er.**

Áhugvert fyrir framhaldsskóla

# Ungt umhverfis-fréttafólk!

**Verkefnið Ungt umhverfisfréttafólk skapar nemendum vettvang til þess að kynna sér umhverfismál og koma upplýsingum á framfæri á skapandi hátt. Auk þess hafa nemendur tækifæri til að taka þátt í árlegri samkeppni um bestu umhverfisfréttirnar.**

Finna má Ungt umhverfisfréttafólk í 45 löndum, víðsvegar um heiminn. Landvernd hefur umsjón með verkefninu á Íslandi og vinnur að því í nánu samstarfi við framhaldskóla á landinu. Verkefnið verður einnig í boði fyrir grunn- og háskólanema þegar fram líða stundir.

Sendu póst á umhverfisfrettafolk@landvernd.is ef þú hefur einhverjar spurningar um verkefnið!

LANDVERND

Óvinir náttúrunnar:

# Fátækt, fégræðgi og fáfræði

**Helstu óvinir náttúruverndar eru fátækt, fégræðgi og fáfræði. Fátæk samfélög leita lífsbjargar í náttúrunni frá degi til dags, ekki gefst svigrúm til að sýna fyrirhyggju. Fáfræðin veldur því að samfélög sjá ekki fyrir afleiðingar gjörða sinn og valda því óvart miklum náttúruspjöllum. Fégræðgin veldur því að samfélög sem jafnvel hafa úr nægu að spila og þekkja þolmörk náttúrunnar, sækjast sífellt eftir meiru. Í þeirri sókn er ekki tekið tillit til eyðileggingar á náttúrunni eða framtíð komandi kynslóða.**

Í dag getum við tæplega sagt að Ísland sé fátækt land því efnisleg velmegun er almennt mikil. Ekki viljum við heldur kenna okkar samfélag við fáfræði. Við ættum því að hafa nokkuð góðar forsendur til að ganga vel um landið okkar. Fyrir okkur er mikilvægast að ná tökum á óhófi og græðgi þar sem verndun náttúru og langtímasjónarmiðum er vikið til hliðar.

LANDVERND

## Friðlýst svæði eru góð fyrir fólk og náttúru

Fjöldi erlendra rannsókna og nokkrar innlendar hafa sýnt að almennt er mikill samfélagslegur og efnahagslegur ávinningur af þjóðgörðum og öðrum friðlýstum svæðum fyrir nágranabyggðir. Þetta á m.a. rætur að rekja til þess að ferðafólk dvelur lengur á svæðinu og kaupir því aukna þjónustu af heimafólki, ferðafólki fjölgar, fjölbreytni í störfum sem byggja á sérstöðu svæðisins eykst og lýðheilsa batnar vegna aukinna möguleika til útivistar.



## *Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma...*

**Hálendið er verðmæt auðlind sem okkur ber að vernda. Draugar fortíðar telja best að fullnýta það til orkuvinnslu, skera það sundur með háspennulínum og uppbyggðum vegum og stunda þar ósjálfbæra beit. Óbyggð víðerni eru að hverfa úr heiminum. Á íslenska hálendinu gefst tækifæri til þess að njóta þeirra í einstöku samspili við jökla, vatnsföll, fossa, jarðhita og sérstæðar jarðmyndanir. Við megum ekki vinna frekari skaða á hálendinu. Sameinumst um vernd þess um leið og aðgengi almennings að því er tryggð.**



# Vistheimt með skólum

**Verkefnið Vistheimt með skólum beinir sjónum nemenda að endurheimt náttúrulegra gæða og mikilvægi hennar fyrir gróður og jarðveg, líffræðilega fjölbreytni og baráttuna við loftslagshamfarir. Verkefnið var tilnefnt til Íslensku menntaverðlaunanna 2020 og var þar í flokki framúrskarandi þróunarverkefna sem standast ítrustu gæðakröfur um nám og kennslu, hafa samfélagslega skírskotun og efla menntun í landinu.**

Þátttakendur verkefnisins fá tækifæri til að feta í fótspor vísindafólks með náinni samvinnu Landverndar, Landgræðslunnar og þátttökuskóla. Nemendur og kennarar vinna með færustu sérfræðingum að tilraunum á örfoka landi, að mælingum á framvindu gróður- og dýrasamfélaga og að verkefnum í tengslum við endurheimt votlendis. Nemendur læra leiðir til að binda kolefni og auka líffræðilega fjölbreytni svæða, lögð er áhersla á að þeir komi með sínar eigin hugmyndir og að verkefnin séu uppbyggileg, jákvæð og lausnamiðuð.


Endurheimtum votlendið!
Landgræðslan leitar eftir samstarfi við landeigendur um endurheimt votlendis.
Við sjáum um úttekt á landinu, fjármögnun og framkvæmd.
• Meira fuglalíf • Heilbrigðara land • Betri vatnsbúskapur
• Dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda
Landgræðslan
www.land.is
ÁRATUGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA
ENDURHEIMT VISTKERFA
2021-2030
Umsóknir og nánari upplýsingar: votlendi@land.is og www.land.is

UTAN ÚR HEIMI



Tilraunir eru nú gerðar með sjálfkeyrandi rafknúna smávagna í Ile-de-France-héraði í norðanverðu Frakklandi.

### Frönsku fyrirtækin Navya og Bluebus með nýjung í samgöngutækni:

# Þróa sjálfkeyrandi rafknúna smávagna

## – Munu nýta sér nýja og öruggari rafhlöðutækni

**Frönsku fyrirtækin Navya og Bluebus hyggjast nýta sérþekkingu sína og fara í tæknilegt samstarf við að hanna og þróa sjálfkeyrandi strætóskutlur.**

Þessi þróun mun byggjast á reynslu Bluebus, en það er fyrirtæki með sérþekkingu á hönnun, þróun, framleiðslu og sölu á 100% rafknúnum strætisvögnum.

*Ný rafhlöðutækni*

Strætisvagnarnir, sem verða aðeins 6 metrar að lengd, munu nota lithium mál „fastkjarna" rafhlöður (Lithium metal solid-state batteries – LMP) sem þróaðar hafa verið af Bluebus Solutions í gegnum fyrirtækið Bollorè Group, sem er eitt af 500 stærstu fyrirtækjum heims. Bollorè framleiðir meðal annars rafknúna strætisvagna. Þessar rafhlöður eru ólíkar hefðbundunum Lithium Ion rafhlöðum sem eru með seigfljótandi kjarna og eru afar viðkvæmar fyrir ofhitnun. Fastkjarna rafhlöður eru bæði mun öruggari hvað sprengihættu varðar auk þess að hægt er að hlaða þær mun hraðar en hefðbundnar rafhlöður. Munu Daimler og eCitaro einnig hafa áform um að taka í notkun slíkar rafhlöður.

Litlu 6 metra löngu strætisvagnarnir, eða skutlurnar, hafa verið í prófunum í Ile-de-France héraði í norðanverðu Frakkalandi, en höfuðborgin París er einmitt helsta stolt héraðsins. Bremsu- og hröðunarbúnaður vagnanna verður sjálfvirkur og er stýrt með akstursthugbúnaðarlausn frá Navya. Að auki verða mörg samskipti við búnaðinn um borð einnig með hugbúnaðinum sem Navya hefur þróað.

Samningur Navya og Bluebus þykir nokkuð sérstakur og mun skilgreina skilyrði fyrir framkvæmd sameiginlegs verkefnis fyrirtækjanna. Lýtur það að því að auðvelda markaðssetningu sjálfstæðra samgöngulausna.

Jean-Luc Monfort, stjórnarformaður og forstjóri Bluebus, segir:

„Við erum ánægð með að halda áfram samstarfi okkar við rannsóknir og þróun við Navya. Samsetningin af gagnkvæmri sérþekkingu okkar ætti að gera okkur kleift að sjá fyrir þróun sjálfkeyrandi 6 metra skutlu morgundagsins. Þetta samstarf er hluti af stefnunni um stöðugar endurbætur á Bluebus farartækjum."

Etienne Hermite, forstjóri Navya, segir:

„Við erum mjög ánægð með að hafa undirritað þennan samning við Bluebus, sem er stór aðili í rafknúnum ökutækjum og við deilum sömu stefnumótandi, tæknilegu og viðskiptalegu framtíðarsýninni.

Ökutækin og tæknin sem Bolloré Group hefur þróað munu finna mjög áhugaverða viðbótarmarkaði, þökk sé kerfum Navya. Þetta samstarf er í fullu samræmi við stefnu Navya um að koma sjálfvirkum aksturskerfum á 4. stigi á fjölmörgum ökutækjakerfum til fólksflutninga og vöruflutninga. Þessi samningur ætti að gera Navya kleift að taka stórt skref fram á við með þróun sinni." /HKr.




VÖNDUÐ
GRÓÐURHÚS
- sérstyrkt fyrir íslenskt veðurfar
20 ára farsæl reynsla á Íslandi
Mikið úrval stærða, lita og aukahluta.
Verð og helstu upplýsingar má finna
á heimasíðu okkar: www.lagafellverslun.is
Lágafell verslun og byggingar
LÁGAFELL VERSLUN OG BYGGINGAR EHF
DESJAMÝRI 8, 270 MOSFELLSBÆR
WWW.LAGAFELLVERSLUN.IS
895-4152 - 846-7014

Lely Center Ísland
ZETOR
VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir


• Stuttur afhendingartími
• Hágæða íslensk framleiðsla
• Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
• Vindstyrktar hurðir
Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir
Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf
VP HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Stálgrindarhús
frá Weckman Steel

Fjöldi stærða og gerða í boði
Verðdæmi:
Stærð 11,3 x 21,5 m.
Verð kr. 7.280.000.- með virðisaukaskatti
Stærð 14,3 x 29,9 m.
Verð kr. 10.983.000.- með virðisaukaskatti
Stærð 20,4 x 40,5 m.
Verð kr. 20.380.000.- með virðisaukaskatti
H. Hauksson ehf
Víkurhvarfi 5 - Sími 588 1130 - E-mail hhaukssonehf@simnet.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Lilja og Lýður þegar þau hittust á Eyrarbakka til að undirrita samninginn og ráðherrann notaði þá tækifæri til að skoða húsið. Mynd / Byggðasafn Árnesinga

Eyrarbakki:

# Byggðasafn Árnesinga flytur í nýtt húsnæði

**Í vor flytur Byggðasafn Árnesinga innri aðstöðu sína úr Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka í Búðarstíg 22, sem er að jafnaði nefnt Alpan-húsið á Eyrarbakka.**

Húsnæðið var keypt af safninu árið 2019 fyrir innra safnastarf, skrifstofur, varðveisluaðstöðu, fræðslurými og sýningarsal. „Við höfum unnið að framkvæmdum við nýja húsið upp á síðkastið en Grímur Jónsson, verktaki á Selfossi, og menn hans ásamt undirverktökum, hafa unnið að viðgerðum og aðlögun húsnæðis að nýju hlutverki. Framkvæmdum lýkur í apríl,“ segir Lýður Pálsson safnstjóri. Lilja D. Alfreðsdóttir mennta- og menningarráðherra var nýlega stödd á Eyrarbakka og skrifaði þá fyrir hönd ráðuneytisins undir samning við Byggðasafn Árnesinga um 25 milljóna króna stofnstyrk til safnsins vegna kaupa og framkvæmda við Búðarstíg 22. Styrkur þessi á sér stoð í safnalögum þar sem viðurkennd söfn geta sótt um stofnframlag til uppbyggingar húsnæðis. Ráðherra skoðaði húsið og síðan skrifuðu hún og Lýður Pálsson safnstjóri undir samninginn. */MHH*

Rangárþing ytra:

# Mikil uppbygging fram undan á skólasvæðinu á Hellu

**Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar hjá Rangárþingi ytra á þessu ári, og reyndar næstu árum, vegna uppbyggingar skólasvæðisins á Hellu.**

Arkís arkitekar hafa verið ráðnir samkvæmt sérstökum hönnunarsamningi vegna þróunar svæðsins. Miðað er við allt að 2.000 m² skólabyggingu og 1.200 m² leikskólabyggingu. ásamt aðlögun á núverandi byggingum, sem svarar um 1.200 m². „Við ætlum að hafa frumdrög, byggingar- og kröfulýsingar og kostnaðaráætlun klára þann 20. apríl 2021. Þá munum við taka næstu skref en framkvæmdatími nær mögulega inn á árið 2021 en síðan 2022-2023,“ segir Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri. */MHH*



Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra.



Nýja varmadælan mun væntanlega lækka upphitunarkostnað skólans um 60 til 70 prósent á ári. Mynd / MHH

# Varmadæla í Flóaskóla sem sækir orku í lóðina í kring

**Í Flóaskóla í Flóahreppi er nú verið að ljúka framkvæmdum við að koma upp kyndikerfi með varmadælu sem sækir orku í lóðina í kring.**

Að öllum líkindum mun upphitunarkostnaður skólans lækka um 60–70% á ári við þessa framkvæmd og gott til þess að hugsa að verða sjálfbærari hvað þetta varðar. „Þetta er mjög spennandi og áhugavert verkefni. Verkfræðistofan Verkís hefur verið okkur til aðstoðar hvað varðar kostnaðaráætlanir og hönnun búnaðar. Plægðir voru niður 2,3 km af lögnum til orkusöfnunar og sett upp varmadæla sem sér um að hita upp skólann ásamt því að vera tengd loftræstikerfi skólans,“ segir Eydís Indriðadóttir sveitarstjóri. */MHH*

Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra:

# Fjölmörg áhugaverð verkefni fá stuðning

**Fjölmörg áhugaverð verkefni fá stuðning frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra að þessu sinni. Verkefnin eru af ýmsum toga í atvinnuþróun og nýsköpun, menningarverkefni, sem og stofn- og rekstrarstyrkir.**




### *Sögun stórtrjáa á reka*

Ágúst Marinó Ágústsson, Sauðanesi á Langanesi, hlaut 400 þúsund króna styrk úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra vegna verkefnis sem snýst um sögun stórtrjáa á reka.

Til stendur að kaupa sérstaka sög til að fletta stórum trjám eftir endilöngu. Helst kemur til greina að kaupa keðjusög frá Logosol í Svíþjóð. Sú er nokkuð stærri en þær sem fáanlegar eru á Íslandi og eingöngu ætluð til að saga tré sem eru 60-70 cm að þvermáli niður í 2 til 3 tommu blokkir. Þær eru mjög eftirsóttar í borðplötusmíðar og eru nokkuð verðmætar því lítið er um úrræði til að saga þessi stærstu tré á Íslandi. Ekkert hefur verið auglýst en eftirspurn er þónokkur og nokkrir á biðlista.

### *Gin- og viskí í Hrísey*

Björn Grétar Baldursson hlaut styrk að upphæð einni milljón króna vegna fyrirtækisins Hrísey Eimingarhús, en það mun sérhæfa sig í gin- og viskígerð.

Með aðsetur sitt úti í Hrísey gefur það fyrirtækinu sérkenni sem bæði fyrsta eimingarhús á Norðurlandi og hvergi er eyjaviskí bruggað norðar í heiminum. Hrísey Eimingarhús mun nýta auðlindir eyjunnar í starfsemi sinni, þar á meðal njóla og hvönn í gin, heita vatnið við framleiðslu og svo mun náttúran hafa mikil áhrif á þroska viskísins.

### *Náttúrubað í Eyjafirði*

Finnur Aðalbjörnsson hlaut 5 milljóna króna styrk vegna verkefnis sem snýst um að koma á fót náttúruböðum í Eyjafirði.

Verkefnið felst í undirbúningsvinnu vegna uppbyggingar náttúrubaða. Það felur í sér hönnun á mannvirkjum, breytingar á aðal- og deiliskipulagi ásamt öðrum undirbúningi fyrir slíka framkvæmd. Búið er að tryggja nýtingarrétt á vatni og Eyjafjarðarsveit gefið vilyrði fyrir framgangi verkefnisins, m.a. í tengslum við skipulagsbreytingar. Hönnuðir, arkitektar, verktakar og aðrir hagsmunaaðilar eru tilbúnir að keyra verkefnið áfram af krafti og er stefnt að opnun um vorið 2022.

### *Gróðurhús í Öxarfirði*

Framfarafélag Öxarfjarðarhrepps fékk 1,1 milljón króna vegna verkefnis um gróðurhús í Öxarfjarðarhéraði og fjölnýtingu jarðhita.

Náttúruauðlindir Öxarfjarðar eru fjölmargar, ein er Sandurinn, m.a. með tilliti til mikils jarðvarma og ferskvatns auk víðlendis. Auðlindirnar í Sandinum eru vel þekktar og nýtingarmöguleikar ættu að vera fjölmargir og fjölbreytilegir og þar eru spennandi sóknarfæri fyrir brothætt byggðarlag. Stefnt er að því að ráða verkefnisstjóra í hlutastarf í ársbyrjun 2021. Verkefnisstjóri verður með starfsstöð á Kópaskeri eða nágrannabyggðarlögum og mun leiða verkefnið áfram.

### *Úr mjólk í vín*

Gunnlaugur Friðrik Friðriksson stendur að verkefni með heitið Úr mjólk í vín úr nægtabrunni náttúrunnar. Það verkefni hlaut tveggja milljóna króna styrk úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra.



Fyrirtækið Hrísey Eimingarhús hlaut styrk frá Uppbyyggingarsjóði Norðurlands eystra, en það mun sérhæfa sig í gin- og viskígerð. Mynd /HKr.

Markmiðið er að hefja lífræna drykkjarframleiðslu í Bárðardal þar sem Grasöl og Rabarbarafreyðivín eru þróuð í frumgerðir að framleiðsluvöru. Byggt er á staðbundinni þekkingu og hráefnum, sérfræðiþekkingu á sviði matvælafræða og hönnunar og vannýttur húsakostur virkjaður til að renna stoðum undir verkefnið. Alþjóðleg reynsla við að nýta upplýsingatækni og gervigreind verður yfirfærð til að styðja undir sjálfbæra nýtingu, rekjanleika og sveigjanleika í verkferlum drykkjarvöruframleiðslunnar.

### *Stórþaranýting*

Hafþór Gylfi Jónsson fékk rannsóknar- og þróunarstyrk að upphæð 1,5 milljónir króna vegna verkefnis um stórþaranýtingu.

Úti fyrir Norðurlandi eru kjöraðstæður fyrir stórþara sem vex á klapparbotni á 5-25 metra dýpi. Í stórþaranum eru algínöt og önnur lífvirk efni sem eftirspurn er eftir á alþjóðlegum mörkuðum, einkum í lyfja- og heilsugeiranum. Markmið þessa verkefnis er að halda áfram rannsóknum á útbreiðslu stórþarans ásamt þróun tækjabúnaðar sem tryggir rétta meðhöndlun og gæði. Með því verður hægt að tryggja sjálfbæra nýtingu á vannýttri náttúruauðlind sem skapar störf og verðmæti í nærsamfélaginu.

### *Lítil lífræn sveitabúð*

Lindigarðar ehf. fengu 800 þúsund krónur í styrk en ætlunin er að byggja upp litla verslun á Ósi í Hörgársveit og bjóða upp á ferskt grænmeti til sölu milliliðalaust, ásamt því að búa til vörur úr því sem til fellur sem annar flokkur grænmetis og minnka þannig matarsóun. Þá er einnig ætlunin að bjóða öðrum bændum úr sveitinni að taka þátt í svokölluðum bændadögum og skapa þannig grundvöll fyrir þá til að selja sínar vörur.

### *Sjálfvirk verslun*

Markvert ehf. fékk 500 þúsund krónur í styrki vegna undirbúnings og gerðar viðskiptaáætlunar um sjálfvirka verslun.

Slíkar verslanir hafa rutt sér til rúms í Svíþjóð, einkum á jaðarsvæðum þar sem hefðbundnar verslanir bera sig ekki. Með því að kanna rekstrargrundvöll fyrir slíka verslun í Hrafnagilshverfi er ætlunin að kanna hvort slík verslun gæti borið sig.Hún hefði þá sérstöðu að bjóða upp á afurðir úr sveitinni, handverk og fleira. Engin verslun er fyrir í Hrafnagilshverfi og staðsetningin því góð fyrir reynsluverkefni og til þess fallið að auka þjónustustig án þess að koma niður á störfum í samfélaginu.

### *Matarstígur í Mývatnssveit*

Mývatnsstofa ehf. fékk 1 milljón króna vegna verkefnis um Matarstíg í Mývatnssveit, en stofan hefur tekið að sér að búa til matarstíg fyrir Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepp. Ekki er komið endanlegt nafn á stíginn en einkennisorð hans eru „Úr vatni á disk, úr haga í maga“. Fjölbreytt matvælaframleiðsla er á þessu svæði en þá einna helst kjötframleiðsla á lambakjöti og nautakjöti og síðan reykt kjöt og silungur. Hverabakað rúgbrauð er líka afar vinsælt. Vakin verður athygli á þessum afurðum á heimasíðunni www.tastemyvatn.is og með bændamörkuðum og farandsmarkaði.

### *Hráverkað af hálendinu*

Svartárkotsbúið ehf. í Bárðardal fékk 500 þúsund krónur í styrk vegna verkefnis sem ber heitið Hráverkað af hálendinu.

Löng hefð er fyrir neyslu á þurrkuðu svínakjöti (Jamon) í Mið-Evrópu en lítið hefur verið um framleiðslu þess hérlendis. Hérlendis er hins vegar löng hefð fyrir neyslu á reyktu kjöti en lítil áhersla á fullþurrkun. Verkefnið „Hráverkað af hálendinu“ er að þróa fullþurrkun á reyktu og nýju kjöti við íslenskar aðstæður og framleiða í kílfarið á því gæðavörur úr ærkjöti sem nú er verðlítil vara. Afurðirnar verður hægt að bjóða upp á sem barsnakk, í forrétti, samlokur, smárétti og fleira. */MÞÞ*


Sveitarstjórn á Blönduósi lýsir yfir miklum vonbrigðum yfir skertri fjármálaþjónustu við íbúa. Mynd / HKr.

Blönduós:

# Fyrirhuguð lokun Arion banka kallar fram sterk viðbrögð

**Fyrirhugað er að loka útibúi Arion banka á Blönduósi. Sveitarstjórn Blönduósbæjar ræddi málið á fundi sínum og mótmælti áformunum harðlega. Eldri borgarar í Húnaþingi taka undir mótmæli sveitarstjórnar.**

Fram kemur í bókun sveitarstjórnar að þjónusta bankans hafi verið skert verulega undanfarin ár og sú þróun var hafin áður en kórónuveirufaraldur hófst. Einnig lýsir sveitarstjórn yfir miklum vonbrigðum yfir skertri fjármálaþjónustu við íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu og nágrenni, auk þeirra fjölmörgu sem koma á eða fara um Blönduós.

Sveitarstjórn fól sveitarstjóra, í samráði við byggðaráð, að kanna og koma með tillögur um frekari viðbrögð við boðaðri lokun bankans, með tilliti til framtíðar bankaviðskipta sveitarfélagsins.

***Huga að því að færa viðskipti annað***

„Margir innan okkar félags hafa ekki tileinkað sér tölvunotkun og verða því fyrir miklum óþægindum og þjónustubresti ef af áformum bankans verður,“ segir í ályktun sem Félag eldri borgara í Húnaþingi sendi frá sér í tilefni af fyrirhugaðri lokun útibúsins í bæjarfélaginu. Fram kemur að þjónusta Arion banka hafi sífellt minnkað undanfarin ár en nú keyri um þverbak.

„Það er ekki ólíklegt að sá stóri hópur eldra fólks sem býr á svæðinu og hefur haft áralöng viðskipti við Arion banka og forvera hans og á inneignir í bankanum, hugsi sér til hreyfings og færi viðskipti sín annað, ef Arion banki vill ekki lengur þjónusta það á svæðinu,“ segir í ályktuninni. Félagið vill beina því til forsvarsmanna Arion banka að þeir hætti við fyrirhuguð áform um að loka bankanum og finni viðunandi lausn á bankaþjónustunni í samstarfi við forsvarsmenn Blönduósbæjar. */MÞÞ*

Ríkisendurskoðun og Persónuvernd:

# Starfsstöðvar opnaðar fyrir norðan

**Fyrirhugað er að flytja störf á vegum ríkisins norður í landi á næstunni. Ríkisendurskoðun ætlar að opna starfsstöð á Akureyri, Persónuvernd opnar starfsstöð á Húsavík og þá stendur til að flytja brunavarnarsvið Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til Sauðárkróks.**

Verkefni á starfsstöð Ríkisendurskoðunar á Akureyri snúast um fjárhagsendurskoðun á A-stofnunum, svo sem heilsugæslu, menntastofnunum, lögreglu, sýslumönnum og ýmsum stofnunum á Norður- og Austurlandi. Eins mun starfsfólk þar annast stjórnsýsluúttektir og liðsinna við eftirlit með ríkistekjum. Jafnframt eru áform um að færa til Akureyrar ákveðin verkefni fyrir landið allt, sem eingöngu eru unnin rafrænt.

Persónuvernd vinnur nú að undirbúningi nýrrar starfsstöðvar á Húsavík. Auglýst hefur verið eftir tveimur starfsmönnum, annars vegar lögfræðingi sem sinna mun hefðbundnum lögfræðistörfum fyrir Persónuvernd, og hins vegar sérfræðingi í þjónustuveri. Störfin eru þess eðlis að starfsemin er ekki háð ákveðinni staðsetningu. Til stendur að opna nýja starfsstöð Persónuverndar á Húsavík í mars. */MÞÞ*



Selasetur Íslands.

Vegur um Vatnsnes:

# Samkeppni um nafn

**Selasetrið á Hvammstanga hefur sett af stað hugmyndasamkeppni um nýtt nafn á ferðamannahringinn um Vatnsnes og yfir í Kolugljúfur.**

Leitað er að nafni sem er lýsandi fyrir sex áfangastaði, sem eru Hamarsrétt, Illugastaðir, Hvítserkur, Kolugljúfur, Borgarvirki og Hvammstangi.

Hægt er að taka þátt með því að senda tillögu í netfangið selasetur@selasetur.is fyrir 5. mars næstkomandi. Nafnið á hringveginn verður kynnt fáum dögum síðar. */MÞÞ*

Bændablaðið
Kemur næst út
11. mars



LÍF & STARF

### Biobú setur lífrænt vottað nautgripakjöt á markað:

# Nautgripabændum með lífræna vottun mun fjölga sem eykur möguleikana í vöruþróun

**Árið 2002 var brotið blað í sögu framleiðslu á lífrænt vottuðum búvörum þegar mjólkurbúið Biobú var stofnað. Þar með áttu neytendur greiðan aðgang að lífrænt vottuðum mjólkurvörum í almennri sölu. Nú í marsmánuði verða önnur tímamót fyrir fyrirtækið og neytendur lífrænt vottaðra búvara, þegar von er á vottuðu nautgripakjöti á markað – en slík íslensk vara hefur ekki fengist í mjög langan tíma hér á landi.**

Rekstur Biobú hefur verið góður og stöðugur undanfarin ár, að sögn Helga Rafns Gunnarssonar framkvæmdastjóra, en hugmyndin með nautgripakjötsframleiðslunni er að styrkja enn betur rekstrargrundvöllinn og auka fjölbreytni á lífrænum matvælum.



Helgi Rafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Biobú. Myndir / smh

„Með þessu erum við einnig að styðja við þá sem leggja inn mjólk hjá Biobú. Þeir hafa þarna möguleika til að selja sitt kjöt sem lífrænt sem hingað til hefur verið blandað saman við annað nautgripakjöt og selt sem hefðbundið kjöt. Við fengum Sláturhús Vesturlands með okkur í þessa vegferð þar sem þeir munu taka við þeim gripum sem fara í sláturhús frá þessum bændum. Sláturhús Vesturlands hefur nú fengið lífræna vottun, sem var forsendan fyrir því að koma þessu kjöti í gegnum vinnsluferli sem lífræn framleiðsla,“ segir Helgi Rafn.

#### *Kjötið kemur mest frá Neðra-Hálsi og Búlandi*

Að sögn Helga Rafns mun kjötið koma frá bæjunum Neðra-Hálsi í Kjós og Búlandi í Austur-Landeyjum, en þessir bæir hafa verið aðalinnleggjendur á mjólk til vinnslunnar hjá Biobú á undanförnum árum. Skaftholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi leggur reyndar líka til hráefni en það er í mun minna mæli, enda fer mest af framleiðslunni þar til neyslu á bænum sjálfum – sem einnig er lítið samfélag einstaklinga með þroskahömlun.

Kúabændurnir á Neðra-Hálsi, Kristján Oddsson og Dóra Ruf eru stofnendur og aðaleigendur Biobús. Helgi Rafn og bróðir hans, Sverrir Örn Gunnarsson, sem er framleiðslustjóri hjá fyrirtækinu, eiga svo saman hinn hlutann í því.

#### *Mjög jákvæð viðbrögð*

„Handverkssláturhúsið í Borgarnesi tekur við gripunum og fullvinnur afurðirnar fyrir okkur sem við svo markaðsetjum og seljum undir merkjum Biobú,“ útskýrir Helgi Rafn.

Hann segir að þeim hafi borist mjög jákvæð viðbrögð við tíðindunum um væntanlegt lífrænt vottað nautgripakjöt. „Þær verslanir sem við höfum rætt við eru mjög jákvæðar en ekki síst hafa neytendur verið áhugasamir og höfum við fengið mjög sterk viðbrögð frá þeim eftir að það spurðist út að von væri á lífrænu nautakjöti.

Til að byrja með verðum við með hakk, hakkbollur og gúllas – og síðar verða hamborgarar og steikur í boði.

Það er líka skemmtilegt að nota tækifærið og segja frá því að stefnan er að bærinn Eyði-Sandvík í Árborg fái lífræna vottun í haust en þau hófu aðlögun að lífrænni ræktun fyrir nokkrum árum eftir samtal við okkur bræður við eldhúsborðið á Eyði-Sandvík. Með tilkomu Eyði-Sandvíkur þá nær tvöfaldast mjólkurmagnið sem Biobú hefur aðgang að en þau framleiða um 400 þúsund lítra á ári, sem er kærkomin viðbót, því viðvarandi skortur hefur verið á lífrænni mjólk síðustu misseri.

Biobú hefur til dæmis ekki haft svigrúm til vöruþróunar í þeim tilgangi að fjölga vörutegundum eða getað pakkað meiri mjólk, en það stendur allt til bóta.“

#### *Biobú fyrst með gríska jógúrt*

Jógúrtframleiðsla hófst fljótlega eftir að Biobú var stofnað, en sala hefst 3. júní 2013 og var það fyrsta varan frá mjólkurbúinu. Jógúrtvörurnar náðu hylli neytenda og hafa haldið vinsældum sínum síðan.

„Það hefur verið áskorun að reka svona lítið handverksmjólkurbú síðustu ár, við höfum eingöngu getað




Biobú var fyrst með gríska júgúrt á markað á Íslandi.

unnið úr um 400 þúsund lítrum á ári og því ekki getað þróast og vaxið eins og venjuleg fyrirtæki geta með því að panta meiri aðföng, í okkar tilfelli lífræna mjólk. Þannig að við höfum þurft að hagræða eins mikið og við getum, til dæmis með því að einfalda vöruframboð og straumlínulaga reksturinn. Við gerðum til að mynda hlé á skyr- og rjómaframleiðslu. Úr þessum 400 þúsund lítrum framleiðum við jógúrt í átta tegundum, gríska jógúrt, osta og mjólk. Reyndar er gaman að segja frá því að Biobú var fyrsta mjólkurbúið til að framleiða gríska jógúrt hér á landi en við höfum ekki getað fylgt því eftir með fleiri bragðtegundum nema síðasta sumar, þegar mjólkurmagnið jókst tímabundið gerðum við tilraun með gríska jógúrt með kókosbragði í eins kílóa pakkningum. Salan á henni gekk mjög vel og getum við varla beðið eftir að bjóða upp á fleiri tegundir í haust og þá í hentugri stærðum.

Okkar vinsælustu vörur eru gríska jógúrtin og mangó jógúrtin. Gríska jógúrtin er alveg silkimjúk og svo getum við státað af því að eiga vinsælustu jógúrt á landinu, mangó jógúrtina,“ segir Helgi Rafn.

#### *Kristján tók málin í sínar hendur*

Helgi segir að forsaga stofnunar fyrirtækisins hafi verið sú að eftir að Neðri-Háls fékk lífræna vottun á mjólkurframleiðslu sína hafi Mjólkursamsalan fyrst í stað tekið að sér að pakka og markaðssetja lífræna drykkjarmjólk. „Markaðssetningin tókst þó ekki betur en svo að ekki var verið að selja nema hluta af þeirri mjólk sem framleidd var sem lífræn drykkjarmjólk. Restin fór í stóra pottinn. Kristján hvatti þá mjólkursamsöluna til að þróa þennan markað með fleiri vörutegundum, en stjórnendur höfðu ekki áhuga á því. Kristján bauðst því til að sjá um þá vöruþróun sjálfur sem og hann gerði með stofnun Biobú.“

#### *Biobú tilbúið að skoða möguleikana með bændum*

Helgi segir að eigendur Biobú séu opnir fyrir þeim möguleika að fjölga í eigendahópnum ef innleggjendur hafa áhuga á því. Hann biðlar til kúabænda að skoða möguleika lífrænt vottaðrar framleiðslu og er til í samtal við þá sem eru að gæla við hugmyndina. „Biobú hefur gegnt mikilvægu hlutverki í þróun lífrænnar framleiðslu hér á landi, bæði gagnvart neytendum og ekki síður þeim bændum sem vilja framleiða lífrænt. Án þessa fyrirtækis væru fáar eða engar lífrænar mjólkurafurðir á markaði. Við erum því að þjóna bændum og þakklátum og traustum neytendahóp. Við erum í engu að láta deigan síga, þar sem í haust kemur væntanlega inn stór framleiðandi sem er að fá lífræna vottun um þær mundir. Það er talsverð áskorun fyrir Biobú þar sem framleiðslan mun nærri tvöfaldast. Einhverjir fleiri eru á hliðarlínunni, en Biobú er alltaf tilbúið að skoða alla möguleika með fleiri bændum varðandi þróun á lífrænni mjólkurframleiðslu. Það er auðvitað ákjósanlegast að framleiðslan fari fram sem næst markaðinum, en sé eitthvað annað í boði, að þá þarf að skoða það með lausnir í huga.

Það er ekkert sjálfgefið í þeim efnum að geta tekið á móti mjólk hvaðan sem er af landinu en það útilokar það samt ekki, að það geti ekki legið ákveðin tækifæri.“ /smh

SAMFÉLAGSRÝNI

# Ráðagerðir um að banna fýlunga- og súluveiðar

**Fyrr á tíð tíðkaðist það á hverju heimili á stórum svæðum, sérstaklega undir Eyjafjöllum og í Vestmannaeyjum, að veiða fýlsunga til vetrarins. Þá hefur veiði á súluungum í úteyjum Vestmannaeyja lengi tíðkast.**

Súlu er þar að finna í að minnsta kosti þremur eyjum; í Súlnaskeri, Brandinum og í Hellisey. Víða er þessum sið enn viðhaldið, hefðanna vegna og til að veiði-, verkunar- og matreiðsluaðferðir falli ekki í gleymskunnar dá.

#### *Ráðgert bann*

Nýlega mælti umhverfisráðherra fyrir frumvarpi um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Í lögunum er að finna nokkur nýmæli, en það sem vakti athygli mína var að verði frumvarpið að lögum munu svæðis- og hefðbundnar veiðar á fýls- og súluungum leggjast af.

#### *Saga fýlunga- og súlnaveiða*

Í sögu Vestmannaeyja, eftir Sigfús M. Johnsen, er saga fuglaveiða þar rakin. Segir þar að fuglatekja hafi verið meðal helstu hlunninda Vestmannaeyjajarða og stunduð alla tíð vegna arðseminnar sem lýsti sér í miklu búsílagi af kjöti og feiti af fuglinum og einnig hafi fiðrið verið góð verslunarvara. Í harðærisárum hafi fuglatekja einatt bjargað frá skorti. Fýlunga- og súlnaveiðar fóru fram að mestu samtímis. Súlnaveiði hefur verið stunduð um aldir í Vestmannaeyjum og eins langt aftur og heimildir ná.

Fýll byrjar ekki að verpa hér á landi fyrr en um miðja 18. öld. Fýllinn er íshafsfugl, sem talið er að hafi fyrst á seinni tímum fært sig suður eftir Atlantshafinu, t.d. til Vestmannaeyja og þaðan til suðurstrandar landsins og síðan lengra suður til Færeyja, en þar getur hans eigi fyrr en allmiklu síðar. Talið er að fýllinn hafi tekið heima í björgum í eyjunum á 3. eða 4. áratug 18. aldar og að líkindum fyrst á heimalandinu. Fljótlega hefur fýlatekja aukist mjög og á fyrstu áratugum 19. aldar er fýlungi talinn mesti nytjafuglinn í Eyjum.

#### *Undir Eyjafjöllum*

Í Mýrdal getur fyrst um fýl í Höfðabrekkuhálsi 1820 og um áratug síðar í Hjörleifshöfða, en þar voru fjöllin fullbyggð af fugli um 1860. Í Mýrdal var fýlatekjan fljótlega svo mikil að þangað komu á hverju sumri fjöldi manna úr nærsveitum til fýlakaupa hjá bændum.



Karl Gauti Hjaltason.

Í Drangshlíðarfjalli komu ein fýlahjón 1866, en bæði þar og í Hrútafellsfjalli varð síðar allmikil fýlatekja. Síðar sótti fýllinn lengra inn til fjalla og hans varð vart lengra austur t.d. í Suðursveit. Í Færeyjum var enginn fýll í lok 18. aldar. Þar verpti fýll fyrst, að því er talið er 1834, en 100 árum síðar var hann orðinn þar einn af mestu nytjafuglunum.

#### *Hefðbundin villibráð*

Þrátt fyrir að veiðar á fýlungum hafi ekki verið mikið stundaðar í Vestmannaeyjum á síðustu árum, þá eru þar stundaðar veiðar á súluungum í nokkrum úteyjum. Veiðar þessar hafa lengi verið í smáum stíl, en súlan þykir ómissandi kostur á villibráðarkvöldum og í ýmsum veislum, bæði í Eyjum og uppi á meginlandinu. Nú eru horfur að þessar veiðar verði bannaðar. Súlunni hefur fjölgað mikið kringum Eyjar á síðustu árum, kannski vegna aukningar á hentugu æti í hafinu, en nú er svo komið, að sögn úteyjamanna, að súlubyggðir hafa stækkað ört í þeim eyjum þar sem er súlubyggð. Svæði annarra fugla dregst saman að sama skapi. Menningarhefðir vegna þessara veiða eru vitaskuld einnig í hættu.

#### *Heyra veiðarnar sögunni til?*

Það hefur tíðkast á svæðum undir Eyjafjöllum alla tíð að veiða fýlunga. Enda þótt þessi siður, sem var algengur á þessum slóðum og reyndar víðar, sé nú stundaður í miklu minna mæli en áður, heldur fólk í gamlar hefðir við veiðar og matseld. Það væri mikil eftirsjá í að leggja fortakslaust bann við þessum sið. Veiðar í svo smáum stíl ættum við að halda í og leyfa. Flugfýllinn lendir oft í sjálfheldu og á þá fyrir höndum hungurdauða eða verða æti fyrir varg.

#### *Víðtækt reglugerðarvald ráðherra*

Í frumvarpinu er að finna víðtækar heimildir til handa ráðherra til friðunar með setningu reglugerða, svo sem um friðun fuglabjarga. Þá er að finna í frumvarpinu ákvæði um veiðivörslu Umhverfisstofnunar, sem tekur yfir allt landið. Veiðivarslan mun fylgja ákveðinni eftirlitsáætlun sem verði undanþegin upplýsingalögum. Á Alþingi hef ég varað við sífellt auknu framsali löggjafans á valdi til ráðherra og auknum heimildum stofnana til eins konar lögreglu- og sektarvalds og hér er skýrt dæmi um slíkt.

#### *Umsagnarferli*

Ég mun beita mér fyrir breytingu á þessu frumvarpi í þá átt sem hér hefur verið lýst. Nú er frumvarpið í umsagnarferli og öllum frjálst að senda inn athugasemdir.

*Karl Gauti Hjaltason*
*kgauti@althingi.is*
*Höfundur er þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi*

SAMFÉLAGSRÝNI

# Viðspyrna íslensks landbúnaðar

**COVID-19 faraldurinn hefur reynt á þolrif íslensks samfélags á ýmsan máta og er landbúnaðurinn þar engin undantekning. Hrun í komu ferðamanna með tilheyrandi samdrætti í eftirspurn eftir íslenskum landbúnaðarafurðum, umfangsmiklar sóttvarnarráðstafanir til lengri tíma og svona mætti lengi telja.**

Til að bregðast við þessari stöðu kynnti ég í mars í fyrra 15 aðgerðir með það að markmiði að lágmarka neikvæð áhrif faraldursins á íslenskan landbúnað og sjávarútveg til skemmri og lengri tíma.

Aukinn kraftur í bólusetningu gefur væntingar um að samfélagið fari að komast aftur í eðlilegar skorður. Við þær aðstæður er rétt að horfa til framtíðar og velta því upp hvernig við sköpum öfluga viðspyrnu fyrir íslenskan landbúnað og auðveldum honum að nýta tækifæri framtíðarinnar. Umfangsmikil vinna í þessa veru hefur átt sér stað í ráðuneyti mínu undanfarna mánuði. Afraksturinn var kynntur á fjölmennum kynningarfundi í gær; 12 aðgerðir til eflingar íslensks landbúnaðar. Þremur aðgerðum er þegar lokið og er áformað að alls 10 af 12 aðgerðum verði lokið þann 15. apríl nk.


Kristján Þór Júlíusson.

### *Aukinn stuðningur við bændur*

Fyrsta aðgerðin lýtur að auknum stuðningi við bændur en við afgreiðslu fjárlaga 2021 var að minni tillögu samþykkt að verja 970 milljónum króna til að koma til móts við skaðleg áhrif COVID-19 á íslenska bændur. Þessum fjármunum verður ráðstafað til þeirra bænda sem hafa orðið fyrir mestum áhrifum af faraldrinum, einkum nauta- og lambakjötsframleiðenda.

Jafnframt hef ég ákveðið að gjaldskrá Matvælastofnunar sem snertir bændur verður ekki hækkuð á þessu ári. Fallið var frá öllum gjaldskrárhækkunum Matvælastofnunnar í fyrra vegna áhrifa COVID-19 á íslenska matvælaframleiðendur.

### *Lambakjöt beint frá bónda*

Í næsta mánuði verður kynnt átak til að ýta undir möguleika bænda til að framleiða og selja afurðir beint frá býli. Þessi aðgerð er í mínum huga stórmál fyrir íslenska bændur og hefur verið lengi í umræðunni. Með þessu er verið að veita bændum tækifæri til að styrkja verðmætasköpun og afkomu þeirra. Stuðla þannig að frekari fullvinnslu, vöruþróun, varðveislu verkþekkingar og menningararfs við vinnslu matvæla..

### *Tollamál*

Þrjár aðgerðanna lúta beint að tollamálum. Í fyrsta lagi ber að nefna að eldra fyrirkomulag við úthlutun tollkvóta hefur verið endurvakið til 1. ágúst 2022. Í öðru lagi er unnið að úrbótum til að koma til móts við ábendingar um brotalamir í tollafgreiðslu á landbúnaðarvörum. Loks má nefna að óskað hefur verið eftir endurskoðun tollasamnings við ESB og þær viðræður eru hafnar.

### *Ný landbúnaðarstefna fyrir Ísland*

Í september í fyrra skipaði ég verkefnisstjórn um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Áætlað er að tillaga að stefnunni muni liggja fyrir í vor. Stjórnvöld hafa mikil áhrif á starfsskilyrði landbúnaðarins en stefnumótun þeirra um greinina hefur hingað til verið brotakennd. Hún hefur komið fram í búvörusamningum, reglusetningu og öðrum ákvörðunum sem því tengjast en tilgangur vinnunnar sem nú stendur yfir er að setja fram heildstæða stefnumótun fyrir landbúnaðinn. Stefnan verður lögð fyrir Alþingi sem þingsályktun og hafa stjórnvöld og Bændasamtök Íslands samþykkt að landbúnaðarstefnan verði grunnur að endurskoðun búvörusamninga 2023.

### *Betri merkingar matvæla*

Starfshópur um betri merkingar matvæla skilaði skýrslu til mín sl. haust. Í niðurstöðum hópsins er meðal annars að finna tillögu um sérstakt búvörumerki að norrænni fyrirmynd. Bændasamtökum Íslands hefur verið tryggt fjármagn úr rammasamningi landbúnaðarins til gerðar og útfærslu þess. Gert verður sérstakt samkomulag um það á næstu vikum. Samhliða verður öðrum tillögum hópsins komið til framkvæmdar.

### *Aukin hagkvæmni og hagræðing*

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við Lífskjarasamninginn í september síðastliðnum verður hagkvæmni og skilvirkni í matvælaframleiðslu tekin til sérstakrar skoðunar, m.a. til að stuðla að bættri nýtingu verðmæta og aukinni hagræðingu innan landbúnaðarframleiðslunnar, til hagsbóta fyrir bændur og neytendur.

### *Mælaborð landbúnaðarins*

Fyrsta útgáfa nýs mælaborðs fyrir landbúnaðinn mun birtast í næsta mánuði. Í fyrsta áfanga verður áhersla á yfirsýn yfir innlenda framleiðslu, sölu og birgðir landbúnaðarafurða., auk stuðnings við bændur samkvæmt búvörusamningum. Mælaborðið verður síðan endurbætt áfram í því skyni að það nýtist sem verkfæri til að fylgjast með þróun þeirra markmiða sem sett eru í búvörusamningum og landbúnaðarstefnu auk markmiða um fæðuöryggi.

### *Sértæk vinna vegna sauðfjárræktarinnar*

Erfiðleikar hafa verið í sauðfjárræktinni undanfarin ár vegna mikilla afurðaverðslækkana á árunum 2015-2017. Afurðaverð til sauðfjárbænda er nú það sama í krónum talið og árið 2011. Ráðuneyti mitt og Landssamtök sauðfjárbænda vinna nú sameiginlega aðgerðaáætlun með það markmið að afurðaverð til sauðfjárbænda hækki fyrir næstu sláturtíð. Gert er ráð fyrir að hún liggi fyrir í lok mars.

### *Fæðuöryggi á Íslandi*

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur skilað ráðuneyti mínu skýrslu um fæðuöryggi á Íslandi. Þar er meðal annars bent á nauðsyn mótunar fæðuöryggisstefnu og það er jafnframt aðgerð sem fylgir nýrri matvælastefnu stjórnvalda. Sú vinna mun hefjast á næstu vikum eftir samráð við aðila sem að málinu þurfa að koma. Skýrslan verður einnig tekin til meðferðar í Þjóðaröryggisráði enda er fæðuöryggi hluti af þjóðaröryggi landsins.

Loks má nefna að regluverk og stjórnsýsla um viðbrögð við riðuveiki í sauðfé og tengd ákvæði um dýraheilbrigði verða endurskoðuð.

### *Sterkari stoðir*

Framgangur þessara aðgerða hefur verið og verður áfram í forgangi á nýrri landbúnaðarskrifstofu ráðuneytisins. Þannig hefur Sigurður Eyþórsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, verið ráðinn verkefnastjóri til að vinna að framgangi og innleiðingu þessara aðgerða og hefur hann hafið störf í ráðuneytinu. Ég vil hér að lokum hvetja bændur til að láta sig þessar aðgerðir varða; koma á framfæri ábendingum og athugasemdum, eða koma með tillögur að frekari aðgerðum.

Ég er sannfærður um að þessar aðgerðir munu á næstu vikum og mánuðum styrkja undirstöður íslensks landbúnaðar til skemmri og lengri tíma. Að okkur takist að skapa þessari mikilvægu atvinnugrein enn betri skilyrði þannig að hún nái að vaxa og dafna til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag.

*Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra*








Tveggja punkta festing við dráttarvélina og hæð stillanleg með vökvatjakk. Stillanlegur hræristútur. Galvanisering er staðalbúnaður.

Haugdælur:
Super 3000 - 10 fet / 3,05 m djúpar kr. 1.258.000 án vsk
Super 3000 - 9 fet / 2,75 m djúpar kr. 1.210.000 án vsk
Super 4800 - dæla/hræra 9 fet / 2,75m djúp kr. 1.524.000 án vsk

Hrærur:
20 fet / 6,1m kr. 788.000 án vsk
25 fet / 7,6 m kr. 879.000 án vsk




Getum útvegað Duun skádælur með skömmum fyrirvara

JÖTUNN
LANDBÚNAÐARDEILD AFLVÉLA
AFLVÉLAR
Austurvegi 69
800 Selfoss
480 0400
jotunn.is
jotunn@jotunn.is

Lely Center Ísland

EURO - TRIMA - ALÖ
Ásuðufestingar
Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600



Girnileg samloka með öllu.

# Samlokan er helsta framlag Breta til matargerðar heimsins

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Hvað getur verið einfaldara en að setja álegg á milli tveggja eða fleiri brauðsneiða og búa þannig til ljúffenga og góða máltíð eða snarl milli mála? Samlokan er fullkomin máltíð fyrir alla nema þá sem ekki borða brauð af einhverri ástæðu.**

Samlokan er líklega vinsælasta nesti í heimi og í sinni einföldustu mynd samanstendur hún af tveimur brauðsneiðum, smjöri og osti en til að gera samlokuna enn girnilegri má bæta í hana skinku, tómata- og gúrkusneiðum eða bara nánast hverju sem er.

### *Frumsamlokur*

Elsta heimild, á prenti, um máltíð sem líkist samloku er frá því á fyrstu öld fyrir Krist. Þar segir frá því þegar rabbíninn Hillel eldri blandaði saman hnetum, eplum, kryddi og víni og smurði því á flatbrauðssneið, matzo, sem neytt er yfir páskahátíðina, og setti svo aðra sneið ofan á og borðaði með bestu lyst.

Frá sjöttu öld og allt fram á okkar dag eru til lýsingar á því hvernig fólk notaði og notar enn gamalt brauð, heilt eða skorið, eins og diska með því að setja mat ofan í það eða ofan á og borða það með fingrunum. Maturinn mýkir brauðið í lok máltíðarinnar, annaðhvort borðað eða, á efnaðri heimilum, gefið fátæklingum og hundum.

Til er ferðalýsing frá Niðurlöndum frá því á sautjándu öld þar sem enski náttúrufræðingurinn John Ray segir frá nautakjöti sem hengt er upp í sperrur á veitingahúsum og skornar af sneiðar og settar á brauðsneiðar með smjöri. Rétturinn kallaðist belegede broodje, eða opin samloka. Ray er einnig tíðrætt um það sem hann kallar grænan ost í lýsingu sinni á matarhefð Niðurlendinga en græni liturinn stafar af því að safa úr kindaskít er hellt yfir ostinn að hans sögn.



Samloka með grænmeti.

Þrátt fyrir að uppruni samlokunnar sé hulin gáta og í sjálfu sér út í hött að ætla að hún eigi sér einn fastan upprunastað eða -stund er uppruni samlokunnar eins og við þekkjum hana í dag yfirleitt rakinn til Evrópu á átjándu öld. Smátt og smátt hækkaði opna samlokan í virðingarstiga matvæla og hætti að vera fátækramatur og varð algengur kvöldréttur betur stadds fólks og jafnvel meðal aðalsins.

### *Jarlinn af Sandwich*

Á ensku og mörgum öðrum tungumálum er „Sandwich“ nefnd í höfuðið á John Montague, fjórða jarlinum af Sandwich.

Montagu var að mörgu leyti merkilegur karl og hann var góðgerðarmaður James Cook skipstjóra, sem fyrstur Evrópumanna er sagður hafa siglt til Nýja-Sjálands, Ástralíu og Havaíeyja. Cook nefndi Havaíeyjar eftir Montagu og kallaði þær Sandwich-eyjar. Þrátt fyrir að nafnið hafi ekki fest er til eyja sem nefnd er eftir honum utan við Alaska og kallast Montagu-eyja.

Sagan segir að jarlinn, eftir að hafa komið seint heim og soltinn, hafi sagt þjóni sínum að færa sér tvær brauðsneiðar með kalkúnakjöti á milli. Jarlinn var mikið gefinn fyrir spil og sagt að hann hafi oft eftir það pantað brauðsneiðar með áleggi á milli fyrir sig og spilafélaga sína til að þurfa ekki að gera hlé á spilamennskunni. Félagar jarlsins kölluðu matinn, sem hægt var að borða með annarri hendi og án hnífapara, Sandwich og heitið festist. Í annarri en svipaðri sögu segir að jarlinn af Sandwich hafi verið að vinna fram eftir á skrifstofunni sinni og beðið um tvær brauðsneiðar með kalkúna- eða nautakjöti á milli og að þannig hafi hin fyrsta eiginlega samloka orðið til.

Annars staðar segir að samlokan hafi formlega orðið til um miðja átjándu öld og að kokkar á London's Beef Steak Club, sem var heldrimannaklúbbur með 24 meðlimum, prinsinn af Wales fékk undanþágu til að vera sá 25. Meðlimir hittust reglulega á laugardögum klukkan fimm eftir hádegi, stundum með vini, og borðuðu steikarsamlokur og drukku rausnarlega af portvíni og arrack-brennivíni með.

Enski þing- og samkvæmislífsblaðamaðurinn Edward Gibbon mun hafa verið fyrstur til að nota orðið Sandwich um tvær brauðsneiðar með áleggi á milli á prenti. Samlokur eins og Gibbon lýsir þeim voru vinsælt snarl sem fólk fékk sér á veitingahúsi að lokinni ferð í leikhús, tónleika eða óperuna.

Fyrir þann tíma kallaðist slíkt einfaldlega brauð með kjöti eða osti eða því áleggi sem haft var milli brauðsneiðanna.

Samkvæmt grein í The Wall Street Journal er samlokan helsta framlag Englendinga til matargerðar í heiminum.

### *Heimssamlokan*

Vinsældir samlokunnar jukust mikið meðal vinnandi fólks á Englandi og á Spáni í kjölfar iðnbyltingarinnar á 19. öld. Samlokan var ódýrt nesti sem fólk hafði með sér til vinnu. Einfaldur matur sem var hægt að skófla í sig í stuttum matartímum. Í samantekt um götulífið í London árið 1850 segir að þar finnist að minnsta kosti 70 götusalar sem selji samlokur með skinku og að þær séu víða seldar á öldurhúsum. Um svipað leyti var hægt að fá í Hollandi samlokur með lifur og söltuðu nautakjöti.

Á Spáni er heitið sandwich notað um mat sem búinn er til úr

ensku samlokubrauði en samlokur úr annars konar brauði kallast bocadillo. Svipaða sögu er að segja frá Mexíkó þar sem upprúllaðar samlokur kallast gjarnan torta.

Í Ástralíu eru brauðsneiðar sem eru skornar af brauðhleif og sett álegg á milli kallaðar samlokur en heitið á ekki við heil brauð sem skorin eru í tvennt, eins og til dæmis rúnstykki eða hamborgarabrauð.

Því er stundum haldið fram að samlokan hafi náð vinsældum í Bandaríkjum Norður-Ameríku eftir útkomu matreiðslubókarinnar Directions for Cookery, 1848, þar sem hin enska Elizabeth Leslie mælti með þeim sem aðalrétti og lýsti gerð þeirra.

Þegar leið á 20. öldina urðu samlokur hluti af daglegri fæðu í Bandaríkjum Norður-Ameríku og í löndunum við Miðjarðarhaf og í dag eru þær meðal annars vinsæll puttamatur í veislum.

Árið 2006 komst dómstóll í Boston í Massachusetts í Bandaríkjum Norður-Ameríku að því að til þess að réttur gæti kallast samloka þyrfti hann að innihalda að minnsta kosti tvær brauðsneiðar og að heitið næði ekki til brauðrétta eins og burritos, tacos og quesadillas, sem væru búnir til úr einni tortillu. Hvað þá til dansks „smørrebrød“, eða brauðsnitta.

Samkvæmt þessu getur kex sem gert er úr tveimur kexkökum með kremi á milli kallast kexsamlokur.

### *Búðarsamlokan verður til*

Forsmurðar samlokur hafa verið í boði á börum og veitingahúsum frá því um 1920. Eftir að farið var að forskera brauð í bakaríum jukust vinsældir samloka sem nesti fyrir börn í skólann og húsmæður smurðu þær gjarnan fyrir eiginmenn sína til að hafa með í vinnuna. Samhliða auknum vinsældum samloka jukust vinsældir brauðskurðarvéla.

Breska verslunarkeðjan Marks & Spencer var fyrsta verslunin í heiminum til að bjóða til sölu samlokur sem seldar voru úr kæli árið 1970. Samlokurnar nutu strax mikilla vinsælda og fljótlega fóru fleiri verslanir að bjóða þær til sölu og forsmurðar samlokur eru stór iðnaður víða um heim í dag.

Leikarinn og rithöfundurinn Woddy Allen sagði í bók sinni Getting Even að mannkynið ætti samlokunni það að þakka að hafa sloppið undan oki heits mats í hádeginu.

### *Samlokustríð í háloftunum*

Árið 1958 kom upp sérkennilegt mál sem snerist um skilgreiningu flugfélaga á því hvað sé samloka. Málið vakti greinilega athygli hér á landi því um það var fjallað í Morgunblaðinu og Vísi.

Í umfjöllun um málið segir meðal annars að samtök flugfélaga vinni eftir ströngum reglum þegar kemur að þeim mat sem má bjóða farþegum í flugi og að nýlega hafi komið upp deilur og að nokkur flugfélög hafi verið kærð fyrir ofrausn í framboði matar. Þar segir einnig að aðeins eitt af hinum seku flugfélögum, sem breskir og amerískir keppinautar hafa kært, hafi fallist á að bera minna í máltíðina sem farþegum á þriðja farrými er borin í staðinn fyrir aðalmáltíð.

Í umfjöllun Vísis segir að þegar flugfélögin féllust á það upphaflega að hefja þriðja farrýmis farþegaflutninga, var ætlunin sú að farþegar gætu keypt sér matarkörfur á flugvellinum. En suma þá, sem áttu að sjá um framkvæmdirnar, hryllti við því að flugvélarnar yrðu fullar af appelsínuskrælingi og hvítlaukspylsum og kusu því heldur eitthvað hærra fargjald og ókeypis samlokur. Tilgangurinn með að minnka matarþjónustuna var ekki að spara peninga á matnum, því að sá kostnaður er lítill tiltölulega, jafnvel þó að ókeypis kampavín fylgi. Tilgangurinn var að losna við eldhúsið og nota rýmið handa fleiri farþegum.

Í framhaldinu er spurð grundvallarspurning málsins: Hvað er samloka? og henni svarað á eftirfarandi hátt. Það er engin áberandi fjárhagsástæða fyrir því, að þessi máltíð eigi aðallega að vera úr brauði, nema að sýna þriðja farrýmis farþegum, hve lágt þeir standi í mannfélagsstiganum. En það er skiljanlegt, að þær samlokur, sem bornar hafa verið fram fyrir þriðja farrýmis farþega, sýni mikinn mismun í matreiðslu þjóða. Flugfélögin fara eftir tveim aðalleiðum í þessu. Á meginlandi Evrópu er samloka ein sneið af brauði, sem borin er fram í máltíðar stað. Ensk samloka er smábrauð skorið í tvennt og lagt saman og talið vera hressing.

Morgunblaðið spyr sömu spurningar. Hvaða samlokur eru samlokur? – og hvaða samlokur eru ekki samlokur? Í grein Moggans segir að framkvæmdastjórar stóru flugfélaganna hafi að undanförnu átt í miklu stríði sín í milli, því þeir hafa ekki komið sér saman um hvað kalla mætti samloku og hvað ekki. „Mergurinn málsins er sá, að í vetur, þegar aðildarfélög IATA ákváðu að lækka fargjöld yfir Atlantshafið, bættist fjórða flugfarrýmið við, eins konar sparifarrými, sem er enn ódýrara en ferðamannafarrými. Og viðurgjörningur flugfélagsins við farþeganna er einnig lítill, miðað við það, sem er á betri farrýmum. Í reglum um Atlantshafsflugið segir að einungis megi veita samlokur og gosdrykki á sparifarrými. Samlokurnar eru innifaldar í fargjaldinu, en gosdrykki verða farþegar sjálfir að kaupa. Og þá er hin mikla spurning: Hvað má samlokan vera stór eða lítil til þess að geta kallast samloka? Forystumönnum flugfélaganna ber ekki saman um þetta. Miklar deilur hafa risið, ekki vegna þess að samlokur hafi verið of litlar, heldur vegna þess að þær hafa verið of stórar. Bandaríska flugfélagið Pan American hefur kært SAS fyrir að hafa brotið gerða samninga með því að bera of stórar samlokur fyrir farþega á sparifarrými. Síðar kom í ljós, að Swiss Air, Air France og KLM höfðu verið farþegum sínum jafnrausnarleg og SAS, og ekki bætti það úr skák. Pan American segist ekki hafa efni á að veita jafnstórar samlokur og Evrópuflugfélögin, aðstaða þeirra sé mun betri hvað þessu viðvíkur. Og forystumenn SAS halda auðvitað fast við sitt – og segja að SAS-samlokur séu hinar einu réttu, sannleikurinn sé, að SAS-samlokur séu stærri en samlokur Pan American. Fólk þurfi því ekki lengur að vera í neinum vafa um það með hvaða flugfélagi best er að ferðast yfir Atlantshafið – auðvitað með því félagi, sem rausnarlegast er og veitir stærstar samlokur. Pan American hefur mikið til síns máls hvað því viðvíkur, að óheillavænlegt sé að félögin hefji samkeppni um það hver veiti stærstu samlokurnar, því að endanum fari þá svo, að samlokurnar verði það stórar, að enginn geti torgað þeim.“

### *Samlokur á Íslandi*

Langt fram eftir síðustu öld var átt við sjávardýr þegar talað var um samlokur í íslenskum fjölmiðlum og átt við svokallaðar tvískeljar og heitir annað bindi af tveimur bókum Ingimars Óskarssonar um skeldýrafánu Íslands, Samlokur í sjó – sæsniglar með skel.

Um 1970 fer að bera á brauðsamlokum á matseðlum veitingahúsa og er Hlíðagrill þar fremst í flokki og í kjölfarið fara að birtast samlokuuppskriftir í blöðum og tímaritum. Í dag eru í boði í verslunum margs konar og fjölbreyttar samlokur frá fjölda framleiðenda, enda eftirspurnin eftir góðum skyndibita mikil.


Samlokan er líklega vinsælasta nesti í heimi og í sinni einföldustu mynd samanstendur hún af tveimur brauðsneiðum, smjöri og osti.


Elvis Presley þótti gott að gæða sér á samlokum á tónleikaferðum.



Samhliða auknum vinsældum samloka jukust vinsældir sérstakra brauðskurðartækja.



Ein af fyrstu auglýsingunum fyrir samlokur á Íslandi. Birt 1974.


John Montagu, fjórði jarlinn af Sandwich.


Matreiðslubók Elizabeth Leslie átti stóran þátt í því að samlokur urðu vinsælar í Bandaríkjunum um miðja nítjándu öld.

SAMFÉLAGSRÝNI

# Líf eða dauði íslensks landbúnaðar – 2.hluti

**Á dögunum skrifaði undirritaður fáein orð sem innihéldu nokkrar staðreyndir um íslenskan landbúnað og stöðu hans í því umhverfi sem stjórnvöld hér á landi hafa búið honum. Þar komu fram vangaveltur um gjörninga skattayfirvalda á Íslandi gagnvart innflutningi landbúnaðarafurða frá meginlandi Evrópu eða ef til vill stuðning þeirra við að komast hjá þeim leikreglum sem samið hefur verið um í gagnkvæmum samningum milli Íslands og ESB um sölu landbúnaðarafurða sín á milli. Einhver framvinda hefur síðar orðið í málinu.**

Fram kom í fréttinni „Jurtaostur á hröðu undanhaldi", sem Helgi Bjarnason blaðamaður birti þann 3. febrúar síðastliðinn í Morgunblaðinu, að innflutningur títtnefnds „Jurtaosts" sem að öllum líkindum var vara sem er að langmestu leyti unnin úr mjólk, hefur snarminnkað eftir uppljóstranir Ernu Bjarnadóttur, hagfræðings og verkefnisstjóra hjá Mjólkursamsölunni. Íslensk tollayfirvöld urðu uppvís að því að fara á skjön við sameiginlegar reglur Íslands og ESB, að því er virðist með það að markmiði að innflytjendur slyppu við rétt og eðlileg gjöld af innflutningnum. Eftir úrskurð Tolla- og skattaskrifstofu Evrópusambandsins að um röng vinnubrögð íslenska tollsins væri að ræða, virðist þessi ostur aftur vera orðinn að venjulegum


Högni Elfar Gylfason.

mjólkurosti sem hann auðvitað var alltaf í raun og ber því enn á ný þá tolla sem um var samið.

Í fyrri grein minni birti ég ákall til þingmanna okkar á Alþingi Íslendinga, en þeir eru 63 talsins úr flestum stigum samfélagsins. Mér þótti rétt að höfða til samvisku þeirra um að gera sitt besta til að bjarga íslenskum landbúnaði frá algjöru hruni sem ég fæ ekki betur séð en að stefni hraðbyri í. Því miður hef ég ekki séð eða heyrt af neinum afrekum úr þeirri átt sem komið gætu að notum í þeirri baráttu síðan áeggjan mín fór á prent. Það verður þó ekki komist hjá að benda á að svo virðist sem ekki fari saman hljóð og mynd hjá hæstvirtum ráðherrum sem koma að málefnum greinarinnar.

Skömmu eftir að landbúnaðarráðherra tilkynnti að framkvæmd útboða fyrir ESB-tollkvóta yrðu tímabundið færð til fyrri vegar í þeirri viðleitni að minnka tjón innlendrar framleiðslu vegna stóraukins innflutnings, skrifaði samráðherra hans í utanríkisráðuneytinu og flokksbróðir upp á nýjan tollasamning við Bretland sem er nýgengið úr Evrópusambandinu. Sá samningur bætist við þann stóra tollasamning við ESB sem áfram er í gildi þrátt fyrir að Bretar séu ekki lengur þar inni og eykur þar með enn á vanda íslensks landbúnaðar. Fróðlegt væri að vita hvort ráðherrar í ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur talist ekki við eða hvort þetta hafi verið þeirra sameiginlega ákvörðun. Þá væri gaman að vita hvort ekki hafi verið talið að þessi nýtilkomni tollasamningur við Bretland kæmi samtökum bænda á Íslandi við og þeim því ekki gert kleift að skoða og tjá hug sinn um hann fyrir undirritun.

Í 1. grein, 1. kafla búvörulaga er greint frá tilgangi þeirra og er hann svohljóðandi:

„Tilgangur þessara laga er:

a. að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur,
b. að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu,
c. að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis eftir því sem hagkvæmt er talið,
d. að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta, e. að innlend aðföng nýtist sem mest við framleiðslu búvara, bæði með hliðsjón af framleiðsluöryggi og atvinnu,
f. að stuðla að jöfnuði á milli framleiðenda í hverri búgrein hvað varðar afurðaverð og markað."

Í framhaldi af þessu spyr ég:

1. Taka ráðherrar ekki mið af texta laganna né heldur stöðunni á innanlandsmarkaði þegar ákvörðun um að auka innflutning landbúnaðarvara er tekin?
2. Telja ráðherrar að aukinn innflutningur stuðli að framförum og aukinni hagkvæmni í innlendri búvöruframleiðslu?
3. Telja ráðherrar að aukinn innflutningur ofan á það mikla magn sem þegar er flutt til landsins geri það að verkum að framleiðsla búvara verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar?
4. Telja ráðherrar að kjör þeirra sem stunda íslenskan landbúnað verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta við aukinn innflutning ofan á það ástand sem nú þegar ríkir?
5. 5. Telja ráðherrar ef til vill að kjör og afkoma íslenskra bænda og allra þeirra þúsunda sem í afleiddum störfum vinna sé ekki þeirra vandamál?
6. 6. Eru gjörðir þessara ráðherra í samræmi við landbúnaðarstefnu ríkisstjórnarinnar.

Að lokum langar mig að ítreka ákall mitt til ykkar, þingmanna þjóðarinnar. Það er undir ykkur komið að ákveða framtíð íslensks landbúnaðar og með því, dreifðra byggða um landið allt. Ég á ekki von á því að nokkurt ykkar vilji Ísland framtíðarinnar með eyðibýlum hvert sem litið er og flest litlu þorpin yfirgefin vegna þess að enga atvinnu er að hafa. Það yrði sorgleg niðurstaða, en því miður möguleg ef ekki er gripið í taumana hið fyrsta.

Við bændur viljum bara lifa og starfa í sátt við menn, dýr og umhverfi. Við áttum okkur á því að sumir líta á starf okkar sem lífsstíl og er það í lagi, en við þurfum samt að hafa í okkur og á eins og aðrir í þjóðfélaginu. Ég trúi á þig kæri þingmaður … þú getur þetta.

***Högni Elfar Gylfason***
*sauðfjárbóndi í Skagafirði og áhugamaður um þjóðmálin.*

# Fæðuöryggi með aukinni kornrækt

**Nýútkomin skýrsla Landbúnaðarháskólans um fæðuöryggi, sem er umfangsmikil og fróðleg, kallar fram spurningar um stöðu kornræktar á Íslandi og framþróun hennar.**

Skýrslan sýnir að Íslendingar flytja mest allt korn til manneldis inn, þótt örugglega sé það magn sem talið er að greinin framleiði hér á landi vanáætlað í skýrslunni. Með vísan í gögn frá 2008 er framleiðslan áætluð 344 tonn en ég ætla að leyfa mér að áætla að framleitt magn kornræktar til manneldis á Íslandi sé nú á bilinu 450–500 tonn á ári. Þetta breytir auðvitað ekki heildarmyndinni mikið, en það gefur þó þá niðurstöðu að kornrækt til manneldis hafi u.þ.b. 4faldast á 10 árum en Matís telur hana nema 120 tonnum árið 2011. Dæmi nú hver fyrir sig um árangurinn. Lífræn framleiðsla hefur átt mjög góða stöðu í kornrækt til manneldis en skv. Matís hefur hlutfall hennar náð um 50% af manneldiskorni á Íslandi.

Skýrsluhöfundar koma þó vel auga á þær áskoranir sem blasa við í kornrækt á Íslandi; stutt sumur og frost síðsumars setja strik í reikninginn, auk ágangs gæsa og álfta sem margir kvarta yfir. Þetta gerir kornrækt að áhættubúgrein og þessa áhættu þarf að nálgast með einhverjum hætti. Uppskerubrestur er í okkar landshluta (Austurlandi) nokkuð taktfastur, 4ða til 5ta hvert ár koma köld sumar sem ógnað geta uppskeru þar sem skjað er niður í miðjar hlíðar og hitastig mælt í einni tölu svo vikum skiptir. Á Suðurlandi eru veðurhamfarir í öðru formi, þó e.t.v ekki á sama ári og þeirra gætir á norður- og austurhluta landsins. Vissulega má draga úr áhættunni með því að koma korninu snemma niður, auk þess sem skógrækt til að skapa skjól getur skipt sköpum í slíku árferði. Starfsskilyrði kornbænda eru ótrygg og korn úti á akri er ekki hægt að tryggja, það afþakka tryggingafélögin pent. Eftir að B-deild Bjargráðasjóðs var felld


Eygló Björk Ólafsdóttir.

niður nýlega (hún bætti uppskerutjón á korni og grænmeti) er kornrækt algerlega óvarin fyrir skakkaföllum og áhættan alfarið á höndum ræktandans.

Þessi staðreynd veltir upp spurningum um jafnræði milli atvinnugreina og jafnræði milli búgreina. Eðlilegt þykir að ríkið aðstoði bændur með bótum fyrir búfénað þegar náttúruöflin eru þeim óhagstæð; auk þess var 500 milljónar króna viðbótarframlagi veitt til Bjargráðasjóðs til að bæta tjón vegna kal- og girðingatjóns á árinu 2020. Ef bæta á tjón í landbúnaði vegna landfræðilegrar legu landsins og skakkafalla því tengdu þarf þá ekki að gæta jafnræðis ?

Umrædd skýrsla um fæðuöryggi kemur réttilega inn á á lágt hlutfall innlendrar manneldiskornræktar sem rúm 1% af heildarinnflutningi. Við þennan lestur þarf að hafa í huga að uppistaðan í neyslu á kornafurðum og þar af leiðandi innflutningi er mikið unnið hvítt hveiti sem allir vita að er ekki besti maturinn, einföld kolvetni sem fólk ætti að neyta í hófi, en hveiti er 65% af heildarinnflutningi skv tölunum. Ísland ræktar ekki hveiti með þessum eiginleikum í dag, til þess erum við of norðarlega. En Íslendingar geta ræktað heilkorn og neysla á því er enn töluvert undir manneldismarkmiðum og því er til mikils að vinna fyrir lýðheilsu að breyta þessari samsetningu og auka hlutdeild heilkorns í neyslumynstri þjóðarinnar. Bygg hefur síðan á 9nda áratug síðustu aldar verið í stöðugu framboði í verslunum á Íslandi, en einnig ættu heilhveiti, hafrar og jafnvel rúgur (þegar vel gengur) að geta orðið nokkuð stöðugar tegundir. Bjórgerð og annað brugg notar mikið korn og þar eru líka mikil tækifæri, sér í lagi ef kornræktendur finna réttu yrkin og ná tökum á möltun. Fleiri geta fetað þá braut sem manneldisræktendur hafa farið hér á landi, að rækta úrvals heilkorn sem stenst vel alþjóðlegan samanburð í gæðum og gott betur eins og skýrsla Matís frá 2011 á byggi og heilhveiti – (Matkorn) sýndi fram á. Aukin ræktun á korni til manneldis gæti þannig stuðlað að bættri lýðheilsu um leið.

***Eygló Björk Ólafsdóttir***
*er kornræktandi í Vallanesi og formaður Verndunar og ræktunar – VOR, félags framleiðenda í lífrænum búskap*

# Ættliðaskipti á bújörðum

**Undirritaður hefur lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu um að landbúnaðarráðherra verði falið að undirbúa og leggja fram frumvarp þess efnis að sérhverjum jarðeiganda verði heimilt að ráðstafa jörð sinni á milli ættliða. Heimilt verði að ráðstafa jörð til lögerfingja með hagkvæmum hætti og án þess að slík ráðstöfun myndi stofn til greiðslu erfðafjárskatts eða íþyngjandi skuldir viðtakanda jarðarinnar til annarra lögerfingja.**

***Ábúendum jarða gert auðveldara að ráðstafa jörð innan ættar***

Þingsályktunartillagan gengur út á það að jarðeigendum verði heimilt með einföldum hætti að ráðstafa jörð sinni milli ættliða. Markmið tillögunnar er að treysta búrekstur í landinu og að gera ábúendum jarða auðveldara að ráðstafa jörð innan ættar.

Til þess að tryggja nýliðun í landbúnaði er mikilvægt að ungir bændur eigi þess kost að eignast jörð eldri kynslóða án þess að stofna til þungrar skuldabyrði. Oft er það vilji þeirra sem eignast jörðina að henni verði ráðstafað innan fjölskyldunnar og jafnvel til tiltekins ættingja sem hyggst halda áfram búskap á henni. Það getur hins vegar verið verulegum vandkvæðum bundið að ráðstafa slíkum jörðum til yngri kynslóða án þess að slíkt stofni til íþyngjandi skulda fyrir viðkomandi. Verðmæti bújarða hefur í mörgum tilvikum aukist verulega vegna uppbyggingar á þeim undanfarin ár og því getur reynst erfitt fyrir næstu kynslóðir að kaupa þær af foreldrum eða meðerfingjum. Vegna þessa hafa margir þurft að búa við þunga skuldabyrði vegna kaupanna eða þurft að hverfa frá jörðunum og búskapur á þeim lagst niður.

***Mikilvægt að auðvelda nýliðun í landbúnaði og treysta búrekstur í landinu***

Sé það vilji jarðeiganda að ráðstafa jörðinni með gjafagerningi eða fyrirframgreiðslu upp í arf er slík ráðstöfun skattskyld samkvæmt lögum um tekjuskatt eða lögum um erfðafjárskatt. Ef jörðin er seld undir markaðsvirði til þess að tryggja áframhaldandi búrekstur hefur Skatturinn einnig litið svo á að um skattskylda gjöf sé að ræða. Þegar verðmæti jarðarinnar er töluvert getur það verið afar íþyngjandi fyrir viðtakanda að fjármagna kaup á jörðinni á markaðsvirði eða standa


Birgir Þórarinsson.

straum af þeim opinberu gjöldum sem leggjast á framangreinda gerninga. Þessar hindranir skapa óneitanlega hvata til þess að jarðir séu seldar hæstbjóðanda á almennum markaði.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um ættaróðal og erfðaábúð frá árinu 1943 segir að markmið laganna sé að draga úr þeirri skuldabyrði sem fylgir því að ungir bændur kaupi jarðir af foreldrum sínum eða meðerfingjum. Sú skuldabyrði olli því að kaupendur gátu oft litlu áorkað til umbóta á jörðum sínum. Eftir brottfall ákvæða um heimild til stofnunar nýrra ættaróðala úr jarðarlögum er staðan alls ekki ólík. Því er tilefni til þess að farið verði í heildræna endurskoðun á því hvernig haga megi ættliðaskiptum á bújörðum til framtíðar þannig að nýliðun verði sem allra mest og að ungir bændur geti tekið við búum af eldri kynslóðum án þess að þurfa að taka á sig óviðráðanlega skuldabyrði.

***Birgir Þórarinsson,***
*þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi*

SAMFÉLAGSRÝNI

# Mótvægisaðgerðir vegna framræslu votlendis aðrar en endurheimt með því að moka ofan í skurði

**Til að minnka kolefnisspor í framræstu landi virðist eins og helsta ráðið til þess sé að moka ofan í framræsluskurðina aftur, eins og fram hefur komið í fréttum nýverið og kallað endurheimt votlendis. Um þetta hefur af opinberri hálfu verið settur á laggirnar svonefndur Votlendissjóður, sem hefur valið að einkavæða verkið og ráðið til þess hóp fólks.**


Þórarinn Lárusson

Því ekki að láta sér detta í hug aðrar leiðir til mótvægis neikvæðu kolefnisspori framræslunnar með því að velja til ræktunar, einkum á slíku lítt nýttu eða ónýttu landi, gróður, sem er eftirsóttur og bindur mikið kolefni. Val á slíkri ræktun þarf fyrst og fremst að skila eftirsóttri og góðri markaðsvöru og sem mestri kolefnisbindingu. Auk þess mætti nefna möguleika á úrvinnslu uppskerunnar með tilliti til virðisauka og atvinnusköpunar.

Einkum dettur manni í hug nytjaplöntur eins og korntegundir (einkum bygg og hafrar), repja og hampur. Vafalítið mætti nefna eitthvað fleira, ekki síst skógrækt, bæði sem samfelldur skógur, þar sem skurðakerfi er orðið lítt nýtilegt og eða staðsett á erfiðu ræktunarlandi af einhverjum ástæðum eða hreinlega sem skjólbelti fyrir nytjagróður þann, sem fyrr er nefndur og víðar eftir atvikum. Látum þetta þó nægja að sinni, en reynum í staðinn að gera hverri gróðurtegund nokkur skil, þótt það verði engan veginn tæmandi í þessum pistli.

Korn til þroska og þá helst bygg, en hafrar sækja mjög á, auk þess, sem hveiti og rúgur koma til greina á skjólgóðum og gróðurvænlegum stöðum og í takt við hlýnun jarðar. Afnota- og markaðsgildi þessara tegunda hafa hingað til helst verið bundin við skepnufóður, en hafa þó í vaxandi mæli sótt sér markað til manneldis, bæði í lífrænni ræktun (dæmi, Móðir jörð í Vallanesi) og hefðbundinni (dæmi, Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum og Sandhóll í Meðallandi)

Repja, vetrareinær og/eða einær (nepja). Repjurækt er, meira og minna, komin til að vera í landinu. Úr henni er unnin repjuolía, sem notuð er bæði sem eldsneyti og til manneldis og úr hratinu eftir að olían hefur verið pressuð úr uppskerunni er afgangurinn kögglaður í afbragðs skepnufóður. Dæmi um jarðir, þar sem repjurækt er komin vel af stað, má nefna alla þá staði, sem nefndir voru hér að framan, en eru miklu fleiri.

Hampur er, af þeim gróðurtegundum, sem hér hafa verið nefndar og að þeim ólöstuðum, sú tegund sem langmest leynir á sér að verðmætum, markaðsgildi og að ég hygg, varðandi kolefnisbindingu einnig, en líka sú, sem styst er á veg komin hérlendis í ræktun og nýtingu. Stafar það ekki síst af því að fram til þessa hefur hún verið á bannlista í ræktun, þar sem hún hefur þótt varhugaverð vegna þess að sum yrkja hennar innihalda vímuefni (kannabis). Þar sem þessu banni hefur nýlega verið aflétt hér á landi og víða erlendis, er enginn vafi á að ræktun á þessum yrkjum, sem í kjölfarið nefnist iðnaðarhampur með hverfandi innihald vímuefna, hefur alla burði til þess að vaxa sem ein af okkar stærstu og merkustu nytjaplöntum í náinni framtíð, taki menn sig til á annað borð. – Hér verður ekki reynt að tíunda nánar notagildi plöntu þessarar, sem yrði mjög plássfrekt ef allt væri talið, en vísað til þeirra, sem má með sanni kalla brautryðjendur á þessu sviði hérlendis, en þau eru ábúendur í Gautavík í Berufirði og heita Oddný Anna Björnsdóttir og Pálmi Einarsson og veita forstöðu Rannsókna- og þróunarsetrinu Geisla í Gautavík (Hampur).

Skógrækt, eins og getið er um hér að framan og sem mikil reynsla er komin á, en vísað á Skógrækt ríkisins og skógræktarfélög til frekari upplýsinga.

Þær mótvægisaðgerðir, sem nefndar eru hér að framan í formi verðmætrar ræktunar og kolefnisbindingar í framræstu landi, eru engan veginn tæmandi, en gefa þó hugmynd um raunverulegan kost umfram ofanískurðmokstur, sem manni finnst líkast því, sem verið sé að sópa vandamálinu undir teppið.

Heyrst hefur að einkaverktakafyrirtæki það, sem hefur verið að undirbúa ofanímoksturinn á vegum svonefnds Votlendissjóðs, hafi loks eftir ein þrjú ár, náð að hylja skurði moldu, sem bleyti upp og eyðileggi ræktunarmöguleika á sem nemur 135 ha lands við mikinn fögnuð þeirra sem að stóðu.

Að hylja skurði mold er dæmi um mikið hugsana- og ráðaleysi framámanna á sviði landbúnaðar- og umhverfismála, fólks á Alþingi og fleiri, að láta sér detta í hug, þegar augljós önnur ráð blasa við, að eyða fjámagni og fyrirhöfn í að moka ofan í þá skurði og styrkja bændur til þess, sem á fyrri tíð voru grafnir með enn meiri kostnaði og erfiði og bændur þar að auki styrktir til þess, sjálfsagt í engu minna mæli en fyrir ofanímoksturinn nú.

Þetta er svo sannarlega eins og að vera að pissa í skóinn sinn eða dæmið fræga um þá vinnu, sem kennd var við geðveikrahæli, þar sem sjúklingarnir voru látnir moka sandi í hjólbörur og hvolfa úr þeim í binginn aftur til að endurtaka leikinn aftur og aftur, sem sagt hringavitleysa.

Er von að spurt sé hvort fólki finnist virkilega ásættanlegt að greiða eins konar aflátsfé til verndar hlýnunar jarðar, sem nýtt er annars vegar í áróðursstríð og hins vegar til að eyðileggja land?

Hér með er skorað á ráðamenn að hugsa þetta mál alveg upp á nýtt og stoppa þessar landskemmdir á stundinni og láta engan mann heyra af þessari vitleysu meir, en snúa sér af krafti í vitræna uppbyggingu í anda þess, sem fram kemur hér og í Aldamótaljóði Hannesar Hafstein:

*,,Sú kemur tíð, er sárin foldar gróa,*
*sveitirnar fyllast, akrar hylja móa,*
*brauð veitir sonum móðurmoldin frjóa,*
*menningin vex í lundi nýrra skóga.“*

Þó var í þá daga ekki nálægt því eins krefjandi og nú og í framtíðinni að efla matvælaframleiðslu í vaxandi þörf, en rýrnandi ræktunarlandi.

Nú eru nýliðin önnur aldamót, en enginn Hannes Hafstein né aðrir almennilegir aldamótamenn sjáanlegir, sem hugsa fram á veginn, heldur eitthvert lið ráðið af ríkinu til að þaufast við að moka yfir hugsjónir gullaldamannanna ... ,,Hvar er vor fornaldar frægð, frelsið og manndáðin bezt“, orti þjóðskáldið Jónas Hallgrímsson í kvæðinu ,,Ísland, farsælda frón“ fyrir um 200 árum og hvatti menn til dáða, já hver er vor frægð ...?

Þess skal að lokum getið að höfundur greinarinnar er formaður í stjórn Framfarafélags Fljótsdalshéraðs, og hafa aðrir í stjórn félagsins einróma lýst sig efnislega sammála greininni.

*Þórarinn Lárusson*

# Íslenskur landbúnaður

**Mikilvægasta markmið landbúnaðar á Íslandi er að framleiða hreinar og góðar vörur fyrir íslenska neytendur, byggðar á gæðum landsins við góðan aðbúnað manna og dýra. Fyrir margt löngu stunduðu flestallir landsmenn einhvers konar sjálfsþurftarbúskap en eftir því sem árin liðu, tæknin jókst og aðrar atvinnugreinar fóru að vaxa færðist þessi landbúnaðarframleiðsla hægt og rólega yfir á færri hendur.**


Stefán Vagn Stefánsson.

Mikil og hröð þróun í vísindum, tækni og þekkingu á líka sinn þátt í þessari þróun. Nú standa því hlutfallslega færri aðilar á bak við landbúnaðarframleiðsluna en áður var. Það sem hefur hins vegar ekki breyst er mikilvægi landbúnaðar, en það hefur í áranna rás ekki minnkað heldur þvert á móti aukist. Það er mikilvægt og nauðsynlegt að við stundum áfram öflugan og sterkan landbúnað í landinu þannig að þjóðin eigi kost á heilbrigðum og hreinum vörum sem við þekkjum upprunann á og stjórnum um leið viðskeðjunni allri. Þá er þess enn ógetið að atvinnugreinin er hryggjarstykkið í atvinnu og lífi fólks í dreifbýli á Íslandi.

Íslenskur landbúnaður stendur í dag frammi fyrir þeim vanda að verð á afurðum, sérstaklega kjöti, hefur farið lækkandi til bænda og um leið eru að safnast upp birgðir innlendrar framleiðslu sem ekki gengur að selja. Meginástæðan er fækkun ferðamanna og þar með minni neysla. Á sama tíma hefur innflutningur á landbúnaðarvörum aukist sem byggist fyrst og fremst á tollasamningi sem gerður var árið 2015 við Evrópusambandið um stórkostlega auknar heimildir til innflutnings á landbúnaðarafurðum til Íslands. En staðan er líka sú að margar þjóðir vilja gjarnan losna við umframmagn landbúnaðarvara vegna offramleiðslu og ástandsins sem nú ríkir í heiminum öllum vegna Covid-faraldursins. Það vegur lítið í rekstri landbúnaðar hjá þessum stóru framleiðsluþjóðum þótt þær flytji til Íslands nokkur hundruð tonn af umframkjöti á verði sem er langt undir því sem hægt er að framleiða fyrir hér á landi og jafnvel lægra en fengist í viðkomandi landi. Þessi innflutningur eins og hann er framkvæmdur í dag hefur hins vegar mikil og neikvæð áhrif á okkar innlendu framleiðslu.

Samkvæmt skýrslu utanríkisráðuneytisins frá því í desember 2020 um landbúnaðarsamning Íslands og Evrópusambandsins hallar verulega á íslenskan landbúnað gagnvart ESB í þessum viðskiptum. Of einfalt er að að flytja hingað landbúnaðarvörur í miklu magni án þess að gætt sé að stöðu innlendu framleiðslunnar og á það bæði við um tollverndina og uppruna vörunnar. Við þurfum því að herða kröfurnar og passa upp á landbúnaðarframleiðslu okkar með tollum og upprunakröfum, eins og aðrar þjóðir í kringum okkur eru að gera. Það er ekki sanngjarnt að gerðar séu minni kröfur til framleiðslu á innfluttum matvælum en gerðar eru til framleiðslu sambærilegra matvæla hér á landi, í t.d. aðbúnaði og eftirliti.

Með öðrum orðum, það er of einfalt og of létt að flytja ódýrar landbúnaðarvörur til landsins. Ég vil því að í þeirri endurskoðun sem núna er í gangi á samningum ESB og Íslands verði gengið mjög hart fram í að vernda og tryggja stöðu íslensks landbúnaðar gagnvart innflutningi. Við höfum dæmin frá t.d. Noregi, en þar er lögð mun sterkari og meiri áhersla á að vernda innlenda framleiðslu heldur en gert er hér á landi.

Undirritaður sækist eftir að leiða lista Framsóknarmanna í Norðurlandi vestra í komandi alþingiskosningum. Með rödd og atkvæðisrétti á Alþingi er unnt að hafa raunveruleg áhrif á þróun mála um hvernig og hvaða kröfur við setjum um íslenskan landbúnað og hvernig við tryggjum samkeppnisstöðu hans gagnvart innflutningi, en höldum honum um leið heilbrigðum og hagkvæmum. Ég bið því um stuðning til þeirra verka svo við getum í sameiningu tryggt byggð og innlenda framleiðslu á Íslandi.

*Stefán Vagn Stefánsson*


Lóa - nýsköpunarstyrkir



**Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra auglýsir Lóu – nýsköpunarstyrki fyrir landsbyggðina.**

Tilgangur styrkjanna er að styðja við nýsköpun, eflingu atvinnulífs og verðmætasköpun sem byggir á hugviti, þekkingu og nýrri færni, á forsendum svæðanna sjálfra.

Heildarfjárhæð styrkja er 100 milljónir króna, en hámarksstyrkur til hvers verkefnis er 20 milljónir króna. Úthlutað er til árs í senn.

**Umsóknarfrestur er til 9. mars nk.**

Allar nánari upplýsingar á **www.anr.is**

Lely Center Ísland

HAUGHRÆRUR





**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Ísáning í tún eftir kal með sérhæfðum ísáningarvélum

**Vorið 2020 var víða mikið kal í túnum á Norðaustur- og Austurlandi. Við svona aðstæðum þarf að bregðast til að reyna að ná uppskeru sem til þarf fyrir bústofninn. Við endurræktun eftir mikið kal á eldri túnum þarf yfirleitt að plægja þau upp, en á yngri túnum 1-3 ára nýrækt/endurrækt er mögulegt að beita svokallaðri léttvinnslu, þ.e. grunn yfirborðsvinnsla með pinnatætara eða með ísáningu með sérhæfðum ísáningarvélum. Ef þær tvær síðast nefndu aðferðir eiga að bera árangur þarf að skoða vel hvort varpasveifgras (vetrar einært sveifgras) sé byrjað að spíra í kalskellunum því ef svo er þá nær það yfirleitt yfirhöndinni og kæfir sáðgresið sem er að spíra fram.**

Í þessari grein verður sagt frá góðum árangri af ísáningu með sérhæfðri Vredo ísáningarvél í mikið kalið tún á Möðruvöllum í Hörgárdal, þ.e. tilraunastöð Landbúnaðarháskóla Íslands, vorið 2020, þar sem undirritaður er búsettur.



Mynd 1: Drónamynd RÚV, tekin 14. maí 2020, sem sýnir kal í mýrartúnum á Möðruvöllum 1, Hörgárdal, horft til norðvesturs.



Mynd 2: Drónamynd Sigurgeirs Hreinssonar, tekin 11. júní 2020 sem sýnir kal í Efstuakramýri, Möðruvöllum 1, Hörgárdal, horft til suðausturs.

*Kal var hér í Hörgársveitinni*

Mikið kal var hér í Hörgársveitinni og leituðu bændur til mín varðandi viðbrögð við því, m.a. sá bóndi sem er með túnin á Möðruvöllum 1 á leigu, en gríðarlega mikið kal var í nýlega endurræktuðum túnum á Möðruvöllum bæði í mýrar- og móa-/melatúnum, sjá myndir 1 og 2.

Ráðlagði ég honum að plægja upp eldri endurræktuðu túnin og í þau var sáð grasi og skjólsáð með höfrum, en í yngri túnin þ.e. eins og þriggja ára endurrækt ráðlagði ég að prófa ísáningu með Vredo ísáningarvél sem flutt var inn af Kristni Ásmundssyni bónda á Höfða 2 í Grýtubakkahreppi 2017 og var hann þá í sambandi við mig um það. Þessi vél hefur eitthvað verið notuð við ísáningu í kalin tún, en ég hef því miður ekki haft tækifæri til að fylgjast með árangri af því, en annars hefur hann notað hana talsvert við að sá grasfræi í gróin tún til að viðhalda sáðgresi í þeim.

Hjá búnaðarfélaginu Tröllа hér í Hörgársveitinni er til gömul ísáningarvél sem flutt var inn af Rannsóknastofnun landbúnaðarins á sínum tíma til rannsókna, en var nánast ekkert notuð til margra ára þar til árið 2011 að við Ingvar Björnsson þá ráðgjafar hjá Ráðgjafaþjónustu á Norðausturlandi standsettum hana og prófuðum ísáningu í mikið kalin tún í Skíðadal í Dalvíkurbyggð. Eftir þetta eða frá 2013 hefur þessi vél verið mikið notuð hér og oft með góðum árangri þegar hún hefur verið notuð við réttar aðstæður eins og nefnt er hér að framan. Sú vél er driftengd með tætarahjól sem tætir grunnar rásir fyrir framan hjólhníf með áföstu sáðröri, sem fellir fræið niður. (Á heimasíðu RML má sjá myndir af þessari vél ásamt samantekt eftir Ingvar sem hann tók saman eftir athuganir okkar á árangri af ísáningu með henni, eftir mikið kal í Skíðadal í Dalvíkurbyggð 2011, eins og áður sagði).


Mynd 3: Sýnir hvernig diskarnir opna svörðinn til niðurfellingar á fræinu.

Þessi Vredo ísáningarvél er öðruvísi uppbyggð, hún er dragtengd með diska sinn hvoru megin við sáðrörin sem koma í spíss að framanverðu og opna svörðinn þegar vélin er dregin eftir landinu og fræið fellur niður í rásina milli þeirra. Dýptinni er stjórnað af meiðum sitt hvoru megin við diskana, því hægt er að láta þá ná mislangt niður með því að hækka eða lækka meiðana, sjá myndir nr. 3 og 4. Hver þessara eininga er með sjálfstæða fjöðrun á stífum gormum og fylgja þær vel landinu við ökuhraða um 5 km pr .klst. Þessar vélar er hægt að fá með mismunandi tromlum eða völtum og þessi tiltekna vél er með tromlu með tenntum gjörðum sem loka rásunum um leið og sáð er sjá mynd nr. 5 af Vredo ísáningarvél. Þannig er hægt að vinna verkið í einni yfirferð um landið. Kostur við þessa sáðvél er að það eru aðeins 8 sm á milli sáðrása, en þetta bil er á mörgum vélum með sáðrörum 12 sm, t.d. eins og er á gömlu ísáningarvélinni sem lýst var hér að framan. Þetta 12 sm bil er helst til of mikið fyrir gras eins og vallarfoxgras sem vex í toppum eða þúfum og getur því lítið breitt úr sér til að fylla í eyður milli raða ef það er ræktað í hreinrækt, sem veldur því að illgresi eins og t.d. varpasveifgras nær að spíra fram.

Þar sem Kristinn í Höfða 2 var í sambandi við undirritaðan við innflutning á þessari Vredo vél, langaði mig til að prófa hana miðað við þær aðstæður sem höfðu skapast á Möðruvöllum og varð fyrir valinu 1 árs endurrækt á svokallaðri Efstuakramýri 6,8 ha að stærð. Þetta tún er ekki gamalt, en var tekið til endurræktar 2017 og það ár og 2018 var ræktað korn þ.e. bygg til þroska og síðan lokað með grasfræi 2019.


Mynd nr. 6, tekin 17. júní sem sýnir góðan árangur ísáningar þar sem sáðgresið er komið vel af stað.

Þó landið væri aðeins opið í tvö ár þá þurfti að úða það með illgresiseyði vegna arfamyndunar og síðan var slegin þrifasláttur seint í ágúst.

Eftir það eða í september var sauðfé hleypt inná túnið sem þá var orðið svolítið loðið og hreinsuðu kindurnar vel upp endurvöxtinn og fór túnið því nokkuð snöggbeitt undir veturinn sem gæti hafa valdið því hvað kalskemmdirnar urðu miklar. Þar sem undirritaður hafði ekki prófað að nota þessa ísáningarvél áður, þá sá ég sjálfur um ísáninguna og virkaði vélin mjög vel við þessar aðstæður þ.e. að meiðarnir fylgdu landinu algjörlega og sáðdýptin því mjög jöfn eða um 1 sm, sem er hæfileg dýpt fyrir grasfræ af þessari stærð, en notuð var grasfræblanda 2 frá Bústólpa um 25 kg á hektara, en í henni er vallarfoxgras, Snorri 40%, Engmo 35% og vallarsveifgras Balin 25%. Hef ég ráðlagt bændum hér um slóðir að nota þessa blöndu þar sem kalhætta er mikil, því Snorri og Engmo eru með einna mest vetrarþol af þeim yrkjum af vallarfoxgrasi sem er á markaði hér og vallarsveifgrasið er haft með til að vaxa inní eyður ef kemur rof í grassvörðinn t.d. vegna kals. Til viðbótar voru sett 8 kg af sumarrýgresi Barspecrta á hektara til að reyna mögulega að auka uppskeruna í 1. slætti. Ísáningin var framkvæmd 14. maí eða um leið og túnið var orðið nógu þurrt til að þola umferð, en þessar mýrar eru nokkuð rakaheldar og þorna seinna en móatúnin á Möðruvöllum. Þessi sáðvél er með sáðbreidd sem er aðeins 2,5 m og með akstursхraða um 5 km á klst. tekur um 1,2-1,3 tíma að sá í hvern hektara og með vél með svona búnaði þarf að lyfta á öllum hornum þegar snúið er. Þó afköstin séu ekki mikil þá eru kostirnir við ísáningu margvíslegir eins t.d. að það sáðgresi sem lifir af kalið getur gefið uppskeru við 1. slátt og hægt er að þurrka og raka saman uppskerunni án þess að eiga á hættu að fá moldarmengun í hana eins og getur gerst ef landið er plægt upp og hefðbundin jarðvinnsla á sér stað. Einnig má nefna að við hefbundna jarðvinnslu vill brenna við að yfirborð landsins þorni það mikið að fræið nær ekki að spíra nema að það rigni eftir sáninguna ekki síst þar sem verktakar nota nú orðið mikið svokallaðar loftsáðvélar sem dreifa fræinu ofan á yfirborðið en fella það ekki niður eins og þyrfti að vera, eins og gerist við ísáninguna (sbr. m.a. viðtöl í fjölmiðlum við bændur í Suður-Þingeyjarsýslu sl. sumar). Kostnaður við endurræktina ætti að vera minni og kolefnissporið líka eins og svo vinsælt er að tala um núna.

Árangur af ísáningunni með þessari vél við þær aðstæður sem lýst hefur verið var vægast sagt mjög góður, sjá mynd nr. 6. Fyrsti sláttur var sleginn 30. júní og hann miðaður við það, að vallarfoxgrasið sem lifði af kalið væri að mestu skriðið til að minnka sem mest samkeppni þess við nýsáninguna, því sláttutími á vallarfoxgrasi við þetta þroskastig


Mynd 4: Meiðar hvort sínum megin diskanna.


Mynd nr. 5 af Vredo ísáningarvélinni.



Mynd nr. 7, tekin 9. júlí, þar sem ljósu blettirnir eru dauðir stubbar vallarfoxgrassins sem skriðið var við 1. slátt 30. júní.

stöðvar vöxt þess í 2-3 vikur þar sem nýir hliðarsprotar sem mynda endurvöxtinn eru lítt þroskaðir á þessu stigi, sjá mynd nr. 7, frá 9. júlí þar sem ljósu svæðin á myndinni sýna stubbinn (dauðir stönglar) af vallarfoxgrasinu 9 dögum eftir 1. sl. og nýir sprotar ekki komnir fram. Uppskeran í 1. sl. var aðeins 18 rúllur eða um 2,65 rúllur af hektara af stærðinni 1,5 m3 og var skráð sem 797 kg þe/ha enda var kalið á spildunni metið um 70-80%. Á þessu stigi var að sjálfsögðu lítil uppskera af nýsáningunni nema þá helst af sumarrýgresinu. Sláttunándin var að lágmarki 5-6 sm frá jörðu.

Annar sláttur sem slegin var 10. ágúst var uppskeran alls 64 rúllur sem gerir um 9,4 rúllur af hektara og var skráð sem 2407 kg þe/ha.

Á mynd nr. 9 frá 13. ágúst sem tekin er 3 dögum eftir 2. sl. sýnir stubb nýsáningar þar sem þekja hans er við að loka sverðinum.

Þriðji sláttur var slegin 14. september og skráð uppskera 11 rúllur, en þá hafði stór álftahópur og gæsaflokkar verið á beit á þessu túni meira og minna frá því um 20. ágúst og má áætla að þeir hafi hirt um helming uppskerunnar sem annars hefði orðið um 22 rúllur og þá um 3,2 rúllur af hektara sem gerir um 830 kg þe/ha.

Eins og ég nefndi hér að framan ráðlagði ég bóndanum líka að prófa ísáningu með þessari vél í 3 ára endurrækt á móa-/melatúni 7,25 ha að stærð, sem var um 50-60% kalið og nota þá fjölært rýgresi (vallarrýgresi) sem gæti ef vel tækist til gefið meiri uppskeru á 1. ári en ísáning af vallarfoxgrasi. Þetta tún var einnig slegið þrisvar eins og mýrartúnið og gaf alls 79 rúllur eða um 11 rúllur af hektara og hefði getað gefið meiri uppskeru með meiri áburðargjöf, en þarna er landið frekar magurt. Í 1. slætti sem sleginn var 16. júní komu aðeins tæpar 2 rúllur af hektara, en í 2. og 3. slætti var uppskeran jafn mikil sem slegnir voru 18. júlí og 7. september. Túnið leit mjög vel út síðastliðið haust en erfitt að meta nákvæmlega þekju vallarrýgresisins og verður fróðlegt að fylgjast með uppskeru af því í sumar og næstu 2 til 3 ár, en vallarrýgresi getur enst í nokkur ár ef vetrarálag er ekki of mikið.

Ég ráðlagði öðrum bónda hér í Hörgársveitinni og einnig í Fnjóskadal að prófa þessa ísáningarvél í stað vélarinnar hjá Búnaðarfélaginu Trölla, við sambærilegar aðstæður og voru á Möðruvöllum þ.e. í 1 árs endurræktuð tún, þar sem varpasveifgras eða arfi var ekki byrjað að spíra þegar sáning gat farið fram og var árangurinn einnig góður þar. Það má segja að ísáning með þessari gerð af ísáningarvél við þær aðstæður sem líst hefur verið hér að framan hafi virkað mjög vel og ráðgjöfin skilað góðum árangri með því betra sem ég hef orðið vitni að á rúmlega 40 ára vinnu við ráðgjöf í jarðrækt. Finnst ástæða til að þessar athuganir og upplýsingar komi fyrir augu bænda hér í Bændablaðinu vegna hugsanlegra viðbragða sem grípa þarf til þegar áföll verða á ræktun eins og vegna kals. (Greinin verður trúlega birt í Jarðræktarsk. LbhÍ og á heimasíðunni, bugardur.is).



Mynd nr. 8, tekin 24. júlí, sem sýnir vöxt nýsáningar samanborið við endurvöxt á vallarfoxgrasinu.


Mynd nr. 9, tekin 13. ágúst, 3 dögum eftir 2. sl. sem sýnir stubb nýsáningar sem er við að þekja svörðinn. Góð stubblengd þar sem gert er ráð fyrir 3. sl.

*Guðmundur H. Gunnarsson*
*sjálfstætt starfandi ráðgjafi*
*í jarðrækt*
*netf: ghg(hjá)bugardur.is*
*gsm: 8663295*

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS
Hrossabændur óska eftir hryssum
Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Greiðum 35.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma 581-4138.

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

EYJALIND Startarar og Alternatorar
- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Bátar



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Lely Center Ísland
GRAFAGRINDUR GOTT ÚRVAL



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið
Kemur næst út
11. mars

Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Sérfræðingar sem starfa við skólann sjá um mörg námskeiðanna en leitað er til fagfólks í hverri grein eftir því sem þörf er á. Myndir / Guðríður Helgadóttir.

# Garðyrkjufræðsla fyrir almenning hjá Endurmenntun LbhÍ

**Á Garðyrkjuskólanum á Reykjum afla nemendur sérmenntunar í garðyrkjufræðum og útskrifast þaðan sem garðyrkjufræðingar af einni eða fleiri þeirra sex námsbrauta sem þar eru kenndar.**

Áhugasamir garðeigendur, áhugafólk um trjárækt, náttúrunytjar og umhverfismál almennt, hafa að auki um áratuga skeið getað aflað sér aukinnar þekkingar á námskeiðum sem Garðyrkjuskólinn hefur haldið. Undanfarin 15 ár eða svo hefur námskeiðshaldið verið starfrækt undir hatti Endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands, sem sinnir fjölbreyttri símenntun. Heildarfjöldi gesta á námskeiðunum hefur verið á annað þúsund síðastliðin ár.

*Fjölbreytt fræðsla fyrir almenning*

Sérstök námskeið eru ætluð starfandi bændum í hefðbundnum búgreinum en önnur höfða til almennings. Almenningsfræðslan tekur mið af þörfum þeirra sem vilja bæta við þekkingu sína á ýmsum sviðum garðyrkju, náttúrunytja, úrvinnslu heimaræktaðra matvæla og í umhverfismálum almennt. Námskeiðin eru haldin á Reykjum, á öðrum starfsstöðvum Landbúnaðarháskólans og víðar um land eftir atvikum. Þau eru mislöng, allt frá nokkurra klukkustunda fræðslu til dagslangra námskeiða og lengri námskeiðsraða. Um að ræða fyrirlestra í bland við verklegar æfingar.

*Úrval námskeiða*

Dæmi um námskeið ætluð almenningi eru grunnnámskeið í blómaskreytingum, aðventuskreytingar, torf- og grjóthleðsla, náttúruvernd, ræktun og umhirða pottaplantna, ræktun og umhirða fjölærra garðblóma, berjaræktun, safnhaugagerð, matjurtaræktun í heimilisgróðurhúsum, trjárækt og umhirða skógarreita, notkun keðjusaga, tálgun og húsgagnagerð úr skógarefni, jurtalitun, ullar- og tóvinna, sveppir og sveppatínsla, kræklingatínsla og trjá- og runnaklippingar. Vert er að vekja athygli á að mörg stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til sí- og endurmenntunar af þessu tagi.

*Fræðsla fyrir fagfólk*

Sérhæfðari námskeið eru einnig í boði sem höfða meira til fagfólks, svo sem áburðargjöf í garðyrkju, trjáfellingar, meðferð plöntuvarnarefna, gerð grænna veggja, grunnnámskeið í efnafræði, endurheimt staðargróðurs, innviðir ferðamannastaða og námskeið fyrir umsjónarfólk skólagarða, borgarvistfræði og öryggi leiksvæða svo nokkur dæmi séu nefnd.

*Kennarar með sérþekkingu*

Sérfræðingar sem starfa við skólann sjá um mörg námskeiðanna en leitað er til fagfólks í hverri grein eftir því sem þörf er á. Þeir sem sækja þessa fræðslu geta því gert ráð fyrir að fá bestu fáanlegu upplýsingar á námskeiðunum. Endurmenntunardeildin hefur einnig fengið hingað erlenda sérfræðinga og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi. Að auki er unnið náið með aðilum úr atvinnulífinu, td. Félag iðn- og tæknigreina, Iðuna fræðslusetur, jurtalitunarstofuna Hespuna og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.

*Langar þig að fræðast?*

Einfalt er að sækja um þátttöku í fræðslu á vegum Endurmenntunar LbhÍ. Á heimasíðunni endurmenntun.lbhi.is er gott yfirlit yfir þau námskeið sem í boði eru hverju sinni. Þar er hægt að sjá í stuttu máli efni námskeiðanna, hvenær þau eru haldin, lengd þeirra, kennara og fleira sem lýtur að skráningu á námskeiðin.

Umsjónarfólk endurmenntunarnámskeiðanna eru Björgvin Örn Eggertsson, Guðrún Lárusdóttir, Hinrik Þór Sigurðsson og Áshildur Bragadóttir.

*Ingólfur Guðnason*



Mörg stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til sí- og endurmenntunar af þessu tagi.

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins




# Úrvalsnýting nautanna sem voru fædd 2015

Guðmundur Jóhannesson
ráðunautur
í nautgriparækt
mundi@rml.is



**Oft hafa niðurstöður afkvæmarannsókna á nautum verið dregnar saman með því að sýna úrvalsnýtingu innan hvers árgangs á myndrænan hátt. Með þessu má gera sér nokkra grein fyrir hvaða áhrif ætla má að komi fram í kúastofninum með notkun þeirra nauta sem valin eru til framhaldsnotkunar.**

Í byrjun er rétt að rifja upp hvað er verið að mæla. Úrvalsnýting fyrir ákveðinn eiginleika sýnir yfirburði þeirra nauta, sem valin eru til framhaldsnotkunar, í samanburði við það sem mögulega hefði mátt ná fram ef aðeins hefði verið valið fyrir þeim eiginleika og engum öðrum. Þegar valið er fyrir mörgum eiginleikum á sama tíma er illmögulegt að ná fram jákvæðu vali fyrir þeim öllum á sama tíma. Ástæða þess er ekki hvað síst að margir þeirra eiginleika sem valið er fyrir eru neikvætt tengdir innbyrðis og því verður sú útkoma ákaflega ólíkleg.

Hér verður litið á úrvalsnýtingu nauta sem fædd voru 2015 en afkvæmadómi þeirra er nýlokið. Þessi árgangur var tiltölulega stór á okkar mælikvarða en hann taldi 33 naut. Til áframhaldandi notkunar komu þrettán naut, bæði mislengi og mismikið. Segja má að valið hafi verið nokkuð strangt og kröfurnar miklar til þeirra nauta sem komast til notkunar sem reynd naut.

Ef við horfum á þá mynd sem kemur fram með nautin frá 2015 er hún mjög hagstæð, það er úrvalsnýtingin er jákvæð fyrir öllum eiginleikum. Vissulega er hún mismunandi eftir eiginleikum og mjög nærri 0 fyrir nokkra eiginleika, efnahlutföll, próteinúthald, frjósemi og skrokk, sem þýðir að þessi naut munu lítil sem engin áhrif hafa á þann eiginleika, hvorki til hækkunar eða lækkunar. Eðlilega kemur hæst úrvalsnýting fram í heildareinkunn enda sú einkunn sem ræður hvað mestu um val nautanna. Eina frávikið frá 100% úrvalsnýtingu gagnvart heildareinkunn er Knörr 15038 sem því miður gaf það slakar mjaltir að þrátt fyrir háa heildareinkunn kom ekki til álita til framhaldsnotkunar. Annað sem óneitanlega vekur athygli er hve há úrvalsnýting þessa árgangs er fyrir eiginleika eins og júgur, spena, mjaltir, skap og endingu. Þess er því að vænta að áhrif 2015 árgangsins verði þau að bæta mjög þessa eiginleika í kúastofninum.

Ef við berum úrvalsnýtingu þessa árgangs saman við úrvalsnýtingu nautanna frá 2012, 2013 og 2014 er hún lakari hvað afurðaeiginleikana varðar. Hvað júgur, spena, mjaltir, skap og endingu varðar þá er hún betri en hjá 2013 og 2014 árgöngunum og áþekk 2012 árgangnum. Rétt er að hafa í huga að úrvalið var sterkara í þeim árgögnum þar sem valin voru 7-8 naut af 25-28 nautum til framhaldsnotkunar.

Þessi niðurstaða ásamt niðurstöðunni fyrir síðustu árganga sýnir að verulegra framfara er að vænta hvað snertir júgur- og spenagerð á komandi árum auk þess sem við getum vænst framfara í mjöltum og skapi. Framgangur afurðaeiginleikanna verður eitthvað hægari en það besta er að úrvalsnýting 2015 árgangsins er jákvæð hvað alla eiginleika snertir.

Niðurstaðan segir okkur fyrst og fremst að þessi nautaárgangur er góður til úrvals því þar komu fram margir einstaklingar sem ná að sameina mikla kosti í mörgum eiginleikum sem færa munu íslenska kúastofninn feti framar.

# Öflug naut komin til notkunar

**Nýtt kynbótamat var keyrt núna í janúar að loknu ársuppgjöri og því er ágætt að líta á hvað er í boði, vega og meta nautin og skoða kosti þeirra og galla.**

Fagráð í nautgriparækt ákvað að gera töluverðar breytingar á reyndum nautum í dreifingu. Eldri kappar á þeim hópi hverfa úr notkun enda búnir að vera lengi í dreifingu og inn koma nýjar og upprennandi stjörnur. Þannig hverfa Bakkus 12001, Pipar 12007, Loki 12071, Dúett 12097 og Steri 13057 úr notkun eftir langan notkunartíma. Það þýðir ekki að þessi naut hafi á nokkurn unnið sér neitt til saka, þvert á móti standa þau öll við fyrra mat en teljast fullnotuð. Aðrir sem fara úr dreifingu eru Golíat 15018 sem þvert á væntingar lækkaði umtalsvert í mati, Jólnir 15022, Svampur 15027 og Flóði 15047, en þeir falla í skugga hálfbræðra sinna. Ákveðið var að setja sjö ný reynd naut í notkun úr 2015 og 2016 árgöngunum.

Í heildina standa þau naut sem voru í dreifingu mjög vel við fyrra mat og tiltölulega litlar breytingar milli keyrslna. Við skulum líta aðeins nánar á þau naut sem áfram verða í dreifingu.

Hæll 14008, f. Kambur 06022, mf. Hræsingur 98046. Hæll stendur við fyrra mat, er tiltölulega lítið skyldur flestum hinna mest notuðu nauta síðustu ára sem ýtir undir not á honum. Hæll er efnahlutfallanaut sem gefur úrvalsgóða júgurgerð. Rétt er að hafa bak við eyrað að spenar dætra hans eru fremur grannir. Hæll lækkaði um eitt en stendur nú með 109 í heildareinkunn og verður áfram í hópi nautsfeðra.

Hnykkur 14029, f. Lögur 07047, mf. Stígur 97010. Hnykkur er efnahlutfallanaut auk þess sem dætur hans hafa til að bera ákaflega vel borin júgur með mikla festu. Hann gefur nokkuð granna spena. Fyrir marga hljómar einnig spennandi að allnokkur hluti afkvæma hans skartar gráum lit enda var hann sjálfur kolgráskjöldóttur. Hnykkur er nú með 105 í heildareinkunn en hann stóð í stað milli keyrslna.

Kláus 14031, f. Hjarði 06029, mf. Laski 00010. Kláus gefur sérlega mjólkurlagnar kýr með góð efnahlutföll í mjólk. Þær eru einnig ákaflega skapgóðar en aðrir þættir liggja nærri meðaltali. Kláus hverfur úr hópi nautsfeðra en áfram verða keyptir kálfar undan honum að einhverju marki. Hann hækkaði um eitt stig og er með 109 í heildareinkunn.

Stáli 14050, f. Lögur 07047, mf. Reykur 06040. Styrkleikar Stála felast í góðri mjólkurlagni dætra, prýðilegri júgur- og spenagerð auk þess sem mjaltir og skap eru ofan meðallag. Stáli lækkaði um eitt stig frá síðustu keyrslu og stendur nú með 105 í heildareinkunn.

Bjarki 15011, f. Laufás 08003, mf. Ás 02048. Bjarki hefur fengið góða notkun eftir að hann kom til dreifingar sem reynt naut. Hans styrkleikar liggja mjólkurlagni, góðri júgurgerð og úrvalsgóðum mjöltum og skapi. Hafa verður í huga að spenar eru nokkuð grannir. Bjarki lækkaði um tvö stig og er nú með heildareinkunn upp á 106.

Risi 15014, f. Laufás 08003, mf. Hjarði 06029. Risi verður áfram í hópi nautsfeðra en hann er með jákvætt mat fyrir flesta þætti en hvað öflugastur hvað afurðagetu snertir, einkum mjólkurmagn og fituhlutfall. Þá er júgurgerð dætranna góð, spenar fremur stuttir, mjaltir góðar og skapið framúrskarandi. Dætur Risa eru stórar kýr, nokkuð sem gott er að hafa í huga við notkun hans. Risi lækkaði um eitt stig og er heildareinkunn hans nú 108.

Köngull 05019, f. Toppur 07046, mf. Bambi 08049. Köngull er öflugt efnahlutfallanaut og júgurgerð dætra með afbrigðum góð og spenar vel gerðir en stuttir. Köngull stendur í stað og er með 108 í heildareinkunn.

Áböti 15029, f. Bambi 08049, mf. Þollur 99008. Styrkur Ábóta liggur í stórgóðri júgurgerð og mikilli júgurhreysti. Spenar eru mjög grannir. Undan Ábóta geta komið skapgallaðir gripir án þess að hægt sé að flokka það sem vandamál. Heildareinkunn Ábóta er 110 sem fyrr.

*Ný reynd naut í notkun*

Að þessu sinni var ákveðið að taka sjö ný naut til notkunar sem reynd naut og við val þeirra var horft til þess að dreifa faðerni þeirra eins og hægt er. Fagráð ákvað að teygja sig eins langt og hægt er út frá fjölda dætra á bak við afkvæmadóminn vitandi það að hann getur tekið breytingum. Þau naut sem valin

voru á þeim grunni eru þó það há í mati að þetta þótti réttlætanlegt. Til notkunar koma þrír Bambasynir, tveir Sandssynir, einn Flekkssonur og einn Boltasonur. Hér verður farið yfir þau og helstu einkenni dætrahópa þeirra.

**Steinar 15042** er frá Steinum í Stafholtstungum undan Bamba 08049 og Eik 242 Gæjadóttur 09047. Hann kemur inn sem nautsfaðir en dætur hans flagga stórgóðri júgurgerð, mjög góðum mjöltum og skapi. Aðrir eiginleikar liggja nær meðaltalinu en flestir vel yfir. Steinar er með 110 í heildareinkunn.

**Mikki 15043** er frá Hóli í Svarfaðardal undan Sandi 07014 og Urði 343 Bambadóttur 08049. Mikki er efnahlutfallanaut auk þess sem dætur hans státa af úrvalsgóðri júgurgerð og góðum mjöltum og skapi. Hafa þarf í huga að hann gefur granna spena. Mikki verður nautsfaðir og með 111 í heildareinkunn.

**Sjúss 15048** er frá Daufá í Skagafirði undan Flekk 08029 og Rósalind 441 Glæðisdóttur 02001. Sjúss er efnahlutfallanaut sem gefur júgurhraustar kýr með góða júgurgerð og stutta spena. Hann er auk þess fjarskyldari afkomendum Laska en mörg önnur hinna reyndu nauta sem eru í notkun. Sjúss er með 107 í heildareinkunn.

**Tanni 15065** er frá Tannstaðabakka í Hrútafirði undan Sandi 07014 og Silfru 553 Koladóttur 06003. Tanni kemur til notkunar sem nautsfaðir en hann gefur ákaflega júgurhraustar kýr með úrvalsgóða júgurgerð en spenar eru langir og grannir. Tanni er með 109 í heildareinkunn.

**Knöttur 16006** er frá Búvöllum í Aðaldal undan Bolta 09021 og Lænu 659 Bambadóttur 08049. Knöttur er eitt hinna fjölmörgu efnahlutfallanauta sem nú standa til boða auk þess sem dætur hans eru júgurhraustar með úrvalsgóða júgurgerð og gott skap. Knöttur verður notaður sem nautsfaðir og er með 111 í heildareinkunn.

**Bikar 16008** er frá Stóru-Hildisey 2 í Landeyjum undan Bamba 08049 og Bollu 831 Vindilsdóttur 05028. Bikar er sterkastur hvað snertir hina úrtökugóðu júgurgerð og sérlega góðar mjaltir og skap. Heildareinkunn hans stendur í 113 en hafa verður í huga að sú einkunn getur tekið breytingum við næstu kynbótamatskeyrslu vegna algjörs lágmarksfjölda dætra.

**Jarfi 16016** er frá Helgavatni í Þverárhlíð undan Bamba 08049 og Völku 743 Stílsdóttur 04041. Styrkleikar Jarfa liggja í mikilli júgurhreysti, frábærri júgurgerð, góðum mjöltum og geysigóðu skapi auk þess sem dætur hans skora hátt í gæðaröð. Rétt er að hafa bak við eyrað að spenar eru grannir. Heildareinkunn er 112 en vegna lágmarksfjölda dætra gæti sú einkunn breyst nokkuð næst þegar kynbótamat verður keyrt.

*Nautsfeður*

Að undanförnu hefur Nautastöðin einkum verið að kaupa kálfa undan Pipar 12007, Jörfa 13011, Hálfmána 13022, Ými 13051, Hæl 14008 og Kláusi 14031.

Á næstu misserum verður sjónum einkum beint að kálfum undan Pipar 12007, Hæl 14008, Kláusi 14031, Risa 15014. Þeim tilmælum er beint til manna að láta sæða kýr á nautsmæðraskrá og efnilegar kvígur með einhverju eftirtalinna nauta; Hæl 14008, Risa 15014, Steinari 15042, Mikka 15043, Tanna 15065 eða Knetti 16006.

*Nautsmæður*

Á nautsmæðraskrá í Huppu (með rautt flagg) eru kýr með a.m.k. 106 í heildareinkunn, 90 fyrir fituhlutfall og 100 fyrir mjaltir. Þegar tilkynnt er um nautkálf undan væntanlegri nautsmóður eru aðrir þættir vegnir og metnir svo sem afurðir og frjósemi.


Steinar 15042.


Mikki 15043.


Sjúss 15048.


Tanni 15065.


Knöttur 16006.


Bikar 16008.


Jarfi 16016.

Á skrá yfir efnilegar kvígur (með grænt flagg) eru kvígur sem eru með a.m.k. 108 í heildareinkunn, 90 fyrir fituhlutfall og 100 fyrir mjaltir. Þegar tilkynnt erum nautkálf undan kvígu eru aðrir þættir skoðaðir og beðið fyrstu mælingar, kýrsýnis og ákveðinnar reynslu áður en ákvörðun um framhaldið er tekin.

*Mjaltaathugun*

Að öllu jöfnu er keyrð mjaltaathugun tvisvar sinnum á ári. Þessi upplýsingaöflun gefur mikilsverðar upplýsingar um dætur nautanna og er mikilvægur þáttur í afkvæmadómi þeirra. Skil á mjaltaathugunum hefur tæpast verið nógu góð og seinkar hvað mest afkvæmadómi nautanna. Ég vil því biðja menn að huga að skilum sem allra fyrst sé þeim ekki þegar lokið.

*Nautakosturinn og pörunaráætlanir*

Eins og sjá má á yfirlitinu hér á undan er sá nautakostur sem í boði er fjölbreyttur og mörg nautanna hafa mikla kosti til að bera. Eins og gengur eru þeir misjafnir og því þarf að huga að pörun þeirra við einstakar kýr af kostgæfni. RML býður upp á gerð pörunaráætlana og fyrir þá sem hafa áhuga á því er um að gera að notfæra sér þá þekkingu sem ráðunautar RML hafa á einstökum nautum, kostum þeirra og göllum.

Hópur reyndra nauta í notkun er að þessu sinni mjög öflugur og til boða standa úrvalsgóð naut þar sem hægt er að finna kosti sem fallið geta vel að þeim kostum og göllum sem þær kýr og kvígur sem sæða á hafa til að bera. Við val nautanna er ávallt reynt að horfa til ætternis þannig að ekki þurfi að sæða kýr eða kvígur með of skyldum nautum en það er eitthvað sem ávallt þarf að hafa í huga þegar um er að ræða jafn lítinn stofn og íslenski kúastofninn er.

*Óreynd naut*

Útsending úr nautum fæddum 2019 er vel á veg komin og mun ljúka á næstu vikum. Þar er einkum um að ræða syni Dropa 10077, Bakkusar 12001 og Sjarma 12090 þó önnur naut eigi þarna einnig syni. Árgangurinn frá 2020 tekur þá við en þá munu koma til dreifingar synir Jörfa 13011 og Hálfmána 13022 auk Pipars 12007, Ýmis 13051 og Kláusar 14031.

*Að lokum*

Kynbótastarf í nautgriparækt er langhlaup þar sem gott og vandað skýrsluhald og mikil og góð þátttaka í sæðingum eru undirstaðan. Hér á landi er notkun heimanauta mikil og yfir 30% allra fæddra kálfa eru undan þeim og kynbótastarfið því keyrt á 2/3 mögulegra afkasta. Sem dæmi þá hafa nágrannar okkar á hinum Norðurlöndunum valið aðra leið. Þar eru langt innan við 10% fæddra kálfa undan heimanautum og menn dreifa því kostnaði og áhættu á fleiri hendur.

Í niðurstöðum skýrsluhaldsins fyrir árið 2020 má sjá að íslenskar kýr bera sínum fyrsta kálfi ríflega 27 mánaða gamlar. Fyrir nokkrum árum vann Þórdís Þórarinsdóttir BS-verkefni á Hvanneyri þar sem hennar niðurstaða var sú að æviframlegð íslenskra kúa er mest með því að þær beri fyrsta kálfi við 23 mánaða aldur og uppeldiskostnaður kvígna sem báru 27 mánaða var 18% hærri en þeirra sem báru 23 mánaða. Eftir því sem kvígurnar bera eldri því styttri verður framleiðsluævi þeirra í hlutfalli af heildaræviskeiði. Samkvæmt rannsókn Þórdísar eyða kvígur sem bera 20-22 mánaða 35% ævinnar í uppeldi og 65% til framleiðslu. Hjá kvígum sem bera 29 mánaða eru hlutföllin 43% og 57% og hjá kvígum bera 35-37 mánaða eru hlutföllin orðin nánast jöfn eða 49% og 51% milli framleiðsluævinnar og heildaræviskeiðs.

Ef við notum tölur Þórdísar til þess að áætla þann kostnað sem liggur í háum burðaraldri má ætla að hann sé 425-426 milljónum króna hærri á ári en hann þyrfti að vera fyrir greinina í heild. Þar er þá miðað við þann kostnað sem liggur í að ala kvígurnar umfram 24 mánaða aldur, 25 þús. mjólkurkýr og 37% endurnýjunarhlutfall. Á hvert bú í framleiðslu er því um að ræða nálægt 800 þús. krónum á ári til jafnaðar eða 2,8 kr. á hvern framleiddan lítra. Þarna er því verulega fjármuni að sækja í betri rekstur og bæta afkomu.

LANDSSAMTÖK SAUÐFJÁRBÆNDA

# Framleiðsla og sala á kindakjöti árið 2020

**Unnsteinn Snorri Snorrason**
framkvæmdastjóri
Landssamtaka sauðfjárbænda
unnsteinn@bondi.is

**Árið 2020 verður af mörgum ástæðum haft til viðmiðunar þegar sagan verður rýnd. Árið sem Covid-19 breytti heimsmyndinni. Fyrir sauðfjárbændur var árið að hluta til stormasamt en það var líka gjöfult. Þannig var fallþungi í haust með allra besta móti.**

Samdráttur í komu ferðamanna hafði mikil áhrif á kjötmarkaði einkum þó á sölu á dilkakjöti. Staða á innlendrar kjötframleiðslu er mjög viðkvæm um þessar mundir. Markaðsbrestir samhliða breytingum á tollvernd skapa mikla óvissu um þróun næstu misserin. Afkoman er óviðunandi og erfitt að sjá fyrir hvenær næst að rétta þá stöðu.

*Vetrarfóðraðar kindur*

Ásetningstölur ársins 2021 sýna áframhaldandi fækkun sauðfjár milli ára. Alls fækkar um tæplega 13 þúsund vetrarfóðraðar kindur sem er 3,1% fækkun milli ára. Alls hefur vetrarfóðruðum kindum fækkað um 77 þúsund frá því sem var í upphafi árs 2016. Þetta er heildarfækkun upp á 16,2%.

*Framleiðsla á kindakjöti*

Heildarframleiðsla á kindakjöti árið 2020 var 9,380 tonn. Þar af voru framleidd 8.203 tonn af dilkakjöti og 1.176 tonn af öðru kjöti. Framleiðsla á dilkakjöti árið 2019 var 8.378 tonn og er því um að ræða 2,1% samdrátt milli ára. Frá árinu 2016 hefur framleiðsla á dilkakjöti dregist saman um 1.080 tonn eða 11,6%. Gert er ráð fyrir því að framleiðsla ársins 2021 verði 7.900-8.000 tonn af dilkakjöti.

*Fallþungi*

Meðal fallþungi haustið 2020 var 16,89 kg/dilk samanborið við 16,52 kg/dilk árið 2019. Alls var slátrað á árinu 486 þúsund lömbum. Framleiðsla ársins 2020 var um 200 tonnum meiri en gert var ráð fyrir vegna góðs vænleika dilka síðastliðið haust.

*Sala innanlands*

Heildarsala á kindakjöti árið 2020 var 6.200 tonn samanborið við 7.086 tonn árið áður. Sala á dilkakjöti var 5.366 tonn og dregst saman um 16% milli ára. Sala á öðru kjöti var 834 tonn sem er aukning um 21% milli ára. Ef skoðuð er söluþróun ársins í dilkakjöti þá var 8% söluaukning milli ára eftir fyrsta ársfjórðung. Um mitt ár verður greinilegur samdráttur í sölu, í kjölfar Coivd-19, sem kemur fram í því að loknum öðrum ársfjórðungi var 3% samdráttur milli ára. Að loknum þriðja ársfjórðungi var samdrátturinn orðinn 14% og endar svo í 16% samdrætti í loki árs. Meiri samdráttur varð í sölu á dilkakjöti en öðrum innlendum kjöttegundum. Stærsti hluti skýringarinnar er líklega sá að hlutfallsleg neysla ferðamanna á lambakjöti er meiri en á öðrum kjöttegundum.

























*Birgðir í lok árs*

Alls voru birgðir af kindakjöti í lok árs 5.419 sem er 16% aukning milli ára. Birgir af dilkakjöti aukast um 879 tonn milli ára eða 21% en birgðir af öðru kjöti dragast saman um 104 tonn milli ára eða um 19%.

*Þróun smásöluverð innanlands*

Árið 2020 hækkaði vísitala neysluverð um 4,3% á sama tímabili hækkar vísitala lambakjöts um 4,9 %.

Ef litið er til þróunar á verðlagi frá upphafi árs 2016 þá hækkar vísitala neysluverð um 14,4% yfir tímabilið en lambakjöt aðeins um 8,8%. Ef þróun smásöluverðs lambakjöts árið 2020 er skoðuð nánar þá stóð vísitala lambakjöts í stað eða gaf nokkuð eftir framan af ári. Það er ekki fyrr en á fjórða ársfjórðungi sem kemur fram hækkun á smásöluverði lambakjöts sem gerir það að verkum að verðþróun lambakjöts fylgir almennri þróun verðlags yfir árið.


Í góðu yfirlæti í Hvalvatnsfirði. Mynd / HKr.

*Útflutningur*

Heildarútflutningur kindakjöts árið 2020 var 1.792,5 tonn samkvæmt gagnagrunn Hagstofu Íslands. Árið 2019 var heildarútflutningur 2.866 tonn og er því hér um að ræða samdrátt upp á 36,8%.

*Verðmæti útflutnings*

Heildarverðmæti útflutnings á kindakjöti árið 2020 nam 1.242,1 milljón samanborið við 1.908 milljónir árið 2019, samkvæmt gagnagrunni Hagstofu Íslands. Reiknað einingaverð alls útflutnings árið 2020 er 693 kr/kg, sem er 3,7% hækkun frá árinu áður þegar einingaverð alls útflutnings var 666 kr/kg. Þess ber að geta að talsverð breyting verður á samsetningu útflutnings milli ára. Þannig er hlutfall tollflokka þar sem um er að ræða slög, afskurð, kjöt af fullorðnu 49% árið 2019 en er 61% árið 2020.

Ef skoðaðir eru sérstaklega þeir tollflokkar sem ná yfir frosið lambakjöt (heilir skrokkar, skrokkhlutar, úrbeinað), þá nemur hann á árinu 616 tonnum fyrir 566 milljónir sem gerir meðal einingaverð 918 kr/kg. Ári áður var flutt út í sömu vöruflokkum 1.382 tonn fyrir 1.084 milljónir sem gerir meðal einingaverð 784 kr/kg.

Lely Center Ísland
DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI


**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

**Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá**
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

## Félag sauðfjárbænda í Austur-Húnavatnssýslu:

# Góður árangur og bæting í ræktunarstarfinu á milli ára

**Ár hvert halda búgreinafélög í Austur-Húnavatnssýslu sameiginlega árshátíð fyrir bændur héraðsins og veita þar viðurkenningar fyrir góðan árangur síðastliðins árs. Vegna covid-19 var ekki haldin búgreinahátíð en verðlaun voru þó veitt hjá Félagi sauðfjárbænda í A-Hún. með viðhöfn.**

Framleiðsluárið 2020 var sauðfjárbændum í Austur-Húnavatnssýslu gjöfult. Afurðir voru með mesta móti en í sýslunni voru 28.699 vetrarfóðraðar ær og þær skiluðu að jafnaði 27,3 kg.

Fallþungi var 16,6 kg, gerð 9,28, fita 6,1 og meðalaldur lamba var 137,4 dagar. Sé tekið mið af árinu 2019 er þetta bæting á milli ára og endurspeglast það í góðum árangri félagsmanna sem er eftirfarandi.


Árni Bragason og Unnur Erla Björnsdóttir í Sunnuhlíð.


Bergrún Ingólfsdóttir og Jón Kristófer Sigmarsson á Hæli.


Eline Manon Schrijver og Jón Gíslason á Hofi.


Verðlaunagripirnir.


Inga Sóley Jónsdóttir og Ólafur Magnússon á Sveinsstöðum.


Jakobína Björg Halldórsdóttir og Jón Ingi Guðmundsson í Fagranesi.

### *Veitt voru verðlaun í eftirfarandi flokkum:*

Hæst stigaðasti kollótti lambhrútur haustins 2020 var frá Hofi í Vatnsdal, það var hrúturinn Áfangi sem hlaut 90 stig. Hann er undan Árangri frá Árbæ og í móðurætt rekur hann einnig ættir sínar í Árbæ. Áfangi er sannkallaður glæsigripur hvort sem er á velli eða átöku. Annar var lambhrútur nr. 625A frá Kambakoti og hlaut hann 89 stig, hann er undan Gullkálfi frá sama bæ og má segja að þetta sé þrautræktaður heimahrútur. Þriðji var Snæbjörn frá Holti í Svínadal en hann hlaut 88.5 stig. Faðir hans er stöðvarhrúturinn Kollur frá Árbæ og í móðurætt er stutt í Baug frá Efstu-Grund. Augljóst er að kollótti fjárstofninn frá Árbæ er að auka gerð í hjörðum Austur-Húnvetninga.

### *Stigahæsti hyrndi lambhrútur haustsins var frá Hæli*

Hæst stigaði hyrndi lambhrútur haustsins var frá Hæli, hann heitir Kasper og hlaut 89.5 stig. Faðir hans er stöðvarhrúturinn Glæpon frá Hesti og í móðurætt rekur hann ættir sínar að Svínafelli í Öræfum. Annar var Gunnar frá Sölvabakka, hann hlaut einnig 89.5 stig. Hann er undan Fidda frá Sölvabakka sem er sonur Barkar frá Efri-Fitjum og í móðurætt rekur hann sig í stöðvarhrútana Berg frá Bergsstöðum í Miðfirði og Tjald frá Sandfellshaga. Þriðji var Grettir frá Sölvabakka og hlaut hann 89 stig, afi hans er Lási frá Leifsstöðum og í móðurættina rekur hann sig í Tjald frá Sandfellshaga. Þess má til gamans geta að þrátt fyrir þingeyskt blóð er hann ekki fullur af lofti og vó hann hvorki meira né minna en 73 kg.

Sú nýbreytni var hjá félaginu í ár að verðlauna fyrir bestu fimm vetra ána (fædd 2014). Skilyrði til viðurkenningar eru lágmark 100 fyrir alla eiginleika kynbótamats, þá raðað eftir mjólkurlagnis einkunn, ærin þarf að hafa skilað lambi gemlingsárið, að lágmarki tvílembd öll ár, 7.0 eða hærra í afurðastig og skilað að lágmarki 8 lömbum til nytja. Í ár var það kindin Fjárleg 14-209 frá Sunnuhlíð í Vatnsdal sem stóð efst. Hún hefur ætíð verið tvílembd og skilað lömbum snemma til slátrunar með 18,3 kg í meðalvigt, hún hefur einnig 8.4 í afurðarstig. Þrjár dætur hennar hafa verið settar á og líta vel út sem framtíðar ræktunargripir. Önnur var kindin MýraBirna frá Breiðavaði undan Bekra frá Hesti. Þriðja var kindin 14-435 frá Steinnesi en hún er undan Bósa frá Þóroddsstöðum.

Afurðahæsta búið (2019) voru Sveinsstaðir, þar voru á fóðrum 617 ær, frjósemi var 2.09 og afurðir eftir vetrarfóðraða kind 37.9 kg. Þetta skilaði Sveinsstaðabúinu í 9. sæti yfir afurðarhæstu bú landsins sem eru með fleiri en 100 skýrslufærðar ær. Annað sætið skipaði Stekkjardalur, þar voru á fóðrum 150 ær, frjósemi var 1.84 og afurðir eftir vetrarfóðraða kind 34.3 kg. Þriðja afurðarhæsta búið var Kornsá, þar voru á fóðrun 450 ær, frjósemi var 1.92 og afurðir eftir vetrarfóðraða kind 33 kg.

### *Fagranes í Langadal með bestu gimbrahjörðina*

Besta gimbrahjörðin var í Fagranesi í Langadal, þar var glæsilegur hópur gimbra með meðalþykkt bakvöðva 32.8 mm. Þetta er annað árið í röð sem þau eru í efsta sæti en árið 2019 var meðalþykkt bakvöðva 32.9 mm. Annar besti hópurinn var á Sölvabakka, þar var meðalþykkt bakvöðva 32.1 mm. Þriðji besti hópurinn var í Stekkjardal en þar var meðalþykkt bakvöðva 31.4 mm.

Stjórn Félags sauðfjárbænda í A-Hún. óskar verðlaunahöfum til hamingju með góðan árangur og vonast til að hægt verði að halda veglega búgreinahátíð á árinu 2021. Við viljum þakka Sigurbjörgu í Litladal fyrir glæsilega verðlaunagripi sem hún hefur skorið út fyrir félagið undanfarin ár og RML fyrir upplýsingar úr skýrsluhaldi.

*Stjórn Félags sauðfjárbænda í A-Hún.*

## Ljósmyndavefur Áskels – www.askphoto.is


**Á liðnum árum hefur Áskell Þórisson, fyrrverandi ritstjóri Bændablaðsins, einbeitt sér að nærmyndum í íslenskri náttúru. Myndir Áskels eru allfrábrugðnar þeim myndum sem almennt má sjá úr náttúrunni en hann vinnur myndirnar í ljósmyndaforritum og strekkir á blindramma. Á dögunum endurvann Áskell ljósmyndavefinn sinn – www.askphoto.is – og setti á hann allnokkrar myndir sem allar eru falar fyrir hóflegt verð.**


VOSS HELME





Höfuðlausnir

Vertu klár í kollinum

**Voss-Helme** hjálmar og hjálmhúfur
Þýsk gæðavara framleidd í samræmi við EN 397 og EN 812.
Til í öllum regnbogans litum.





Allir koma þeir með 6-punkta höfuðneti, með svitabandi og **stillihnapp** til að tryggja örugga setu á höfði.
Hægt að fá með eða án hökubands.

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

# Nýr Toyota Hilux, á verði frá 7.090.000 krónum




**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Lengd | 5.325 mm |
| Hæð | 1.540 mm |
| Breidd | 1.855 mm |

Toyota Hilux Double Cab Vx. Myndir / HLJ



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Hægt er að fá Hilux með tveim mismunandi vélum, annars vegar 2,4 dísilvél sem skilar 150 hestöflum og 2,8 vél sem skilar 204 hestöflum. Bílarnir sem ég prófaði áður voru 2014 bíllinn sem var með 144 hestafla vél og svo 3,0 dísilbíllinn sem kom 2015 og var með 171 hestafls vél.**

Bíllinn sem prófaður var núna er með 2,8 vélinni sem er 204 hestöfl 500Nm tog, sjálfskiptur og nefnist Hilux Double CAB VX og kostar 10.890.000.

Bíllinn var á yfirstærð af dekkjum sem mundi jafnast á að vera 33 tommu dekk (265/70/17). Að keyra bílinn á svona stærri dekkjum á götum þar sem slitlag er farið að mynda rásir er svolítið leiðinlegt af því að bíllinn er örlítið breiðari en rásirnar á veginum. Því er maður sífellt að beygja upp úr og ofan í rásirnar, en bíllinn líður áfram ótrúlega hljóðlaus inni í farangursrýminu. Samkvæmt hávaðamælingu á 90 km hraða mældist hann ekki nema 70 db., en var ofar rétt áður en hann náði 90 vegna þess að bíllinn er á yfirstærð af dekkjum og skipti sér ekki í efsta þrep á sjálfskiptingunni fyrr en rétt áður en hann náði hámarkshraða.

### *Fjöðrun breytt og dráttargeta komin í 3.500 kg*

Í eldri árgerðum var dráttargetan ekki nema 2500 kg, en nú er dráttargetan komin upp í 3.500 kg. (sem er hámarksdráttur á 50 mm. kúlu).

Þegar maður ekur bílnum tómum á holóttum malarvegi er hann aðeins laus að aftan sé maður bara að keyra í afturhjóladrifinu, en ef sett er í fjórhjóladrifið er allt annað að keyra bílinn.

Í fjórhjóladrifinu verður hann stöðugri og afgerandi betra að keyra hann á holóttum malarvegi (þrátt fyrir að ekkert sé á palli til að jafna þunga á öxla).

Fjaðrablöðin að aftan eru fimm og virka töluvert þykkari og efnismeiri en í fyrri árgerðum, en þrátt fyrir það þá fannst mér í minningunni að þessi bíll væri mýkri í akstri en sá gamli.

### *7 ára ábyrgð*

Þegar maður rennir yfir sölubæklinginn styrkir það trú manns að þarna sé traustur og vel smíðaður bíll sem hægt er að treysta í nánast hvað sem er, enda segir bæklingurinn; 7 ára ábyrgð.

Ég keyrði bílinn rétt tæpa 200 km og samkvæmt akstursstölvunni var ég ekki að eyða nema tæplega 13 lítrum á hundraðið og var aldrei að reyna neitt að spara eldsneyti (keyrði meira að segja svolítið í þungum sandi í lágadrifinu og var sífellt að botngefa bílnum og slá af á malarvegaprófuninni). Eftir þennan akstur fann ég ekki fyrir neinni akstursþreytu þannig að sætin eru ekki að þreyta mann (fannst þreytandi að keyra 2010 Hilux í langkeyrslu fyrir nokkrum árum þar sem mér fannst það sæti ekki gott).



Palllengd 152 cm, breidd 148 cm og hæð skjólborða 48 cm.



Eins og sjá má á línunni var hávaðinn meiri, en þegar hann var kominn í efsta gír mældist hann 70 db. á 90.




Afturfjaðrirnar virðast vera sterkbyggðar, en samt virka þær mýkri en í fyrri árgerðum.



Takkinn til að skipta um drif er á góðum stað, en í lágadrifinu tókst mér ekki að losna við stöðugt píp í mælaborðinu sem truflaði mig.



Eins og sjá má á línunni var hávaðinn meiri, en þegar hann var kominn í efsta gír mældist hann 70 db. á 90.

### *Erfitt að finna mínus í þessum nýja Hilux*

Í yfirferð yfir bílinn í leit af mínus var ekki mikið sem ég gat fundið að bílnum, en fann þó einn ókost. Til að vera löglegur í umferð í dagsbirtu þarf að kveikja ljósin til þess að afturljósin kvikni og svo þarf að muna eftir að slökkva ljósin því að í þessum bíl loga ljósin áfram ef maður gleymir að snúa takkanum til baka. Í mörgum bílum má hafa ljósatakkann á og ljósin slökkna þegar drepið er á og bíl læst, en virðist ekki í boði í Toyota.




Finnst að það ætti að banna þennan auto möguleika, því pirrar þetta mig alltaf þegar ég sé þetta þar sem ég veit að í dagsbirtu er bíll með svona takka ljóslaus að aftan í flestum tilfellum.

Varadekkið er í fullri stærð, en þar sem að það hangir undir bílnum að aftan og saltpækill af götunum slettist þarna upp þá er það mín reynsla að það er ryðgað fast þegar þarf að nota það og því gott að liðka það reglulega.

Annars, fyrir utan þessi tvö atriði, þá var ég mjög ánægður með bílinn. Eins og áður sagði er Hilux á verði frá 7.090.000 og hægt er að fá 14 mismunandi Hilux. Bíllinn sem prófaður var er sá næstdýrasti, en sá dýrasti er á rúmar 11 milljónir króna.

Lely Center Ísland



KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Fyrirbyggjandi viðhald á vélum og tækjum lengir líftíma þeirra



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Það eru fá eða engin tæki og vélar sem þurfa ekki reglulegt viðhald. Að smyrja heimilisbílinn og önnur ökutæki er fyrir mörgum eitthvað sem flestir fá gert á þar til sérhæfðum verkstæðum. Svo eru það hinir sem gera þetta sjálfir.**

Í mörgum tilfellum þarf ekki mikið af verkfærum til að skipta um olíu og síur á bílum. Í eigandahandbók á flestum tækjum er uppgefinn kílómetrafjöldi sem á að vera á milli olíuskipta, fyrir mér er þetta oft frekar langur tími og vil ég á mínum ökutækjum skipta um smurolíur örar en uppgefið er (sérstaklega ef ég hef skynjað að viðkomandi vél er að brenna olíu eða að hún er almennt notuð á miklu álagi).



Hér fór allt í kássu fyrir trassaskap.

### *Vatnsull, drif og gírkassi fer oft ekki vel saman*

Sem starfsmaður til margra ára á verkstæði þar sem bílar koma í smurolíuskipti þá er ótrúlega oft sem jeppar og jepplingar koma í olíuskipti, að bæði fram- og afturdrif eru með vatn í olíunni og nokkrum sinnum hef ég séð líka vatn á gírkassa og millikassa. Ef maður er mikið í vatnsulli þá er skynsamlegt að opna tappann á drifinu og gá hvort liturinn á olíunni sé réttur (verður ljósbrúnn eða gráleitur á flestum drifum, en á sjálfskiptingum verður olían bleik ef vatn er í olíunni). Ef maður er alltaf að fá vatn í drifið getur eitthvað verið að loftönduninni á drifinu (sumir setja þá slöngu á loftöndunina og leiða hana ofar í bílinn og jafnvel inn í bílinn). Það að vera með vatnsblandaða olíu á drifi styttir ótrúlega hratt líftíma á legum og getur eyðilagt pakkdósir á stuttum tíma. Því er nauðsynlegt að kíkja sem fyrst á olíuna á drifum eftir vatnasull og jafnvel eftir akstur í miklum vatnsveðrum.



Ekki réttur litur á olíunni á drifinu, þá er bara að skipta strax.

### *Bremsuklossar og diskar virðast alltaf endast styttra og styttra*

Á nýjum bílum eru almennt bremsur að verða betri og betri, en því fylgir sá ókostur að þær virðast þurfa mikið og reglulegt viðhald. Það er ekki óalgengt að bremsuklossar séu ekki að duga nema á bilinu 25–35.000 kílómetra. Samanber nýjan bíl síðan í maí sem ég vinn á, keyrður 24.000 km og var að skipta um bremsuklossa að framan á honum í síðustu viku. Ef maður passar upp á að eyða bremsuklossunum ekki alveg þá dugir að skipta bara um klossana í flestum tilfellum. Ef klossarnir sjálfir klárast verður ekkert eftir nema stálplatan sem þeir eru festir á og ferð hún þá að skrapa stálið í bremsudiskinum sjálfum þegar bremsað er. Hægt er að skipta um bremsuklossana með einföldum verkfærum á flestum bílum. Það þarf tjakk, búkka, topplyklasett, tréþvingu og koppafeiti og dugar það á flesta bíla. Bremsuklossar kosta orðið lítið (borgar sig að hringja á undan sér á 2-3 staði og gera verðsamanburð), en verðmunur getur verið frá einhverjum hundrað köllum upp í mörg þúsund á parið af klossum. Ef maður telur sig ekki kunna eða geta gert þetta þá er það forsjárhyggja að eiga varahlutinn tilbúinn ef vinurinn sem kann og getur skyldi detta í heimsókn. Þá er bara að plata hann til að kenna þér að skipta um klossa.



Búið að gera við með lágmarks verkfærum.

### *Þegar bíllinn bilar er maður alltaf að flýta sér og í sparifötunum*

Örlítið um lakkskemmdir eftir steinkast. Ef maður verður var við lakkskemmd eftir steinkast á malarvegi þá er gott að nota til bráðarbirgða glært naglalakk til að loka sárinu svo ekki myndist ryðblettur (virkar fínt og endist ótrúlega lengi).

Sumt í bílum er klárlega ekki hannað fyrir íslenska veðráttu og mikinn saltaustur á vegi og götur. Þetta á t.d. við um þegar varadekk er fest undir bíla. Þessi varadekk eru ótrúlega oft svo ryðguð föst að ekki nokkur leið er að ná varadekkinu undan bílnum.

Svo er það enn eitt varðandi varadekkið, það er ótrúlega oft loftlaust. Þess vegna þarf maður reglulega að gá hvort varadekkið sé laust og auðvelt að ná þegar til þarf og í leiðinni að athuga hvort réttur loftþrýstingur sé í því.

Eitt sem virðist ótrúlega oft gerast, en það er að þegar bíllinn bilar eða dekk springur þá er maður alltaf að flýta sér og í sparifötunum. Þess vegna er sniðugt að hafa þunnan vinnugalla með í bílnum og vinnuvettlinga í vasanum til að bregða sér í þegar það gerist.

**Alternatorinn eða startarinn bilaður?**

Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.

Hjólastillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.

**Sendum um allt land.**

www.pgs.is
pgs@pgs.is
s 586 1260
Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík

PG Startþjónustan
Alternatorar & Startarar

## KROSSGÁTA Bændablaðsins




### *Lausn á krossgátu í síðasta blaði*




**Bændablaðið**
kemur næst út 11. mars
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

# Skjöldólfsstaðir





**Tókum við búskap á Skjöldólfsstöðum í Breiðdal í lok árs 2015, bæði fersk úr búfræðinámi Bændaskólans á Hvanneyri sem við kláruðum sama ár. Þar var fyrir sauðfjárbúskapur og er það enn í dag. Fengum að leigja jörðina og máta hana við okkur fyrst um sinn á meðan við vorum að koma undir okkur fótunum og keyptum svo í lok 2018.**

**Býli:** Skjöldólfsstaðir, í Breiðdal.

**Staðsett í sveit:** Við erum staðsett á Austfjörðum, nánar tiltekið í Breiðdal í S-Múlasýslu.

**Ábúendur:** Sigurður Max Jónsson og Arna Silja Jóhannsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Fjölskyldan er fjögurra manna, en hún stækkaði fyrir skömmu síðan. Siggi og Silja, eins og við erum gjarnan kölluð, eigum synina tvo, Eyvind Örn 2 ára og Rögnvald Daða, fæddan í desember 2020. Einnig búa með okkur kettirnir tveir, Mjalla og Júffa og smalahundurinn Tása. Svo eru auðvitað nokkrar dekurskjátur úti í fjárhúsum eins og gengur og gerist.

**Stærð jarðar?** Rétt rúmir 1.000 hektarar.

**Gerð bús?** Við erum með sauðfé, einnig nokkur hross. Höfum nýverið ákveðið að bæta við skógrækt og byrjum á því verkefni í vor.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Erum með um 400 vetrarfóðraðar ær og sex hross í haga.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Sauðfjárbúskapur er ótrúlega skemmtileg og fjölbreytileg grein og þess vegna eru vinnudagarnir breytilegir eftir árstíma, en á veturna er fénu sinnt kvölds og morgna. Siggi vinnur sem frjótæknir árið um kring og sinnir því á milli verka en hann hefur einnig starfað sem áburðarráðgjafi hjá Spretti áburðarsölu síðustu þrjú ár. Á vorin er sauðburðurinn að sjálfsögðu langfyrirferðarmestur ásamt því að sinna viðhaldi á girðingum og stunda endurrækt á túnum. Sumrin einkennast gjarnan af heyskap og annarri útivinnu ásamt því að vinna og Silja vinnur sem sumarstarfsmaður á Breiðdalssetri, sem er jarðfræði-, málvísinda og sögustofnun. Á haustin eru smalamennskur nánast allsráðandi, en síðustu ár höfum við einnig nýtt þann tíma í endurbætur á fjárhúsum.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegast er að smala og sjá hvernig lömbin koma niður af fjalli, fara í gegnum þau og velja ásetninginn. Síst finnst okkur trúlega að gefa ormalyf og bólusetja féð með fyrirbyggjandi lyfjum, þó það sé samt ekki beint leiðinlegt.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Það hefur alltaf verið draumurinn að ná að stækka búið, fara jafnvel upp í 500–600 fjár og vera komin á fullt út í skógrækt. Einnig vera búin að útbúa betri aðstöðu fyrir hestamennskuna.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu á íslenskum búvörum?** Tækifærin liggja í hversu lítil sýklalyfjanotkun er í íslenskri matvælaframleiðslu. Einnig teljum við að umræða um kolefnisspor framleiðslunar muni vega þyngra í framtíðinni, en þar eigum við líka mikil tækifæri.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Rjómi, ostur og smjör er eitthvað sem má ekki vanta!

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Siggi segir að það eigi að borða hangikjöt í hverri viku, því það er hans uppáhaldsmatur. Silja er meira fyrir gamla góða lambalærið með tilheyrandi meðlæti. Svo er líka gott að fá kjötsúpu.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það vill nú þannig til að eftirminnileg atvik eiga það gjarnan sameiginlegt að vera mjög óheppileg og eigum við nokkur þannig! Til dæmis þegar við ætluðum að bólusetja gemlingana fyrir lambasjúkdómum og vorum búin að safna þeim saman í einn hnapp öðrum megin í húsinu þegar grindargólfið gaf sig og pompaði undan þeim þannig að helmingurinn af þeim lentu niður í kjallara og upp hófst mikill eltingaleikur við þær í skítnum.

Sem betur fer voru kjallararnir á þeim tíma þurrir og engum varð meint af. Það sem gerði þetta enn eftirminnilegra var það að um leið og gólfið hrundi þá kom góður vinur okkar í heimsókn og hann var drifinn í að hífa upp gemlinga upp úr kjallaranum.

MATARKRÓKURINN

# Ofnsteiktur kjúklingur og ætiþistlar



**Bjarni Gunnar Kristinsson**
matreiðslumeistari

**Nú eftir vegan-janúar og fiskbúar (fólk finnur upp á ýmsum nöfnum til að auka neyslu á grænmeti og fiski) er gott að byrja rólega að auka skammt grænmetis og prófa nýtt grænmeti svo lífið verði ekki leiðigjarnt. Grænmetismarkaðir hafa byrjað og fólk fær sent grænmeti í kassa og þá kemur alls konar grænmeti upp, en líka er hægt að nota frosið eða grænmeti úr krukku.**

Ef þið finnið ekki ætiþistla skulið þið nota eitthvað annað í staðinn eins og rófur eða næpu og elda þá grænmetið aðeins lengur, bara þar til það er meyrt.



## Ofnsteiktar kjúklingabringur

### Hráefni

- 5 lítrar vatn, skipt
- ⅓ bolli salt
- 6 beinlausar kjúklingabringur
- ¼ bolli ferskur sítrónusafi
- 18 ætiþistlar, steinseljurót eða íslenskar rófur
- 2 msk. ólífuolía, skipt
- ¼ teskeið nýmalaður svartur pipar
- 1 msk. olía
- 1 bolli þurrt hvítvín
- 1bolli kjúklingasoð úr fernu eða vatn og kraftur
- 1½ sneið af brauði
- 2 msk. söxuð steinselja

*Aðferð*

Blandið þremur lítrum af vatni og salti saman í ílát, hrærið þar til saltið leysist upp. Bætið kjúklingi við saltblönduna. Lokið og kælið í tvær klukkustundir.

Blandið saman tveimur lítrum af vatni og sítrónusafa. Skerið stilkinn af hverjum ætiþistli. Fjarlægið botnblöðin og sterku ytri blöðin og skerið hvert þistilhjarta í tvennt eftir endilöngu; setjið í sítrónuvatn.

Hitið eina msk. ólífuolíu í stórri pönnu við meðalháan hita. Sigtið ætiþistlana úr vatninu. Setjið ætiþistla á pönnuna. Lokið og eldið í 10 mínútur eða þar til þeir eru meyrir. Takið lokið af og eldið í fimm mínútur til viðbótar eða þar til það er orðið brúnt, hrærið oft í. Haldið heitu.

Hitið ofninn í 225 gráður.

Takið kjúkling úr saltblöndunni og hendið saltblöndunni. Þerrið kjúklinginn, stráið pipar jafnt yfir.

Hitið olíu í stórri ofnfastri pönnu við meðalháan hita. Bætið kjúklingi á pönnuna, kjöthliðina niður; léttsteikið í eina mínútu. Bakið við 225 gráður í 10 mínútur. Snúið kjúklingi við; bakið í 12 mínútur til viðbótar eða þar til bringurnar eru tilbúnar. Haldið heitu.

Látið safann dreypa aftur á pönnuna og bætið hvítvíni við og látið sjóða, skafið pönnuna til að losa steikarskánina. Lækkið hitann og látið malla þar til safinn er orðinn að einum bolla (um það bil 5 mínútur). Bætið soði við pönnuna; látið malla þar til það er minnkað í einn og hálfan bolla (um það bil 10 mínútur).

Lækkið hitann á ofninum í 150 gráður. Setjið brauð í matvinnsluvél. Blandið saman einni matskeið af ólífuolíu og brauðmylsnu í skál, blandið saman á bökunarplötu; bakað við 150 gráður í fimm mínútur eða þar til brauðið er gyllt. Bætið steinselju við og berið kjúkling fram með ætiþistlum og sósu. Með brauðmylsnu og meira af góðu grænmeti.

## Ristað grasker með rótargrænmeti

- 1 stk. lítið ferskt grasker, skræld og skorið í bita
- 1 stk. sellerírót , skræld og skorin í í bita
- 1stk. laukur, saxaður
- 1 sæt kartafla, skorin tvennt
- 3 msk. ólífuolía
- 2 msk. balsamik edik
- 2 msk. hunang
- 1 msk. saxaður hvítlaukur eða meira eftir smekk
- 2 tsk. malaður svartur pipar
- 1 tsk. malað indverskt garam masala krydd
- ½ tsk. sjávarsalt

*Aðferð*

Hitið ofninn í 190 gráður.

Á bökunarplötu með ögn af fitu (svo festist ekki við) eða á smjörpappír, skuluð þið blanda saman graskeri og rótargrænmeti ásamt lauk.

Þeytið ólífuolíu, balsamic ediki, hunangi, hvítlauk, pipar og indversku garam masala, og sjávarsalti saman í litla skál, hellið yfir grænmetisblönduna og blandið saman. Dreifið á tilbúna bökunarplötuna í einu lagi.

Bakið í forhituðum ofni þar til allt grænmeti er meyrt, um það bil 35 mínútur.

## Fljótlegt Tiramisu

- 35 g flórsykur
- 225 g mascarpone ostur
- 1 stöng vanilla eða duft , eða 1 tsk. vanilluþykkni
- 4 msk. kaffilíkjör eða gott eftirréttavín
- 170 ml rjómi
- 4 lady finger eða þurrar kexkökur
- 225 ml kalt sterkt kaffi
- Rifið súkkulaði, til að skreyta

*Aðferð*

1. Sigtið flórsykurinn í mascarpone. Ef þú notar vanillufræ, skafa fræin út. Bætið vanillufræjum (eða vanilluþykkni) og vín út í mascarpone og blandið vel saman.
2. Þeytið rjómann í sér skál þar til hann er léttþéttur.
3. Blandið rjómanum og mascarpone saman og kælið í kæli ef mögulegt er.
4. Brjótið ladyfinger í tvennt og dýfið þeim mjög stutt í kalda kaffið. Skiptið þeim í botninn á glösunum og setjið yfir mascarpone blönduna.
5. Rífið smá súkkulaði ofan á áður en það er borið fram. Eða kakóduft.

HANNYRÐAHORNIÐ

# Stílhreint dömuvesti

**Vesti eru svo vinsæl núna, prjónuð í ýmsum grófleikum. Þetta fallega vesti er fljótprjónað úr DROPS Snow eða Drops Wish.**



DROPS Design: Mynstur ee-705

**Stærðir:** S (M) L (XL) XXL (XXXL)

Yfirvídd: 84 (94) 102 (110) 124 (134) cm

**Garn:** (fæst í Handverkskúnst)

**DROPS SNOW:** (400) 450 (500) 550 (550) 650 g eða

**DROPS WISH:** 300 (350) 400 (400) 400 (500) g

**Prjónfesta:** 11L x 15 umf í sléttu prjóni = 10x10 cm.

**Prjónar:** Hringprjónar 40 og 80 cm nr 7, 60-80 cm nr 8

**ÚRTAKA-1 (jafnt yfir)**: Til þess að reikna út hvernig fækka eigi lykkjum jafnt í umferð, teljið fjölda lykkja í umferð (t.d. 106 lykkjur), deilið þessum lykkjufjölda með fjölda úrtöku sem á að gera (t.d. 14) = 7,6. Í þessu dæmi þá er lykkjum fækkað með því að prjóna til skiptis ca 6. og 7. hverja lykkju og 7. og 8. hverja lykkju slétt saman.

**VESTI – STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:**

Fram- og bakstykki er prjónað í hring á hringprjóna, neðan frá og upp að handvegi.

Síðan er framstykkið og bakstykkið prjónað fram og til baka á hringprjóna hvort fyrir sig til loka. Að lokum er prjónaður stroffkantur í kringum báða handvegi og í kringum hálsmál.

**FRAM- OG BAKSTYKKI:**

Fitjið upp 106 (120) 128 (138) 156 (170) lykkjur á hringprjóna 7 með Snow eða Wish. Prjónið 1 umferð slétt. Prjónið síðan stroff hringinn (= 1L sl, 1L br) alls 14 (14) 14 (16) 16 (16) cm.

Þegar stroffið hefur verið prjónað til loka, prjónið 1 umferð slétt þar sem fækkað er um 14 (16) 16 (18) 20 (22) lykkjur jafnt yfir – sjá ÚRTAKA = 92 (104) 112 (120) 136 (148) lykkjur.

Skiptið yfir á hringprjón nr 8 og prjónið slétt prjón hringinn. Þegar stykkið mælist 28 (29) 30 (31) 32 (33) cm, fellið af fyrir handvegi. Þ.e.a.s. næsta umferð er prjónuð þannig: Fellið af 3 lykkjur, prjónið 40 (46) 50 (54) 62 (68) lykkjur slétt, fellið af 6 lykkjur, prjónið 40 (46) 50 (54) 62 (68) lykkjur slétt og fellið af þær 3 lykkjur sem eftir eru. Klippið frá. Framstykkið og bakstykkið er nú prjónað hvort fyrir sig.

**BAKSTYKKI:** = 40 (46) 50 (54) 62 (68) lykkjur. Prjónið slétt prjón fram og til baka og fellið af fyrir handvegi í byrjun á hverri umferð í hvorri hlið þannig: Fellið af 3 lykkjur 0 (0) 0 (0) 0 (1) sinni, 2 lykkjur 0 (1) 2 (2) 3 (3) sinnum og 1 lykkju 2 (2) 2 (3) 4 (4) sinnum í hvorri hlið = 36 (38) 38 (40) 42 (42) lykkjur. Þegar stykkið mælist 49 (51) 53 (55) 57 (59) cm, fellið af miðju 20 (20) 20 (22) 22 (22) lykkjurnar fyrir hálsmáli og hvor öxl er prjónuð til loka fyrir sig. Prjónið slétt prjón og fellið af 1 lykkju í næstu umferð við hálsmál = 7 (8) 8 (8) 9 (9) lykkjur eftir á öxl.

Prjónið áfram þar til bakstykkið mælist 52 (54) 56 (58) 60 (62) cm og fellið laust af með sléttum lykkjum frá réttu. Prjónið hina öxlina alveg eins.

**FRAMSTYKKI:** = 40 (46) 50 (54) 62 (68) lykkjur. Prjónið slétt prjón fram og til baka og fellið af fyrir handvegi í byrjun á hverri umferð í hvorri hlið þannig: Fellið af 3 lykkjur 0 (0) 0 (0) 0 (1) sinni, 2 lykkjur 0 (1) 2 (2) 3 (3) sinnum og 1 lykkja 2 (2) 2 (3) 4 (4) sinnum í hvorri hlið = 36 (38) 38 (40) 42 (42) lykkjur. Þegar stykkið mælist 41 (42) 44 (45) 47 (48) cm, setjið miðju 8 (8) 8 (10) 10 (10) lykkjur á þráð fyrir hálsmáli og hvor öxl er prjónuð til loka fyrir sig. Prjónið slétt prjón og fellið af fyrir hálsmáli í byrjun á hverir umferð við hálsmál þannig: Fellið af 2 lykkjur 2 sinnum og 1 lykkju 3 sinnum = 7 (8) 8 (8) 9 (9) lykkjur eftir á öxl.

Prjónið áfram þar til framstykkið mælist 52 (54) 56 (58) 60 (62) cm og fellið laust af með sléttum lykkjum frá réttu. Prjónið hina öxlina alveg eins.

**FRÁGANGUR:** Saumið axlarsauma innan við affellingarkantinn.

**KANTUR Í HANDVEGI:** Byrjið í hlið neðst í handvegi og prjónið upp frá réttu innan við 1 kantlykkju, ca 52 (56) 58 (60) 62 (64) lykkjur í kringum handveg á stuttan hringprjón 7 með Snow/Wish (lykkjufjöldinn á að vera deilanlegur með 2).

Prjónið stroff hringinn (= 1L sl, 1L br) alls 3 cm. Fellið laust af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur. Prjónið kant í kringum hinn handveginn alveg eins.

KANTUR Í HÁLSI: Byrjið mitt á annarri öxlinni og prjónið upp frá réttu innan við 1 kantlykkju, ca 52 (56) 58 (60) 62 (64) lykkjur í kringum háls (meðtaldar lykkjur af þræði að framan) á stuttan hringprjón 7 með Snow/Wish (lykkjufjöldinn á að vera deilanlegur með 2).

Prjónið stroff hringinn (= 1L sl, 1L br) alls 3 cm. Fellið laust af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur.

*Prjónakveðja, mæðgurnar í Handverkskúnst*

*www.garn.is*








Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300


Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 8 | 9 | | 3 | | |
| | 8 | | | | 4 | | | 6 |
| | | 1 | | 5 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| | | | 1 | | | | | |
| | 3 | | 9 | | 6 | | 4 | 5 |
| | 9 | | | | | 2 | | |
| | | | 4 | | | | | 7 |
| | | | | 8 | 7 | 6 | | 4 |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | | | |
| 9 | | 4 | 3 | | | | 2 | |
| | | | 2 | | 8 | | | 3 |
| | | | | 2 | | 6 | | |
| | | | | | 1 | | | |
| | 1 | | 7 | | 4 | | | |
| | | 8 | | | | 2 | 6 | |
| | | 5 | | | | | 9 | |
| 7 | 6 | 3 | 1 | | | | | 4 |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | 1 | | | | | |
| | 3 | 4 | | | | | 7 | 9 |
| 2 | | | | 8 | | | 4 | |
| | | | 7 | | 9 | | | |
| | | 7 | | 1 | | 9 | | |
| | | | 3 | | 2 | | | |
| | 4 | | | 5 | | | | 1 |
| 7 | 6 | | | | | 2 | 3 | |
| | | 8 | | | | | 9 | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | 2 | 9 | | |
| | | | 5 | | | 6 | | |
| 7 | 2 | | | | | | | 3 |
| 1 | | | | 4 | | | 5 | |
| | | | | | | | | |
| | 3 | | | 8 | | | | 2 |
| 8 | | | | | | | 1 | 7 |
| | | 6 | | | 3 | | | |
| | | 3 | 9 | | | 5 | | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Æfi fótbolta og fimleika

**Ásta Marín er mikil stuðstelpa sem á heima í Grafavogi, með mömmu, pabba, tveimur stórum systrum, tveimur kisum og einum hundi. Hún æfir fótbolta og fimleika með Fjölni og elskar að dansa. Ásta á rosa margar góðar vinkonur.**



**Nafn:** Ásta Marín Einarsdóttir.

**Aldur:** 9 ára að verða 10 ára.

**Stjörnumerki:** Vog.

**Búseta:** Grafarvogur.

**Skóli:** Rimaskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Íþróttir eru skemmtilegastar.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Api.

**Uppáhaldsmatur:** Pitsa.

**Uppáhaldshljómsveit:** Uppáhaldstónlistarmaðurinn minn er Laddi.

**Uppáhaldskvikmynd:** Edward Scissorhands.

**Fyrsta minning þín?** Þegar ég var lítil og fór út með ruslið með mömmu.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi fótbolta og fimleika en langar líka að æfa dans og frjálsar. Ég kann að spila á blokkflautu.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Mig langar að verða hárgreiðslukona, leikskólakennari og þjálfari í ræktinni.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Að hoppa í stóran skafl og gera snjóengil bara á stuttbuxum og bol, og svo líka fullt af öðru sem er leyndó.

**Ætlar þú að gera eitthvað skemmtilegt um páskana?** Vonandi að fara á Vattarnes til ömmu og afa.

**Næst »** Ásta Marín skorar á Emil Kára Arnarson að svara næst.

SAMFÉLAGSRÝNI

# Ferðaklúbburinn 4x4 og úrsögnin úr Landvernd

**Ferðaklúbburinn 4x4 er stofnaður í mars 1983 af aðilum sem höfðu áhuga á útivist á vélknúnum farartækjum. Markmið klúbbsins voru skýr þau voru:**

1. *Að standa vörð um ferðafrelsi.*
2. *Að ná til sem flestra sem áhuga hafa á ferðalögum um landið á fjórhjóladrifsbifreiðum.*
3. *Að stuðla að náttúruvernd og sjálfbærri ferðamennsku um náttúru Íslands.*
4. *Að gæta hagsmuna félagsmanna varðandi búnað fjórhjóladrifsbifreiða og annað er lýtur að fjórhjóladrifsbifreiðum og ferðalögum í samráði við viðkomandi yfirvöld.*
5. *Að efla þekkingu félagsmanna á öllu því er við kemur útbúnaði fjórhjóladrifsbifreiða og ferðalögum um byggðir og óbyggðir landsins.*
6. *Að efla tengsl og kynni félagsmanna.*


Sveinbjörn Halldórsson.

Fyrsta nefndin sem var stofnuð í klúbbnum var nefnd sem hafði það starf að ræða við Bifreiðaeftirlit ríkisins og fá þar samþykki fyrir því að við fengjum það frelsi að breyta bílum en að sjálfsögðu innan ákveðinna marka. Sú vinna sem þar var unnin sem samstarfsverkefni félagsmanna innan Ferðaklúbbsins og starfsmanna Bifreiðaeftirlitsins lauk með reglugerð sem enn er við lýði.

Strax eftir stofnun klúbbsins kom í ljós að margir félagsmenn vildu fá meira af verkefnum við uppgræðslu og forvarnir. Var því stofnuð umhverfisnefnd er var áætlað að taka á þeim málum er lytu að umhverfisvernd og fræðslu um umgengni á hálendinu. Nefndin varð strax stórhuga sem og hún er í dag en umhverfisnefnd klúbbsins hefur alltaf verið ein stærsta og öflugasta nefndin innan raða klúbbsins.

### *Samstarf hafið við Landvernd*

Fljótlega kom upp sú hugmynd til að auka á sýnileika klúbbsins í náttúruvernd að hefja samstarf við Landvernd og hjálpa því við að sinna umhverfisvernd er snéri að okkar áhugamáli. Nokkur verkefni voru unnin með Landvernd og endaði með að Ferðaklúbburinn 4x4 gekk inn í Landvernd sem félag og fékk klúbburinn aðild að Fagráði innan Landverndar. Ég finn ekkert um önnur störf klúbbsins innan Landverndar en klúbburinn tók ýmis önnur verkefni að sér, m.a. vinnu við uppgræðslu inni í Þórsmörk, starfaði með bændum við að koma heyböggum og rúllum inn á staði sem voru illfærir til að stöðva uppfok og rofabörð, mikið starf var unnið með Skógrækt ríkisins við að safna birkifræjum og græða upp í Hekluskógi og landgræðsluferðir með landgræðslu ríkisins. Mikið verk hefur líka verið unnið við að stika slóða á hálendinu auk þess sem að afmá villuslóða er stórt verkefni og síðan undanfarin ár að elta uppi utanvega akstursför eftir erlenda ferðamenn og laga þá.

Starfið með Landvernd hafði orðið skipreika einhvern tímann áður en ég kom inn sem formaður Ferðaklúbbsins 4x4 þannig að í byrjun minnar stjórnartíðar var ekkert samstarf í gangi, fyrr en Steinar Kaldal hafði samband við mig og bað mig um að koma á fund og hitta hann og aðra forkólfa náttúruverndarsamtaka til að ræða málefni hálendisins. Í raun hafði ég ekki mikinn áhuga í byrjun en þó vorum við sem vorum í forystu klúbbsins farnir að sjá að það voru margir sem voru að seilast upp á hálendið og nýlega hafði Landsvirkjun komið með þá hugmynd að setja háspennulínur þvert yfir hálendið sem að okkar mati hefði eyðilagt hálendið. Að lokum fór ég til fundar við þá til að heyra hvað þeir hefðu að segja. Verkefnið var hjarta hálendisins sem átti að vera samstarfsverkefni náttúruverndarsamtaka og útivistarsamtaka.

### *Samstarf um hálendisþjóðgarð í sátt við þjóðina*

Strax í upphafi gerði ég öllum ljóst að ég hefði ekki stuðning félagsins við að ganga inn í þetta verkefni og var ástæðan sú að við treystum ekki náttúruverndarsamtökum enda höfðu verið miklir núningar vegna ýmissa mála á hálendinu og málefni tengd akstri á vélknúnum ökutækjum. Eftir nokkra fundi og samtöl var ákveðið að leggja fyrir stjórn klúbbsins samkomulag sem við höfðum gert á milli félaganna sem fólst í að vinna sameiginlega að málefnum sem við værum sammála um (sem voru mjög mörg) en á móti myndum við virða skoðanir annarra og tala saman frekar en að fara gegn hvert öðru, þetta samkomulag samþykktu allir aðilar.

Á þeim tíma var Guðmundur Hörður formaður og Guðmundur Ingi Guðbrandsson (ráðherra) var framkvæmdastjóri Landverndar og var þeim báðum mjög umhugað um að koma þessum hópum saman og vinna sameiginlega að því verkefni sem var að vernda hálendið fyrir óþarfa virkjanaframkvæmdum. Verkefnið var að reyna að fá stjórnvöld til að gera þjóðgarð á hálendinu, þjóðgarð sem yrði gerður í sátt við þjóðina og mistökin við Vatnajökulsþjóðgarð yrðu ekki endurtekin. Samkomulag tókst og samkomulag á milli félaganna var undirritað við hátíðlega athöfn í Perlunni hinn 4. apríl 2014. Samstarfið gekk nokkuð vel meðan Guðmundur Hörður var við stjórnvöl en eftir að hann hætti og síðan Guðmundur Ingi Guðbrandsson þá gufaði samstarfið upp og Landvernd fór sínar eigin leiðir.

### *Útspil Landverndar um lokun Vonarskarðs*

Ótrúlegt útspil Landverndar var þegar stjórnunar og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs var sett fram árið 2018 þannig að verndaráætlanir eru upp á yfir 50 blaðsíður og snúa að allri stjórnsýslu þjóðgarðsins, eina athugasemd Landverndar var að óska eftir að Vonarskarðið yrði lokað öllum nema göngumönnum. Það furðulega var að í stjórnunar- og verndaráætluninni var ekkert verið að fjalla sérstaklega um Vonarskarðið. Þá strax kom upp mikill pirringur í útivistarfólki en Guðmundur Hörður, fyrrverandi formaður Landverndar, óskaði eftir að boðað yrði til sáttarfundar og málin leyst.

### *Sáttafundur*

Það var því vaskur hópur útivistarfélaga, Ísalp, Útivistar og Ferðaklúbbsins 4x4 sem mættu niður í Landvernd til að fara yfir málin og finna sættir. Í raun var þetta sá furðulegasti sáttarfundur sem ég hef setið og nota ég hér skrif Karls Ingólfssonar sem hann setti inn á vef Landverndar en þeim var eytt þar út.

*„18. apríl 2018 var svartur dagur fyrir náttúruvernd á Íslandi.*

*Þann dag eyðilagði stjórn Landverndar samstarfsverkefni Landverndar og útivistarfélaganna „Hálendið, – Hjarta Landsins“.*

*Maður hafði gengið undir manns hönd til þess að koma þessu samstarfi á koppinn. Drýgstan hlut Landverndar megin áttu Guðmundur Hörður, Mummi og Steinar Kaldal.*

*Af hálfu Samút er fyrst að nefna formanninn Sveinbjörn Halldórsson, formann og framkvæmdastjóra Útivistar o.fl. Sjálfur lagði ég þessu verkefni lið en taldi mig í raun vera beggja vegna borðs sem félagi í Landvernd ásamt því að vera fulltrúi Íslenska Alpaklúbbsins í stjórn Samút.*

*Skrifað var undir samstarfsverkefnið í fallegri athöfn við Íslandskortið í Ráðhúsi Reykjavíkur 7. mars 2016.*

*Formaður jeppamanna lagði mikið á sig til að vinna málinu stuðnings innan sinna raða þar sem mikil tortryggni ríkti gagnvart Landvernd.*

*Samstarfið gekk út á að fylkja liði um það sem sameinaði þessi samtök en láta ágreiningsefnin liggja í láginni og fól þetta í sér nokkurskonar „friðarskyldu“ á báða bóga.*

*Þúfan sem velti þessu hlassi var umsögn Landverndar um stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs sem lögð var fram í stjórnartíð Ármanns Höskuldssonar.*

*Í stuttu máli má segja að innihald umsagnar Landverndar sé eitt allsherjar spark í útivistarfélögin og stefnu þeirra um málefni Vonarskarðs.*

*Það er með ólíkindum að stjórn Landverndar hafi ekki haft þann félagsþroska að stilla sig um þetta útspil.*

*Ég var mjög ósáttur við þetta útspil Landverndar og með hjálp Guðmundar Harðar tókst mér að koma á fundi með stjórn Landverndar og Samút. Sá fundur hófst með því að varaformaður Landverndar lýsti því yfir að það væri ekkert um að ræða. Ég man að ég greip í öxl formanns Samút þegar hann ætlaði að ganga á dyr með það sama. Hann hefði hinsvegar alveg eins getað gengið út strax.*

*Á þessum fundi skammaðist ég mín fyrir að vera félagsmaður í Landvernd.“*

### *Tillaga um slit við Landvernd samþykkt*

Strax eftir þennan fund var lagt fyrir aðalfund félagsins að gefa mér sem formanni heimild til að slíta öllu samstarfi við Landvernd þar sem greinilegt væri að Landvernd hefði engan áhuga á að virða samkomulagið sem gert var um samstarf og samvinnu. Tillaga um að slíta samstarfi var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Samt nýtti ég mér það að ég hafði leyfi og ákváðum við að reyna að mæta á aðalfund Landverndar og snúa málinu til betri vegar, mér til stuðnings var fyrrverandi formaður og varaformaður auk nokkurra fyrrum stjórnarmanna innan Landverndar. Málið var einfalt, það var engin sáttavilji og öllum okkar tillögum um að endurskoða málið var vísað frá.

Það sem síðan varð til að við sáum að það var enginn möguleiki að vinna með eða styðja lengur við Landvernd var hvernig markmið þeirra og umsagnir gagnvart vélknúinni umferð hefur ljóst og leynt verið til að gera okkur erfiðara fyrir og reyna að útiloka okkar fararmáta. Þetta gerir við ekki sætt okkur við og í ljósi forsögu og þeirrar stefnu Landverndar sem við teljum vera einhvers konar harðlínu náttúruvernd þar sem ekki rúmast annar fararmáti en gangandi fólk. Þetta og margt annað er lýtur að stöðvun ýmissa framkvæmda í þágu hagsmuna almennings sáum við okkur ekki geta stutt lengur og því fór svo að Ferðaklúbburinn sleit öll tengsl við Landvernd með úrsögn úr stjórnum og nefndum.

Ferðaklúbburinn 4x4 mun áfram starfa á þeirri vegferð sem hann hefur verið þ.e. að standa vörð um ferðafrelsi og almannarétt burtséð frá fararmáta. Þá mun náttúruvernd ávallt vera efst á baugi með hagsmuni almennings og almannaheill að leiðarljósi.

*Sveinbjörn Halldórsson*
*Formaður Ferðaklúbbsins 4x4*

# Íslensk kjötsúpa, já takk!

**Norðvesturkjördæmi spannar stórt landsvæði með fjölbreytt landslag, fallega náttúru, mikla möguleika og áskoranir. Kjördæmið býður upp á margbreytileg atvinnutækifæri og sóknarfærin eru mörg. Í þessari yfirferð langar mig aðeins að tala um landbúnað, sem er einn af grunnstoðum atvinnulífs og byggðar í kjördæminu.**

Landbúnaður er á margan hátt undirstaða dreifðari byggðar og mikilvægi hans í byggðarþróun landsins er sjaldan ofmetið. Það er staðreynd að atvinnumöguleikar eru fjölbreyttari í þéttbýli. Þess vegna verður öflugur landbúnaður að vera lykill að góðum búsetuskilyrðum í dreifbýli. Undanfarin ár hefur þessi forna og mikilvæga atvinnugrein átt undir högg að sækja. Oft eru t.d. ekki forsendur fyrir komandi kynslóðir að taka við búrekstri. Afurðaverð bænda er í mörgum tilfellum ekki nægilega góð til að standa straum af kostnaði við búrekstur og sérhæfð lánsfjármögnun af skornum skammti. Staða sauðfjárbænda er sérstaklega erfið og margir sjá það sem sinn eina kost að vinna utan heimilis samhliða búskap. Nautgriparækt hefur heldur ekki skilað miklum tekjum, umfram framleiðslukostnað, undanfarin ár og stendur tæplega undir búrekstri án þess að vera hliðargrein mjólkurframleiðslu. Íslenskur landbúnaður stendur því á tímamótum og óljóst hvert leiðin liggur.

Þó að ferðamannastraumur hafi aukist umtalsvert undanfarin ár, þá sérstaklega sunnan megin á landinu, eru þessar landbúnaðargreinar ekki að njóta góðs af. Þróun afurðaverðs sauðfjárbænda árin 2013-2020 tók stóra dýfu. Þannig fengu bændur hærra verð fyrir framleiðslu sína árið 2013 en haustið 2020. Það sjá allir að slík þróun getur ekki gengið á sama tíma og launa- og rekstrarkostnaður hækkar. Ef ekki er brugðist við þessari þróun á íslensk sauðfjárrækt sér enga framtíð.


Gunnar Tryggvi Halldórsson.

Tollalækkanir hjálpa til við að halda verði niðri gagnvart bændum og viðheldur þessari þróun. Innflutt nautakjöt árið 2019 var rúm 800 tonn og sama ár var innflutt svínakjöt rúm 1.200 tonn. Á það skal bent að innflutt kjöt er að stórum hluta úrbeinað kjöt, sem rýrnar um 30%–35% við úrbeiningu, svo raunsamanburður við íslenska kjötframleiðslu með beini hækkar þessar innflutningstölur enn frekar. Það er alveg ljóst að elsta atvinnugrein landsins fær enga viðspyrnu með þessu regluverki. Þessa vegferð þarf að stoppa og það strax.

Við viljum sterkari innlendan landbúnað og öflugan matvælaiðnað. Jafna þarf samkeppnisstöðu hans með sanngjörnum tollum á innflutning. Við viljum skapa atvinnu við matvælaframleiðslu úr gæða hráefnum frá íslenskri sveit. Við viljum að matvæli fari í gegnum okkar gæðakerfi til að tryggja hreinleika og gæði frá upphafi til enda. Ég treysti bændum landsins best til að anna þörfum innanlandsmarkaðar. Móta þarf rétta stefnu og framkvæma. Það getur ekki verið okkar eini möguleiki að selja ferðamönnum hamborgara með innfluttu nautakjöti og beikoni.

Það er hagsmunamál allra íbúa Norðvesturkjördæmis að leggja ríka áherslu á að styrkja stöðu landbúnaðar og íslenskrar matvælaframleiðslu.

***Gunnar Tryggvi Halldórsson***
*frambjóðandi í 3. sæti Framsóknarflokks, Norðvesturkjördæmi.*

Lely Center Ísland



STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600













**Smáauglýsinga-síminn er:**
**56 30 300**

# Smáauglýsingar

**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.500 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.900 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Óska eftir amerískum Pickup. Helst eitthvað sem þarfnast lagfæringar að einhverju leyti, en ég skoða líka bíla í lagi á góðu verði. Endilega hringið eða sendið sms í síma 774-4441.



Til sölu notuð PE100 plaströr 315 og 450 mm í þvermál. Þola allt að 160 m fall. Tilvalin fyrir litlar vatnsaflsvirkjanir. Uppl. í s. 821-1125, Ásgeir.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 89-24163.



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m – 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. Þyngd 900 gr. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Solis 90. Mjó vél fyrir bæjarfélög. Verð kr. 5.350.000 +vsk. Vallarbraut.is – s. 454-0050.



Weckman sturtuvagnar. 9 tonna: Verð kr. 1.490.000 með vsk (kr. 1.202.000 án vsk). 11 tonna: Verð kr. 1.690.000 með vsk (kr. 1.363.000 án vsk). 13 tonna: Verð kr. 1.970.000 með vsk (kr. 1.589.000 án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Goldoni Ronin 50 gangstétta traktor. Salt/sand dreifari, snjótönn, glussaúrtök bæði að framan og aftan. Hægt að setja ýmsan aukabúnað á vélina t.d. snjóblásara eða sóp. Algjör snilldar græja, vélin er nánast ónotuð og er árg. 2018. Hún er núna útbúin með snjótönn og salt/sand dreifara. Klár í vinnu. Verð kr. 4.200.000 án vsk. Uppl. hjá Aron í s. 899-8292 eða á aron@taeki.is



Tilboð óskast í Volvo FL 6 kassi 6 m, árgerð 2003. Ekinn 196.000 km. Í góðu standi nema vörulyfta þarfnast lagfæringa. Aðeins tveir eigendur. Upplýsingar í síma 892-9034.



Lítið notaður Manitou MT 1840A, árgerð 2019 með mannkörfu, göflum, skóflu og Jib. Notkun aðeins 505 klst. Aðeins verið notaður við létta vinnu. Verðhugmynd 15,5 mill. kr +vsk. Uppl. í Oskar@advance.is eða í s. 842-6500.



Vönduð og sterk tveggja öxla kerra - Bilxtra Condor II. Verð: kr. 750.000 m.vsk. Heildarþyngd: 2.700 kg, Innanmál: 330x180. S. 837-7750 - www.bilxtra.is



Royal Enfield Himalayan. Frábær ferðahjól. Verð frá 1.350.000 kr. Vallarbraut.is – s. 454-0050.




Við bjóðum 15% afslátt af öllum beislum. Erum líka með sérsniðið rafkerfi í flesta bíla og ísetningu á góðu verði. S. 837-7750 - www.bilxtra.is



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Benz Atego 817 L árg. 2001 PX N33 í góðu standi, ekinn 253.500 km. 5 lm kassi í góðu standi. Lyfta í góðu standi og hliðarhurð með læsingu í góðu standi. Allt nýtt í bremsum að framan. Verð kr. 1.250.000 +vsk. Uppl. í s. 778-7866.





Endurvinnanlegar umbúðir!



2.917 kr.*

Euro Start - Músli
Fyrstu 6-8 vikurnar
20 Kg



2.406 kr.*

Kaliber Starterfeed
Kálfakögglar
Eftir 6-8 vikurnar - að 3 mán. aldri
20 Kg

Flott brettatilboð!



2.250 kr.*

Fjárbætir
Óerfðabreyttur
20 Kg



2.244 kr.*

Varpfóður
og ungafóður
20 Kg



Steinefna- og bætiefnafötur
15-25 Kg



Saltsteinar
10Kg

* Öll verð eru án vsk.

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is




Til sölu plönunarvél fyrir head á bílum, líka er hægt að renna diska og skálar í fólksbíla. Uppl. í s. 820-0505.



Mitsubishi Outlander PHEV árg. 2017. Einn með öllu, einn eigandi, alltaf verið fyrir norðan. Reyklaust ökutæki. Ekinn 57.000 km. Nánari uppl. í s. 862-9062.



Eigum sturtukerrur á lager. Nugent T3718H með 8 tonna tjakk. Þráðlaus fjarstýring. Verð kr. 1.280.000 +vsk. Vallarbraut.is – s. 454-0050.



Fjölplógar frá 2 – 3,2 m. Verð frá 450.000 kr. +vsk. Vallarbraut.is – s. 454-0050.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is




Verdo gæða spónakögglar í 15 kg pokum. Frábær undirburður fyrir hross. Brettaafsláttur og brettið keyrt frítt heim á höfuðborgarsvæðinu. Brimco ehf. S. 894-5111 - www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Corvus Yanmar, dísel. Dráttarvélaskráð vinnutæki. Tilboðsverð kr. 2.850.000 +vsk. Vallarbraut.is – s. 454-0050.



Nugent gripakerra 1,8 x 3,6m. Heildarþ. 3.500 kg. Verð kr. 1.530.000 +vsk. Vallarbraut.is. – s. 454-0050.



Til sölu: Scania 420, árgerð 2003. Nýkominn úr klössun hjá Kletti, það sem allt var lagað sem þurfti og hann skoðaður. Ný framrúða, ný dekk (ónegld vetrardekk) og skipt um olíur. Er með lyftu - gamall Coke-bíll sem notaður var í langkeyrslur. Ekinn um 590.000 km. Staðsettur í Reykjavík. Nánari upplýsingar í s. 897-6733 - Magnús.




Sólarsellur á tilboði. Leitið upplýsinga. Bílar og hjólhýsi ehf. S. 782-3700. www.bilaroghjolhysi.is og www.facebook.com/bilaroghjolhysiehf



Taðkvíslar. Eigum 1,4 m með Euro festingum. Sterk framleiðsla frá Póllandi. Þétt á milli beinna tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 14 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með AVR sem tryggir örugga framleiðslu rafmagns fyrir allan viðkvæman rafbúnað. Myndin er af hluta þeirra stöðva sem við fluttum inn fyrir bændur 2020. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Dísel hitari 12v blásari og kerti 5.000 W. Eyðir 0,28 l. á klukkustund. 5 l. tankur innbyggður. 2 ára ábyrgð. Allir varahlutir. Verð kr. 48.990 með aukahlutum. Fjarlestur ehf. Uppl. í s. 662-1444.



Nýtt 6 tonna spil með 20 m stálvír og tveimur þráðlausum fjarstýringum, auk kapalstýringu. Verð 150.000 kr. Uppl. í síma 848-2842.



Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa. Ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Einnig gott úrval af 2ja og 3ja hesta kerrum. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Sjö tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.270.000 m/vsk. Mínus kr. 60.000 afsláttur = 1.210.000 kr. m/vsk. (976.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Brettagaflar. Burður 2.500 kg. Euro festingar. Verð kr. 155.000 m/vsk (kr. 125.000 án vsk.) Hauksson ehf. S. 588-1130.



Notaður Peruzzo Canguro Pro sláttuvagn, sláttubreidd 1,60 m. með vökvalyftu. (Uppgerður). Hann tæmir því grasið í gám, á vörubílspall eða í kerru eftir þörfum. Drifskaft fylgir með. Þarf 80-100 hp. traktor. Upplýsingar í s. 896-4494 eftir kl. 19.00 og um helgar.



Til sölu MMC L200, árg. 2000, ekinn 309.000 km. Sjálfskiptur. Nýlegt er: tímareim, bremsur, smurður, bifreiðagjöld greidd. Verð kr. 650.000. Fínasti bíll. Uppl. í s. 893-7050.



Úrval af tækjum fyrir skógarbóndann. Litlir og stórir kurlarar, viðarkljúfar, bútsagir, stubbatætarar, greinasagir, skógarklippur og jarðtætarar. Skoðaðu blaðið á www.hardskafi.is – s. 896-5486.



Chevrolet Captiva árg. 2013. Ekinn 171.000 km. Dísel. Er með rafhitun á mótor. Bakkmyndavél. Dráttarkrókur. Verð kr. 1,1 millj. Uppl. í s. 897-9985.



Brettagafflar með Euro festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Rammi, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Tökum að okkur viðgerðir á hjólhýsum, húsbílum og fellihýsum. Pantið tímanlega fyrir vorið. Bílar og hjólhýsi ehf. S. 783-8200. www.facebook.com/bilaroghjolhysiehf - www.bilaroghjolhysi.is



Vitory 140 rafskutla, árg. 2019. Ónotuð, vel útbúin og traust rafskutla. Ath. greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands. Kostar ný 779.750 kr. Tilboð óskast. Uppl. í s. 694-1867.



Nissan Navara árg. ´06, 2,5 dci, 174 hö, ekinn 378.000 km. Grind endursmíðuð sterkari 35" Artic Trucks breyting. Vel viðhaldinn bíll. Verð kr. 1.300.000. Uppl. í s. 662-0036.



Til sölu ýmis tæki fyrir smíðaverkstæði. Borðsög, kúttsög, spónsuga og bandslípivél. Óska eftir tilboði í tækin. Uppl. gegnum netfangið sigfusgudnason@gmail.com



Til sölu hárþvottastólar (sjampóstólar). Verð: Tilboð. Uppl. í gegnum netfangið sigfusgudnason@gmail.com.



Volvo FL10, árg. ´96, 360 hp. á loftfjöðrum aftan og framan. Ekinn 520.000 km. Góð dekk. Kassi og vörulyfta. Tilboðsverð 990.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 896-4316.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjálfsogandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1" , 2", 3", 4". Aflgjafar: Rafmagn, bensín / dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu Ford Transit, nýskráður í júlí 2020, ekinn 2.800 km. Sex manna með frágengnu og klæddu vörurými, toppljós og er klár í vinnu. Verð kr. 4.500.000 +vsk. Uppl. í s. 663-2333.



40 feta gámar til sölu. Gamall gámur og nýlegur gámur. Uppl. s. 820-1071 og á kaldasel@islandia.is



Til sölu Alvist Stalwart hertrukkur árg. 1967. Uppl. í síma 898-8888.



Man 10180. Árg. 2003. Heildarþyngd 9.990 kg. Burðargeta 4.995 kg. Gamla prófið gildir. Á loftfjöðrum. Ekinn aðeins 162.000 km. Nýskoðaður 2022. Uppl. í s. 820-1071 og á kaldasel@islandia.is



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Kerra fyrir tvö mótorhjól eða fjórhjól. Heildarburður 750 kg. Krossviðabotn. Nefhjól og ljósabúnaður. Rampur fylgir. Sturtanleg. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is



Dýralæknaháskólinn í Košice í Slóvakíu heldur inntökupróf á netinu. 25. mars, 6. maí, 3. júní, 1. júlí og 19. ágúst. Uppl. í s. 820-1071 og á kaldasel@islandia.is




Bíla, báta og tækjaflutningar. Gerum föst tilboð í alla flutninga. Verkvagnar bílaflutningar. Uppl. í s. 662-1800.




Búslóðaflutningar og aðrir flutningar milli landshluta. Innanmál flutningskassa bíls um 35 rúmmetrar. Bíllinn er með vörulyftu sem lyftir 1,5 tonn. Flytjum einnig á bílaflutningakerru bíla og annað. Leitið tilboða. Gott verð, pantið tímanlega. Sími 861-5959 og netfang mg@eldhorn.is. Trúss flutningar um allt land.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalv. / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is




Faglegar vefsíður fyrir lítil fyrirtæki. 10 ára reynsla. Pakkar frá 150.000 kr. (Listaverð 300.000 kr.) hello@martenmaker.com/ martenmaker.com.


**VÍKURVAGNAR EHF.**

**MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA**

RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



VÍKURVAGNAR EHF.

**STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI**

*Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík*
*Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is*





**Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar**

**S: 527 2600**





Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



















## NYTJAR HAFSINS

### Rannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson:

# Kannar ástand sjávar

**Rannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson hélt í árlegan vetrarleiðangur sinn til að kanna ástand sjávar við land 15. febrúar síðastliðinn. Verkefnið miðar að langtímavöktun á ástandi sjávar umhverfis landið og eru mælingar gerðar ársfjórðungslega. Gögnin sem þannig safnast eru nýtt við fjölmargar rannsóknir á ári hverju.**



**Bjarni Sæmundsson við Fornubúðir í Hafnarfirði.**
Mynd / Hafrannsóknastofnun Andreas Macrander.

Meðal annars verða gerðar mælingar á hitastigi, seltu og súrefni á fleiri en 70 stöðvum kringum landið á landgrunninu og utan þess. Sýnum til mælinga á næringarefnum og kolefniskerfi sjávar verður safnað á þrem stöðvum við Faxaflóa, Langanes og Stokksnes. Jafnframt verða gerðar mælingar með síritandi mælitækjum á siglingaleið skipsins.

Á heimsíðu Hafrannsóknastofnunar segir að leiðangurinn sé einkum mikilvægur því „á veturna sýnir sjórinn sitt rétta andlit", líkt og Svend Aage Malmberg, fyrrum haffræðingur stofnunarinnar, orðaði það. Með öðrum orðum, þetta er sá tími ársins sem lóðrétt blöndun yfirborðslaga sjávar er í hámarki og ljóstillífun þörunga og upptaka þeirra á næringarefnum og kolefni er í lágmarki. Við þær aðstæður endurspegla mælingar á eðlis- og efnafræðilegum þáttum sjávar einna best ástand og sjógerðir kringum landið.

Í Berufirði er gert ráð fyrir að leggja út neðansjávarlögn með síritandi mælitækjum fyrir strauma, hita, seltu og súrefni við botn. Þessar mælingar eru hluti af vöktun á umhverfisaðstæðum á fiskeldissvæðum.

Auk þessa verður sinnt gagnasöfnun af ýmsu tagi fyrir innlenda og erlenda samstarfsaðila Hafrannsóknastofnunar. Í því felst m.a. bæði að endurheimta og sjósetja mismunandi dufl.

Áætlað er að leiðangurinn vari í 15 daga og fylgjast má með gangi leiðangurs á skip.hafro.is. /VH

---



Til sölu Hobby UFE 560, árg. 2007, með fortjaldi og markísu. Ásett verð kr. 2.190.000. Uppl. í síma 894-7578.



Til sölu Volvo FM 12, árg. 1999, 8 hjóla, fellanleg skjólborð, hliðarsturtur. Bíll í fínu standi. Selst skoðaður. Verð kr. 1.800.000 +vsk. Uppl. í s. 663-2333.



Til sölu Scania R480 og álvagn, árg. 2008, ekinn 300.000 km. Bíll í góðu standi. Selst skoðaður. Verð kr. 4.600.000 +vsk. Uppl. í s. 663-2333.



Belmac haugsugur og keðjudreifarar. Gerið verðsamanburð! Pantið tímanlega. Vallarbraut.is – s. 454-0050.



Belmac haughræra 16.000 l dæla. Verð kr. 780.000 +vsk. Vallarbraut.is – s. 454-0050.

www.bbl.is



Gámarampar á lager. Heitgalvanhúðaðir. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 160 cm x 200 cm x 16 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

## Til sölu

Til sölu varahlutir í Farmal A mótor. Módel 1946. Nýir og notaðir. Dalvíkurbyggð. Uppl. í s. 466-1505 og 846-0919.

Timbur í fjárhúsgólf 32 x 100 mm. Lengdir 4,8/5,1/5,4 m Verð kr. 265 lm með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130. Netfang: hhaukssonehf@simnet.is

Til sölu Cherokee Laredo, árg. 2003. Gott gangverk, góð nagladekk, skoðaður til 2022. Verð 250.000 kr. Er á Suðurlandi. Uppl. í s. 892-5754.

Afrúllari til sölu. Uppl. í síma 867-3981.

Pajero árg.´00, 35" 7 manna. Atlas Copco 3 f loftpressa, 12-1400 m.l. MB 280 4matic árg.´99, ekinn 230.000 km. Uppl. í s. 774-4480 eftir kl. 19.

## Óska eftir

Kaupi vínylplötur og alls kyns tónlist og tónlistartengt efni. Geri tilboð í söfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða olisigur@gmail.com

Óska eftir vörubrettum eða euro. Ef þið viljið losna við þau, endilega hafið samband í síma 698-5554.

Óska eftir notaðri kornþreskivél. Uppl. í síma 894-9249.

Vantar 1000 ltr mjólkurtank. Stærð skiptir meira máli en aldur! Þórarinn Egill Sveinsson (toti@vaxa.life eða s. 892-3862).

Ég er 29 ára ungur herramaður sem vantar liðveislu í um 20 tíma á mánuði. Ég bý á Sólheimum í Grímsnesi. Upplýsingar veitir móðir mín í síma 846 3562.

Krókheysi óskast. Uppl. í síma 696-5799 og á gummimur@mi.is

Featherweight saumavél. Er einhver sem vill selja mér Featherweight saumavél? Edda, sími 864-3880.

## Atvinna

Merkurbúið sf. Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum óskar eftir að ráða starfsmann með vorinu. Kunnátta og reynsla á vélar er nauðsynleg. Húsnæði í boði ef þarf. Upplýsingar í síma 866-7587 / 487-5050.

Fjölskylda á Suðausturlandi óskar eftir að ráða konu til að sjá um heimilisstörf frá mánaðamótum apríl/maí til a.m.k loka ágúst. Á bænum er rekið sauðfjárbú og ferðaþjónusta. Húsnæði er á staðnum. Nánari upplýsingar í síma 893-0578, Þórey. // Family in the South-East region of Iceland is looking for a woman to take care of household chores. We run a sheep farm and a guesthouse. Housing is possible at the location. For more info call Þórey in 893-0578.

## Dýrahald

Vel verkað hey í rúllum til sölu á Norðurlandi vestra. Gott hey á góðu verði. Frekari upplýsingar gefnar í gegnum einars59@gmail.com

## Gefins

Tvær amerískar þvottavélar og einn þurrkari sem taka 9 kg hver. Fást gefins til sveitafólks. Henta fyrir vinnuföt og grófan þvott. Uppl. í síma 782-6929 á milli kl. 20 og 23 að kvöldi.

## Jarðir

Sumarhúsalóð í Bláskógabyggð við Gullna þríhyrninginn og einnig ca 6 hektara land til sölu. Skipti bíl, ath. Upplýsingar í síma 866-3114 eða sigmar48@gmail.com

Til leigu jörð á Vesturlandi. Fimm herbergja íbúðarhús 124 fm, fjárhús með vélgengum áburðarkjallara 833 fm, hlaða 183 fm. Laust 1. apríl 2021. saudfjarbu@gmail.com

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS
BYGGÐASTOFNUN
RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

# Stuðningur við mótun þróunar- og nýsköpunarverkefna

Bændasamtök Íslands í samstarfi við Byggðastofnun og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins bjóða nú félagsmönnum aukinn stuðning við mótun þróunar- og nýsköpunarverkefna og ráðgjöf vegna umsókna.

**Um er að ræða reynsluverkefni sem stendur til 1. júní 2021.**

Félagsmönnum býðst viðtal við ráðgjafa þar sem boðin er aðstoð við að móta og lýsa verkefnishugmynd í stuttu ágripi. Í framhaldinu fær viðkomandi félagsmaður upplýsingar um með hvaða hætti væri unnt að fá áframhaldandi stuðning við útfærslu og framkvæmd verkefnisins. Miðað er við að hver félagsmaður fái tvær vinnustundir án endurgjalds vegna þessa.

Horft verði til verkefna sem verða sem mest í höndum bænda og tengjast rekstri og afurðum viðkomandi með beinum hætti. Ekki verður að þessu sinni horft til verkefna sem ætluð eru til hagnýtingar fyrir búgreinar eða landsvæði í heild, né fræðilegra rannsókna. Ráðgjafar Bændasamtaka Íslands eru bundnir trúnaði um þau verkefni sem félagsmenn vinna að undir merkjum verkefnisins.

**Vert er að hvetja áhugasama að hafa samband og panta viðtal við ráðgjafa í síma 563 0300 eða senda tölvupóst á netfangið kma@bondi.is**

**Bændablaðið** *Smáauglýsingar 56-30-300*
***Næsta blað kemur út 11. mars***

## LIÐLÉTTINGAR GETA SKAPAÐ HÆTTU

**Liðléttingar hafa náð mikilli útbreiðslu meðal bænda undanfarin ár.**

Tækin eru þægileg til notkunar en geta skapað hættu. Liðléttingar eru oft á tíðum notaðir í miklum þrengslum, við gjafir, þrif og ýmis smáverkefni. Sérstakrar aðgæslu er þörf þar sem börn eru í útihúsum, þrengsli og fátt um undankomuleiðir.

*Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á* **bondi.is**




Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

KAFFIVAGNINN
st. 1935

Kaffivagninn óskar eftir fólki í hlutastörf/aukavinnu á morgnana , hádeginu og um helgar.

Íslenskukunnátta og lipurð er skilyrði.

Áhugasamir hafið samband í gegnum netfangið kaffivagninnehf@gmail.com eða í síma 824-5066.

Varmadæluskjól
Vönduð - evrópsk framleiðsla
Tilboð
á meðan birgðir endast
kr. 27.990
Verð áður kr. 39.986



Kristján G. Gíslason EHF
-heildverslun síðan 1941
Varmadælubúðin
Allar frekari upplýsingar: www.kgg.is
www.kgg.is - 55-20000 - kgg@kgg.is

RÉTTUR
• Bílaréttingar
• Sprautun
• Tjónaviðgerðir
Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Lely Center Ísland
RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ



John Deere, Zetor, Case IH, McCormick, Steyr, Claas, Ford, Fiat, New Holland, Deutz-Fahr, Massey Ferguson

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ÁSCO
BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í 12V*, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi *í bíla. Gleröryggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett *fyrir bassakeulur.* Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. *Díóur. Raffgeymaskór.* Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur *fyrir alternatora.* Kúplingstrissur. Startarakol. Legur í alternatora. *Kol í alternarora.* Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.

ÁSCO
Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is
BÍLARAFMAGN

Hýsi-Merkúr verður

# RÚKO Vinnuvélar

## Nú lyfta bændur sér upp

Við fögnum nýju nafni og hlökkum til bjartari tíma og aukinnar uppbyggingar innanlands. Rúko hf. býður upp á allt sem þarf í stóru verkin til sölu eða til leigu. Allt frá smávélum og steypudælum til rafstöðva og loftpressa.



LIEBHERR YANMAR

Liebherr vinnuvélar og byggingarkranar
Yanmar smávélar
Tæki og búnaður í stóru verkin

**Skoðaðu úrvalið á ruko.is**

Rúko hf. | Lambhagavegi 6 | 113 Reykjavík | 534 6050 | ruko@ruko.is | ruko.is